# FRÉTTABLAÐIÐ

61. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 12. MARS 2016




## Lifði einn af brunann

**Anton Líni Hreiðarsson** missti föður sinn, móður og litla bróður í eldsvoða á Þingeyri fyrir fjórtán árum. Amma hans bjargaði honum út úr brennandi húsinu á ótrúlegan hátt. Anton notar tónlistina til að vinna úr sárum minningum. →28

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



### Magnús blandar sér í formannsslag →36



### Raunveruleikaflótti á HönnunarMars →70




### Engar konur í sérsveitinni →34

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


GJAFAKORT ER
GÓÐ HUGMYND

Gefðu fermingarbarninu það sem er efst á óskalistanum.



Opið til 18

SMÁRALIND



## Veður




Gengur í suðvestan storm eða rok með éljagangi í dag, jafnvel ofsaveðri á annesjum norðvestan til. Hiti nálægt frostmarki. SJÁ SÍÐU 56



**Hugað að niðurföllum.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Asahláka um helgina

**VEÐUR** Búast má við asahláku á morgun þegar kröpp lægð gengur til norðurs rétt vestan við landið með miklum hlýindum. Veðurstofan ráðleggur fólki að fylgjast með niðurföllum og gera viðeigandi ráðstafanir.

Önnur lægð er væntanlega nú þegar byrjuð að angra landsmenn með leiðindaveðri, suðaustan roki og rigningu.

Að sögn veðurfræðings á Veðurstofu Íslands fylgja fyrri lægðinni þó ekki jafn mikil hlýindi og þeirri seinni, og á milli þeirra kólnar nokkuð á landinu þegar áttin snýst til suðvesturs upp úr hádegi í dag með slydduéljum og síðar éljum. – **gb**

# ABBA æðið hafið



Leikararnir Unnur Ösp Stefánsdóttir, Helgi Björnsson og Jóhanna Vigdís Arnardóttir léku á als oddi baksviðs rétt fyrir frumsýningu á söngleiknum Mamma Mia! í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Múslimi leiðtogi kristilegs flokks

**SVÍÞJÓÐ** Muhammed Tahsin, sem kjörinn var leiðtogi Kristilega demókrataflokksins í Eskilstuna í Svíþjóð á laugardaginn fyrir viku, er múslimi.

Í kjölfar frétta af kjöri Muhammeds Tahsin hefur hann sætt ofsóknum á samfélagsmiðlum. Sumir kváðust óttast að múslimar tækju stjórn bæjarins í sínar hendur. Flokksfélagar formannsins hafa hins vegar lýst yfir stuðningi við hann og einnig ýmsir einstaklingar.

Sjálfur bendir Tahsin á að trú flokksfélaganna skipti ekki máli, heldur stefna þeirra. Í viðtali við Eskilstuna Kuriren kveðst hann undrandi á vanþekkingu fólks. „Það tekur orðinu lýðræði sem gefnu og telja sig geta niðurlægt og sært aðra eins og því sýnist,“ segir Tahsin við Eskilstuna Kuriren. – **ibs**

# Ólafur Jóhann skoðar framboð

**KOSNINGAR** Aukinn þrýstingur er á Ólaf Jóhann Ólafsson, rithöfund og aðstoðarforstjóra Time Warner, að gefa kost á sér í forsetaframboð.

Fjölmargir hafa sent Ólafi hvatningu beint, eftir traustum heimildum fréttastofu. Ólafur hefur svarað með þeim orðum að hann meti hvatninguna mikils og muni hugleiða málið.

Hvatning kemur ekki síst frá fólki sem vill ekki að næsti forseti verði pólitískur og fólki sem telur að hann geti endurvirkjað embættið sem sameiningartákn þjóðarinnar. – **kbg**



**Ólafur Jóhann hugsar málið.**






# Jómfrúin og Snaps vilja vera undir einum hatti

**Snaps og Jómfrúin bíða samþykkis Samkeppniseftirlitsins og hyggja á samstarf. Félögin sameinast en veitingastaðirnir verða reknir hvor í sínu lagi. Stofnendur Snaps halda áfram um tauma þar og sömuleiðis annar eigandi Jómfrúarinnar.**

**REYKJAVÍK** Snaps við Óðinstorg og Jómfrúin í Reykjavík hyggja á samstarf en bíða samþykkis Samkeppniseftirlitsins.

„Þetta er í bígerð, við höfum verið að stinga saman nefjum og bíðum endanlegrar niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins,“ segir Sigurgísli Bjarnason, annar stofnenda Snaps. Snaps var opnaður árið 2012 af þeim Sigurgísla og Stefáni Melsted. Jómfrúin fagnar 20 ára afmæli í ár og eigendur staðarins eru Jakob Einar Jakobsson og Birgir Bieltvedt.

Sigurgísli segir standa til að félögin að baki stöðunum verði áfram rekin hvort í sínu lagi en sameinist undir einum hatti þar sem leiðandi fjárfestir er eignarhaldsfélagið Eyja fjárfestingafélag ehf. Það félag er í eigu Birgis og Eyglóar Kjartansdóttur. Breytingarnar muni ekki hafa áhrif á starfsfólk eða matargerð nema að því leyti að rekstur beggja staða verði efldur.

„Félögin sameinast undir einum hatti en staðirnir verða reknir sér, við viljum halda í sérkenni þeirra en efla þá báða. Það verða engar breytingar í matargerðinni, við eigum svipaðan kúnnahóp og búum einnig líka sýn á matargerð. Jakob er öllu vanur í Jómfrúnni og hefur verið þar í mörg ár,“ segir Sigurgísli.

Að sögn Sigurgísla verða þeir Stefán áfram á Snaps og nýta krafta sína og sérþekkingu. Byggja eigi báða staði enn frekar upp.

„Hvernig það verður gert verður að koma í ljós á næstu vikum en nú er til dæmis opið á Jómfrúnni á kvöldin, fimmtudags-, föstudags- og laugardagskvöld,“ segir Sigurgísli.

Stefán segir þau gildi sem hann hefur haft að leiðarljósi í matargerð enn höfð í heiðri. „Við höfum alltaf verið með einfaldan mat á matseðlinum en lagt allt í gæðin. Við gerum matinn frá grunni og styttum okkur ekki leið í matargerðinni. Við höldum því áfram.“

Snaps rekur einnig elstu smurbrauðsþjónustu landsins, Brauðbæ, sem hefur verið starfandi síðan árið 1965. „Við sjáum tækifæri í því að efla veisluþjónustuna, segir Stefán.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**




**Veitingamennirnir Stefán Melsted og Sigurgísli Bjarnason kampakátir á Snaps við Óðinstorg.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Það verða engar breytingar í matargerðinni, við eigum svipaðan kúnnahóp og höfum einnig líka sýn á matargerð.**
>
> Sigurgísli Bjarnason, annar stofnenda Snaps



KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
PIPAR\TBWA • SÍA

**TÖLUR VIKUNNAR** 06.03.2016 TIL 12.03.2016

**4.000** kílómetra af loftlínum ætlar **RARIK** að leggja í jörð á næstu 20 árum.

**302** einstaklingar leituðu til **Stígamóta** í fyrsta sinn árið 2015.

**40.000** **ferkílómetra** hálendisþjóðgarður er krafa náttúruverndarfólks og ferðaþjónustunnar.

**70%** af fasteignamarkaði er stjórnað af stærstu fasteignafélögum landsins.

**15 dómarar** munu eiga sæti við nýtt millidómstig – Landsrétt.

**181.000** farþega flutti Icelandair í febrúar sem var **26%** fjölgun frá fyrra ári.

**194** létust eða slösuðust alvarlega í umferðinni **árið 2015.**

## Þrjú í fréttum
### Bið, höfuðsafn og popúlismi

**Snædís Rán Hjartardóttir**
*háskólanemi sem er með sjaldgæfan taugahrörnunarsjúkdóm*



sagði mennta-málaráðuneytið hafa sniðgengið Félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Hún kvaðst enn bíða eftir breytingum eftir að hún vann mál sitt gegn ríkinu. Henni hafði verið synjað um endurgjaldslausa túlkaþjónustu.

**Hilmar J. Malmquist**
*forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands*



sagði stöðu Náttúruminjasafnsins stórundarlega nú þegar einkaaðilar setja á fót náttúrusýningu í Perlunni. Þeir væru að fara að rækja lögbundnar skyldur höfuðsafns þjóðarinnar sem væri húsnæðislaust og fjársvelt.

**Unnur Brá Konráðsdóttir**
*þingmaður Sjálfstæðisflokksins*



sagði popúlisma vera aðalvandamál stjórnmálanna. Stjórnmálamenn gerðu allt til að fanga athygli sjónvarpsmyndavéla. Þeir vildu breyta samfélaginu til hins betra en stundum tæki púkinn stjórnina af þingmönnum. Hún sagði jafnframt erfitt að eiga góða vini í pólitík. Í prófkjöri væru menn að slást við félagana.

# Von á betri tækjum og ætla að aðvara ferðamenn við Gullfoss

**Til stendur að vara ferðamenn betur við hættu sem skapast við Gullfoss þegar svell liggur yfir svæðinu. Rætt hefur verið um úrbætur um árabil. Umhverfisstofnun ber ábyrgð og segir að hálkuvarnir verði bættar.**

**FERÐAMÁL** Umhverfisstofnun hefur umsjón með reglubundnu viðhaldi á svæðinu við Gullfoss. Nú liggja svellbunkar yfir jörð á svæðinu við fossinn og ferðamenn eiga bágt með að fóta sig. Kvartað hefur verið undan því að hálkuvörnum, söltun og söndun hafi ekki verið sinnt sem skyldi.

Þá hafa ferðamenn virt lokanir að stíg að vettugi en lögregluborða hefur verið komið fyrir til að hindra aðgang að stígnum sem liggur lokaspottann að fossinum.

Ólafur A. Jónsson, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir til standa að setja upp skilti sem vari ferðamenn við og hvetji þá til að vera á mannbroddum.

„Það er í verkahring Umhverfisstofnunar að sjá um viðhald á göngustígum. Almennt séð er það þó þannig að ferðamenn sem koma til Íslands bera ábyrgð á eigin öryggi, rétt eins og ferðamenn sem fara til útlanda,“ segir hann.

Að sögn Ólafs þurfa ferðamenn að kynna sér aðstæður á hverjum stað.

„Við höfum verið að sanda helstu gönguleiðir á svæðinu en stundum skapast veðurskilyrði þar sem erfitt að halda uppi hálkuvörnum. Við erum að fara að setja upp skilti von bráðar. Á þeim verður varað við hálku og gestir beðnir um að vera á mannbroddum.“

Svæðinu er aldrei lokað þrátt fyrir vond veðurskilyrði.

„Nei, það hefur ekki verið lokað og það er ekki í okkar verkahring að loka svæðinu. Það væri verk lögreglunnar eða Almannavarna. En þegar kemur að því að loka aðgangi að ótryggum stíg, þá er það í okkar verkahring. Við ætlum að loka betur af ótryggt svæði með hliði þannig að ferðamenn eigi erfiðara með að virða lokanir að vettugi og merkja það betur,“ segir Ólafur.

Þá er einnig von á betri tækjabúnaði. „Við eigum von á öflugum snjóhreinsi og sanddreifara síðar í mánuðinum. Það er bara einn starfsmaður sem sinnir þessu en við viljum bæta þjónustuna og upplýsa ferðamenn betur.“

Ólafur segir aukinn fjölda ferðamanna um vetur koma öllum á óvart. Unnið hafi verið að því að fjölga ferðamönnum til landsins yfir vetrartímann en hann telji að það hafi enginn búist við að fjölgunin yrði svo mikil svo fljótt.

„Við erum að reyna eins og við getum að bregðast við þessu. Mér skilst að Íslandsstofa muni standa að átaki í þessum efnum og fræða ferðamenn betur um þær aðstæður sem ríkja hér. Það liggur líka fyrir að það þurfi að stórefla heilsárs landvörslu á svæðinu,“ segir Ólafur A. Jónsson. **kristjanabjorg@frettabladid.is**



Ferðamenn áttu afar erfitt með að fóta sig á svellinu við Gullfoss þegar ljósmyndara bar að á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Við erum að fara að setja upp skilti von bráðar. Á þeim verður varað við hálku og gestir beðnir um að vera á mannbroddum.**
>
> Ólafur A. Jónsson hjá Umhverfisstofnun



**Lögregluborðar og skilti vara ferðamenn við ótryggum stíg sem liggur lokaspottann að fossinum. Til stendur að loka svæðið betur af með hliði.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






# Spítalastjóri gagnrýnir forsætisráðherra

**HEILBRIGÐISMÁL** Bílaskýli Landspítalans var breytt í bráðadeild í gær. Þar verða sjúkrarúm fyrir sex sjúklinga til að bregðast við miklu álagi á bráðamóttökunni.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, sagði í viðtali við Stöð 2 í gærkvöldi að öryggisógn hefði skapast á spítalanum vegna mikils fjölda sjúklinga.

„Við vorum með 28 sjúklinga á gangi á miðvikudagskvöldi og 35 í rúmum sem komust ekki inn á yfirfullan spítala. Þetta er öryggisógn.“

Á sama degi og sjúkrarúmum var komið fyrir í bílageymslunni birti Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hugmyndir sínar um að reisa nýjan Landspítala í Garðabæ frekar en við Hringbraut.

Páll segir málflutning forsætisráðherra valda vonbrigðum. Öryggi sjúklinga sé ógnað í gömlum húsakosti.

„Allt það sem truflar að nýjar byggingar rísi sem fyrst er stórhættulegt. Það voru mér vonbrigði að heyra í forsætisráðherra og bæjarstjóra Garðabæjar. Ekki hafa þessir menn kynnt sér málin hjá okkur,“ sagði Páll í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, segir staðarval fyrir sjúkrahús engin áhrif hafa á umræðuna um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar.

„Það er vel hægt að hafa flugvöllinn áfram á þessum stað þótt spítalinn verði annars staðar,“ segir Guðfinna. „Þetta snýst ekkert um það að flugvöllurinn þurfi að vera við hliðina á sjúkrahúsinu heldur þarf hann að vera nálægt sjúkrahúsinu.“ **– kbg / gb**



**Bílskýli Landspítalans var í gær breytt í bráðamóttöku.** FRÉTTABLAÐIÐ/UNA

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ

# AFMÆLIS HÁTÍÐ

60 ÁRA 1956 - 2016

## Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli



## Afmælisdagskrá í öllum verslunum Húsasmiðjunnar

**Laugardaginn 12. mars**

### Fjölskylduskemmtun

**í Skútuvogi laugardag**

- **Afmæliskaka** kaffi og Svali kl. 12-15 meðan birgðir endast.
- **Friðrik Dór** tekur lagið kl. 14.
- **Latibær** skemmtir kl. 15.
- **Kanínuklapp** börnin fá að klappa kanínum í gæludýra-deild Blómavals kl. 12-16.
- **Allir krakkar fá afmælisblöðru** meðan birgðir endast.
- **Túlípana og vorblóma-sýning í Blómavali**

20% afsláttur í nýrri gæludýra-deild í Blómavali og margt fleira skemmtilegt.

### Afmælishátíð um land allt

Bjóðum upp á afmælisköku í öllum verslunum Húsasmiðjunnar, laugardag kl. 12-14 á meðan birgðir endast.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



**LATIBÆR SKEMMTIR**
Kl. 15:00



**FRIÐRIK DÓR**
Kl. 14:00



**AFMÆLIS-KAKA**
Kl. 12:00-14:00



Túlípanar 10 stk
**999kr**
~~1.490~~

Skoðaðu ótrúleg afmælistilboð í Húsasmiðjublaðinu www.husa.is






35% afsláttur
Gasgrill
Solo
3000393
**25.900kr**
~~39.900~~



25% afsláttur
Brauðrist Russell Hobbs
1840122
**9.540kr**
~~12.722~~



30% afsláttur
**6.990kr**
~~9.999~~
Panna Beka 28 cm
2006518



40% afsláttur
Borðhandlaug
7920161
**11.337kr**
~~18.895~~



50% afsláttur
Sturtutæki
7900032
**8.898kr**
~~17.795~~




40% afsláttur
Bahco handsög
5001638
**999kr**
~~1.658~~



61% afsláttur
Plastbox
29 ltr
2005424
**999kr**
~~2.599~~

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is

15% afsláttur af öllu Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmíi
Allar bragðtegundir og allar stærðir
Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint




Gildir til 31. mars 2016
FARMASIA
Suðurveri - 105 Reykjavík
S. 511 0200

Utanríkisráðuneytið
Lögfræðingafélag Íslands
EFTA COURT
Hver eru áhrif EFTA-dómstólsins á þróun EES-samstarfsins?
14. mars kl. 12:00-13:30



Carl Baudenbacher forseti EFTA-dómstólsins ræðir áhrif dómstólsins á umræðufundi í Safnahúsinu, Hverfisgötu 15 mánudaginn 14. mars 2016 kl. 12-13:30

EES-samningurinn er einn áhrifamesti alþjóðasamningurinn sem Ísland á aðild að. Enginn samningur hefur haft jafnmikil áhrif á íslenskt samfélag og á þróun íslensks réttar. Þar hefur EFTA-dómstóllinn gegnt lykilhlutverki og lagt drjúgt af mörkum við túlkun þeirra reglna sem sprottnar eru af EES-rétti.

EFTA-dómstóllinn hefur allt frá upphafi þurft að fást við þung og erfið mál. Oft hafa þau varðað grundvallarspurningar sem ekki hefur áður verið tekin afstaða til eða varðað hagsmuni sem hafa haft mikla efnahagslega og pólitíska þýðingu, sbr. Icesave. Mörg áhugaverðustu málin sem dómstóllinn hefur fengið til meðferðar hafa komið í formi beiðna um ráðgefandi álit frá íslenskum dómstólum.

Carl Baudenbacher hefur verið óþreytandi við að halda merki EFTA-dómstólsins á lofti allt frá því að hann var valinn til forystu fyrir dómstólinn árið 2003. Á fundinum ræðir hann þær áskoranir sem EES-samningurinn felur í sér, áhrif dómstólsins á þróun EES-samstarfsins og veltir fyrir sér hvað framtíðin kunni að bera í skauti sér.



Fundarstjóri er Skúli Magnússon héraðsdómari og formaður Dómarafélags Íslands.

Málþingið er opið öllum og aðgangur er ókeypis
Skráning þátttöku á www.logfraedingafelag.is

Utanríkisráðuneytið
Lögfræðingafélag Íslands

# Bankaslitum fagnað



Anne Osborn Krueger, fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og Lee Buchheit, sem stýrði samninganefnd Íslands í Icesave-deilunni og síðar losun gjaldeyrishafta, voru meðal gesta forsætisráðherra í kvöldverði í gær til að fagna því að slitum gömlu bankanna er lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Markaðir komnir í ró

**Síðustu mánuði hafa hlutabréfavísitölur í Evrópu og Bandaríkjunum hækkað um rúmlega tíu prósent og markaðir í Asíu tekið við sér eftir miklar lægðir.**

**VIÐSKIPTI** Þær miklu sveiflur sem einkenndu hlutabréfamarkaði heimsins fyrstu tvo mánuði ársins hafa staðnað í bili. Alþjóðamarkaðir hafa tekið við sér frá því að þeir náðu lægstu lægðum fyrir mánuði.

Frá 11. febrúar hefur FTSE 100 vísitalan í London hækkað um tæp ellefu prósent, úr 5.536,97 stigum í 6.135,42 stig (um eftirmiðdaginn á föstudag). Vísitalan er nú hærri en í byrjun árs. Dax vísitalan í Þýskalandi hefur hækkað um tæplega 12 prósent úr 8.752,87 stigum í 9.799,48 stig, en hefur ekki náð sömu hæð og í byrjun árs.

Á sama tímabili hafa markaðir í Asíu rétt úr sér á ný, en eiga langt í land með að ná sama gengi og í byrjun árs. Shanghai hlutabréfavísitalan hefur hækkað um 2,3 prósent og Nikkei 225 í Japan um 13,3 prósent.

Bandaríski hlutabréfamarkaðurinn náði lægð þann 11. febrúar og hafði þá ekki verið lægri í tvö ár. Dow Jones hefur síðan þá hækkað um tíu prósent.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að markaðurinn sé farinn að róast. Olíuverð hefur hækkað á ný, þó að það sé enn þá mjög lágt. Jafnframt hefur Alþjóðaorkumálastofnunin lýst því yfir að ýmislegt bendi til þess að olíuverð hafi náð ákveðinni lægð og komi til með að hækka á ný á árinu. Annar áhrifaþáttur er að ekkert virðist benda til þess að úr verði úr spáðu gengisstríði í Kína.



Dow Jones vísitalan hefur hækkað um tíu prósent frá lægstu lægðum 11. febrúar.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**» Ákvarðanir seðlabanka Bandaríkjanna, Japans og Evrópusambandsins í næstu viku gætu haft verulega áhrif á markaðinn.**

Búist er við einungis tveimur stýrivaxtahækkunum í Bandaríkjunum í stað fjögurra sem hefur einnig róað markaði.

Ákvörðun Evrópubankans um að lækka stýrivexti á fimmtudaginn í núll prósent og auka við skuldabréfakaup bankans um 20 milljarða evra í mánuði hefur hingað til einungis haft jákvæð áhrif á markaði. Dax hækkaði um rúmlega þrjú prósent í kjölfarið og FTSE 100 um tæplega tvö prósent.

Óvíst er þó um framhaldið á hlutabréfamörkuðum. Ákvarðanir seðlabanka Bandaríkjanna, Japans og Evrópusambandsins á fundum sínum í næstu viku gætu haft verulega áhrif á markaðinn. saeunn@frettabladid.is

# Danskir dagar



**Hakkabuff 998 kr/pk**
**Grísalundir 1.609 kr/kg**
verð áður 2.299
**Grísahryggur purusteik 1.234 kr/kg**
verð áður 1.899

**Grísahnakkasneiðar**
**1.349 kr/kg**
verð áður 1.799

direkte fra **Danmark**




**Jolly Cola**
Ekta danskur kóladrykkur.

Nýtt í Hagkaup — direkte fra **Danmark**




**Sun Lolly**
Blackcurrant og Brain Bites.

direkte fra **Danmark** — Nýtt í Hagkaup




**OK snakk**
Bacon Crisp og Pork Snacks.

Nýtt í Hagkaup — direkte fra **Danmark**




**Franskar vöfflur**
Vanillu, súkkulaði og heslihnetu.

Nýtt í Hagkaup — direkte fra **Danmark**



**Ricos toppar**
Mjúkur biti.

direkte fra **Danmark**




**Pingvin Heksehyl**
Fylltur lakkrís.

**Anton Berg leikur**
Viltu vinna fulla ferðatösku af súkkulaði og konfekti?





Til þess að taka þátt þarft þú að kaupa vöru frá Anton Berg, taka mynd af strimlinum og senda myndina ásamt upplýsingum um þátttakanda á netfangið danskir-dagar@innnes.is.

Gildir til 13. mars á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup **OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

öflugt stéttarfélag • fit.is • aukin réttindi

AÐALFUNDUR
Félags iðn- og tæknigreina 2016

verður haldinn í Borgartúni 30, 6. hæð laugardaginn 19. mars kl. 11.00

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Kjöri stjórnar lýst.
5. Kosning trúnaðarráðs, kjörstjórnar, skoðunarmanna reikninga og uppstillinganefndar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Tillaga um fulltrúa á þing Samiðnar 2016.
8. Tillaga um fulltrúa á þing ASÍ 2016.
9. Tillögur um fulltrúa á ársfundi lífeyrissjóða sem FIT er aðili að.
10. Önnur mál.

Hádegismatur í boði félagsins.

Stjórnin

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA


# Átta tilkynningar um alvarlegar aukaverkanir

Árið 2015 bárust Lyfjastofnun 105 aukaverkanatilkynningar, átta þeirra töldust alvarlegar. Tilkynningar um alvarlegar aukaverkanir eru færri á Íslandi en í Danmörku og Svíþjóð. Lyfjastofnun vill vakningu um mikilvægi slíkra tilkynninga.

**HEILBRIGÐISMÁL** Söfnun og rannsókn á tilkynningum um aukaverkanir er forsenda fyrir bættu lyfjaöryggi sjúklinga. Hlutfallslega fáar tilkynningar um alvarlegar aukaverkanir berast frá heilbrigðisstarfsfólki hér á landi miðað við Danmörku og Svíþjóð. Lyfjastofnun tekur við aukaverkanatilkynningum frá heilbrigðisstarfsmönnum og almenningi.

Guðrún Kristín Steingrímsdóttir, sérfræðingur hjá Lyfjastofnun, segir tilkynningum um aukaverkanir færðar inn í evrópskan gagnagrunn þar sem þær eru nýttar af sérfræðingum á vegum lyfjastofnana einstakra Evrópulanda og Lyfjastofnunar Evrópu.

„Þessir gagnagrunnar eru vaktaðir af lyfjayfirvöldum og ef eitthvað óviðbúið virðist geta verið að koma fram varðandi verkun eða aukaverkanir lyfs, setja þau af stað ákveðið ferli þar sem þetta er skoðað ofan í kjölinn,“ segir Guðrún.

Árið 2015 bárust Lyfjastofnun 105 aukaverkanatilkynningar, átta þeirra vörðuðu alvarlegar aukaverkanir. Árið 2014 var borinn saman fjöldi aukaverkanatilkynninga á hverja 100.000 íbúa á nokkrum Norðurlandanna. Þar kemur meðal annars fram að það árið var heildarfjöldi tilkynninga á Íslandi sambærilegur við fjölda tilkynninga í Danmörku og Svíþjóð. Hins vegar eru tilkynningar um alvarlegar aukaverkanir mun færri hér á landi.

„Heilbrigðisstarfsfólki á Íslandi ber, enn sem komið er, ekki lagaleg skylda til að tilkynna um aukaverkanir,“ bendir Guðrún á.

Að sögn Guðrúnar fékk ráðherra,



Aukaverkun er alvarleg ef hún leiðir til dauða, lífshættu, fötlunar, fæðingargalla og til sjúkrahúsvistar eða lengri sjúkrahúsvistar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Heilbrigðisstarfsfólki á Íslandi ber, enn sem komið er, ekki lagaleg skylda til að tilkynna um aukaverkanir.**
>
> Guðrún Kristín Steingrímsdóttir, sérfræðingur hjá Lyfjastofnun

í nýlegum breytingum á lyfjalögum, svigrúm til að kveða á um skyldur heilbrigðisstarfsmanna til að tilkynna Lyfjastofnun um aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfi.

„Vitað er að það er þörf á því að auka vakningu um mikilvægi þess að tilkynna um aukaverkanir og vinnur stofnunin að því jöfnum höndum,“ segir Guðrún.

Þótt mikilvægt sé að afla sem mestrar þekkingar um aukaverkanir og að þær geti oft verið slæmar, jafnvel lífshættulegar, sé rétt að undirstrika að það verði að fara varlega í það að leggja mat á áhættu lyfja og ætíð þurfi að gera það með viðbúinn ávinning meðferðar í huga.

Háð því hvaða sjúkdóm barist er við getur að sögn Guðrúnar verið mun verra eða hættulegra að hætta meðferð eða þiggja hana ekki, vegna hræðslu við aukaverkanir.

„Eins mikilvægt og það er að fræða bæði heilbrigðisstarfsfólk og sjúklinga um áhættu jafnt sem ávinning lyfja verður að standa faglega að miðlun upplýsinga og sýna aðgát. Markmiðið verður að vera bætt heilsa og öryggi sjúklinga.“

**kristjanabjorg@frettabladid.is**




TENGI

LAUS STÖRF Í TENGI
Tengi leitar af öflugum starfsmönnum í flotta liðsheild

SÖLUMAÐUR Í VERSLUN OKKAR KÓPAVOGI:
**Menntun og reynsla:** Hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og áhugi að gera vel í starfi. Reynsla af sambærilegu starfi er kostur, mikilvægt er að viðkomandi hafi náð 23 ára aldri. Um framtíðarstarf er að ræða.

SÖLUMAÐUR Í LAGNADEILD KÓPAVOGI:
Um er að ræða sölu til fagaðila. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á pípulögnum, vera stundvís og áreiðanlegur. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi einhverja þekkingu á pípulagnaefni – mikilvægt er að viðkomandi hafi náð 23 ára aldri. Sveinspróf í pípulögnum er kostur. Um framtíðarstarf er að ræða.

SUMARSTÖRF:
Leitum af öflugum einstakling á lagerinn hjá okkur í sumar. Viðkomandi þarf helst að vera orðinn amk 18 ára, vera stundvís og duglegur.

Upplýsingar gefur starfsmannastjóri Tengis – Árni Birgisson
Umsóknir sendist á atvinna@tengi.is merkt viðkomandi starfi.
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Tengis www.tengi.is

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050




Að meðaltali ljúka nemendur meistaranámi í HR á 2,2 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Meðalnámstími mjög fjölbreyttur milli skóla

**MENNTAMÁL** Meðalnámstími nemenda við þrjá stærstu háskóla landsins, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri, var mjög fjölbreyttur meðal nemenda sem útskrifuðust árið 2015. Að meðaltali voru nemendur við HR fljótastir að ljúka bæði bakkalár- og meistaranámi.

Margt spilar þó inn í, meðal annars eru eldri nemendur við Háskóla Íslands lengur að ljúka gráðum sem lengir meðalnámstíma og þá eru nemendur við Háskólann á Akureyri, þar sem meðalnámstími er lengstur, margir í fjarnámi eða að vinna með námi.

Að meðaltali luku nemendur sem brautskráðust frá Háskólanum í Reykjavík árið 2015 bakkalárnámi á 6,7 önnum eða 3,4 árum árið 2015 og meistaranámi á 4,4 önnum eða 2,2 árum. Út úr þessum gögnum er hins vegar búið að taka alla sem fengu einingar metnar inn í námið, svo og alla sem stunduðu nám á styttri námsbrautum.

Meðaltími til útskriftar nemenda til bakkalárgráðu við Háskóla Íslands árið 2015 var 4,2 ár. Þess ber að geta að í sumum tilvikum, eins og í hjúkrunarfræði, er nám til bakkalárgráðu fjögur ár. Meðaltími til útskriftar nemenda á meistarastigi var 3,6 ár.

Hafa ber í huga að meðaltími til útskriftar er mjög breytilegur eftir aldri nemenda. Yngri nemendur stunda að jafnaði fullt nám. Eldri nemendur eru aftur á móti oftar í hlutanámi og því er námstími þeirra til útskriftar lengri. Þannig er meðalnámstími til bakkalárprófs 29 ára og yngri 3,8 ár og sami aldurshópur er 2,3 ár að jafnaði að ljúka meistaraprófi. Meðaltími til útskriftar hækkar svo eftir því sem útskriftarnemendur eru eldri.

Samkvæmt upplýsingum frá Háskólanum á Akureyri frá árinu 2015 nam meðalnámstími 9,4 misserum í bakkalárnámi til þriggja ára, eða 4,7 árum. Meðalnámstími nemenda á meistarastigi er 4,7 misseri eða 2,35 ár. Þess ber að geta að við Háskólann á Akureyri eru margar námsleiðir í fjarnámi og nemendum boðið að taka námið með vinnu, því er gert ráð fyrir að nemar taki sér lengri tíma í námið heldur en ef þeir væru að sinna náminu eingöngu.

**saeunn@frettabladid.is**

1916 ASÍ 2016

# 100 ÁRA

Tónleikaveisla og hátíðarhöld 12. mars

## Velkomin á opið hús í Hörpu í dag

Kl. 14 **Afmæliskaka, kaffi og djús**
Kl. 15 **Úlfur Úlfur og Páll Óskar** (Norðurljós)
Kl. 15 & 16 **Hundur í óskilum** (Kaldalón)
Kl. 17 **Lúðrasveit verkalýðsins** (Kaldalón)

**Akureyri**: Tónleikar í Hofi kl. 20.00

**AGENT FRESCO**
**EMMSJÉ GAUTI**
**YLJA • HVANNDALSBRÆÐUR**

UPPSELT

**Ísafjörður**: Tónleikar í Edinborgarhúsi kl. 20.00

**MUGISON**
**LÁRA RÚNARS**

UPPSELT

**Neskaupstaður**: Tónleikar í Egilsbúð kl. 20.00

**ÚLFUR ÚLFUR**
**LAY LOW**
**BJARTMAR**

UPPSELT

Tónleikar í Eldborg kl. 20.00

**RETRO STEFSON**
**MANNAKORN**
**VALDIMAR • MAMMÚT**
**HUNDUR Í ÓSKILUM**
**LÚÐRASVEIT VERKALÝÐSINS**

UPPSELT

**Aðgangur ókeypis**

# Heilaskurðlæknirinn Carson styður Trump sem forsetaefni

**BANDARÍKIN** Heilaskurðlæknirinn Ben Carson, sem nýlega hætti við að sækjast eftir að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins, hefur nú lýst yfir stuðningi við Donald Trump.

„Donald Trump talar mikið um að gera Bandaríkin mikilfengleg,“ sagði Carson þegar hann skýrði frá þessu í gær. „Þetta var ekki bara tal, hann meinar þetta.“

Ríkisstjórinn Chris Christie hefur einnig lýst yfir stuðningi við Trump, og slíkt hið sama gerði Sarah Palin, sem sóttist eftir að verða forsetaefni flokksins árið 2008.

Trump hefur mikla yfirburði gagnvart mótherjum sínum þremur, sem enn vonast til þess að verða forsetaefni flokksins.

Forkosningatímabilið er ekki hálfnað, en Trump hefur tryggt sér stuðning 458 fulltrúa á landsþingi Repúblikanaflokksins í júlí. Hann þarf 1.237 atkvæði til að tryggja sér sigur.

Ted Cruz er kominn með 359 fulltrúa, Marco Rubio 151 og John Kasich 54.

Á þriðjudaginn kemur, sem nefndur er „litli ofurþriðjudagurinn“, verða forkosningar haldnar í nokkrum mikilvægum ríkjum: Flórída, Illinois, Missouri, Norður-Karólínu og Ohio. **– gb**



**Ben Carson á blaðamannafundi með Donald Trump í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

# Engum duldist hvað á gekk í Auschwitz

Réttarhöldin yfir Reinhold Hanning, 94 ára fyrrverandi fangaverði í Auschwitz, snúast meðal annars um það hvort hann hafi gert sér grein fyrir því sem átti sér stað. Annar háaldraður fyrrverandi fangavörður var kallaður til vitnis í gær og sagðist hafa góða samvisku.

**ÞÝSKALAND** „Þegar maður er þarna í tvö ár, þá áttar maður sig alveg á því hvað er í gangi,“ sagði Jakob Wendel, 92 ára gamall fyrrverandi fangavörður í Auschwitz við réttarhöld yfir félaga sínum, hinum 94 ára gamla Reinhold Hanning.

Báðir voru þeir kornungir félagar í hinum alræmdu SS-sveitum þýskra nasista.

Réttarhöldin hófust í síðasta mánuði í borginni Detmold, og almennt er talið að þetta séu líklega síðustu réttarhöldin yfir þýskum nasista vegna glæpa frá tímum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Hanning er sakaður um að hafa átt hlutdeild í að myrða að minnsta kosti 170 þúsund manns. Hann er þó ekki sakaður um að hafa tekið beinan þátt í neinu morði, heldur hafi hann stöðu sinnar vegna sem fangavörður verið meðsekur.

Sjálfur hefur Hanning ekkert viljað tjá sig við réttarhöldin, en í gær var Wendel kallaður til vitnis og sá hann enga ástæðu til annars en að segja frá því sem hann upplifði í útrýmingarbúðunum.

„Ég var vörður,“ sagði hann. „Við stóðum þarna til að hindra að einhver færi að flýja. Ef svo færi, þá áttum við auðvitað að skjóta. En fólkið var svo hrætt. Það flúði ekki nokkur maður.“

Wendel var sjálfur dreginn fyrir dómstól árið 2014 en málið var fellt niður vegna þess að hann hlaut fimm ára fangelsisdóm í Póllandi árið 1946 og lauk afplánun hans.

Árið 2014 sagðist hann hafa góða samvisku vegna þess að hann hefði ekki gert neitt rangt: „Ég var fórnarlamb stjórnarinnar líka.“

Önnur vitni í réttarsalnum í gær sáu hins vegar enga ástæðu til að fyrirgefa þeim Hanning og Wendel nokkurn skapaðan hlut.

„Það voru menn eins og þú sem gerðu helvítið í Auschwitz mögulegt. Menn sem horfðu á og hjálpuðu til án þess að spyrja spurninga,“ sagði Angela Orosz Richt-Bein í réttarsalnum. Hún fæddist í Auschwitz, þrátt fyrir að læknirinn alræmdi, Josef Mengele, hefði gert ljótar tilraunir á móður hennar, meðal annars sprautað ætandi efnum beint inn í leg hennar meðan á meðgöngunni stóð.

**gudsteinn@frettabladid.is**

> **Það voru menn eins og þú sem gerðu helvítið í Auschwitz mögulegt.**
>
> Angela Orosz Richt-Bein, vitni við réttarhöldin



**Reinhold Hanning er orðinn 94 ára og hefur verið í hjólastól við réttarhöldin, þótt upphaflega hafi hann gengið inn í réttarsalinn í síðasta mánuði.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Jakob Wendel, 92 ára, hlaut fimm ára fangelsisdóm í Póllandi árið 1946 og segist ekki hafa slæma samvisku.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


# Menningararfur
## – verndarstefna og skipulagsmál

**Kjarvalsstöðum, þriðjudaginn 15. mars kl. 20.**

**Hvað og hvernig á að vernda og hvers vegna? Hvernig er menningararfurinn notaður, af hverjum og til hvers? Hvernig sköpum við fortíðina? Hvaða áhrif hefur verndun á framtíðina?**



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir spennandi umræðufundi um menningararfinn á Kjarvalsstöðum 15. mars klukkan 20. Fundurinn er í röðinni, *Borgin, heimkynni okkar*, og er markmiðið að færa umræðu um skipulags- og umhverfismál í vítt og breitt samhengi.

**Menningararfurinn**

Frummælendur eru **Hjálmar Sveinsson**, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, **Sigríður Björk Jónsdóttir** byggingalistfræðingur, **Ólafur Rastrick** lektor í þjóðfræði við Háskóla Íslands og **Borghildur Sölvey Sturludóttir** arkitekt. Þau munu flytja örstutt erindi og ræða síðan saman um efnið. Eftir það verður opnað fyrir almennar umræður.

Allir velkomnir, kaffi á könnunni og stemning á kaffihúsinu Kjarvalsstöðum.

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA




**Reykjaneslína – möstur í Suðurnesjalínu 2 verða sömu gerðar.** MYND/LANDSNET

# Landsnet kærir úrskurð

**ORKUMÁL** Landsnet hefur kært til Hæstaréttar úrskurði Héraðsdóms Reykjaness sem hafnaði aðfararbeiðnum fyrirtækisins um eignarnám á landhluta úr fjórum jörðum á Reykjanesi vegna lagningar Suðurnesjalínu 2.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Landsneti. Héraðsdómur telur varhugavert, vegna óafturkræfra umhverfisáhrifa, að fallast á kröfu Landsnets áður en Hæstiréttur hefur leyst úr ágreiningi um lögmæti eignarnámsheimildarinnar sem og ágreiningi um lögmæti leyfisveitinga Orkustofnunar og sveitarfélagsins Voga vegna línubyggingarinnar.

Ákvörðun um eignarnám vegna jarðanna fjögurra lá fyrir í febrúar 2014. Héraðsdómur staðfesti ákvörðun um eignarnám í júní 2015. Sá úrskurður var kærður til Hæstaréttar og hefst málflutningur í apríl.

Framkvæmdaleyfi vegna Suðurnesjalínu 2 hefur legið fyrir um nokkurt skeið frá sveitarfélögunum Grindavík, Hafnarfjarðarbæ, Reykjanesbæ og Vogum, ásamt leyfi Orkustofnunar fyrir byggingu og rekstri línunnar og áætlaði Landsnet að hefja framkvæmdir á næstu vikum. Búið er að semja við Íslenska aðalverktaka um undirbúningsvinnu sem á að ljúka í haust og ráðgert að reisa línuna sumarið 2017.

Í tilkynningu Landsnets segir að umhverfismat vegna framkvæmdanna var samþykkt með skilyrðum árið 2009. Í ársbyrjun 2011 var ákveðið að byrja á styrkingu flutningskerfisins á Reykjanesi þar sem Suðurnesjalína 1 er fulllestuð.

Nýja línan fylgir að mestu Suðurnesjalínu 1 frá Hafnarfirði að Rauðamel, nema austast þar sem hún á að liggja töluvert fjær byggð í Hafnarfirði. Við val á línuleið var orðið við tilmælum sveitarfélaga og helstu fagstofnana um að reisa nýju línuna í núverandi mannvirkjabelti, þar sem eru fyrir Suðurnesjalína 1 og Reykjanesbraut, segir Landsnet. **– shá**




## HVER ER ÞESSI umtalaði CACTUS?

Hugmyndafræðin að baki Citroën C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus er líka sérstaklega sparneytinn en hann eyðir einungis frá 3,4 l/100 km og losar aðeins 89 g/km.

C4 Cactus hefur aldeilis slegið í gegn. Nú þegar hefur hann hlotið 25 verðlaun víðsvegar um heiminn. Þar á meðal hlaut hann titilinn Bíll ársins 2016 á Íslandi í sínum flokki.

VERÐ FRÁ EINUNGIS **2.690.000** KR.

Velkomin í reynsluakstur

Frá **3,4** l/100 km

$CO_2$ Frá **89** g/km

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

citroen.is
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Merki kríu frá Íslandi endurheimtist í Suður-Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Merktu 12.568 fugla af 77 tegundum á Íslandi í fyrra

**NÁTTÚRA** Fjöldi merktra fugla á Íslandi í fyrra var 12.568 af 77 tegundum, sem er lítillega undir tíu ára meðaltali. Um vinnu 49 merkingarmanna er að ræða.

Fuglar hafa verið merktir á Íslandi síðan árið 1921 og fer Náttúrufræðistofnun Íslands með umsjón fuglamerkinga. Alls hafa verið merktir 680.720 fuglar af 154 tegundum, mest af snjótittlingi eða rúmlega 80 þúsund fuglar, segir í frétt stofnunarinnar.

Mest var merkt af skógarþresti, 1.683 fuglar. Þar á eftir komu 1.453 kríur, 1.134 lundar, 987 auðnutittlingar og 943 ritur. Ein tegund var merkt í fyrsta sinn hér á landi, ljóshöfðaönd (anas americana).

Frá upphafi hafa verið skráðir 55.285 endurfundir merkja. Árið 2015 var óvenju mikið tilkynnt um endurheimtur og álestra á merki á lifandi fuglum. Alls bárust 2.365 tilkynningar um endurheimtur íslenskra merkja og komu 154 þeirra frá öðrum löndum. Algengastir voru auðnutittlingar eða 1.636 fuglar en þar á eftir komu 172 álftir, 83 sílamávar, 75 æðarfuglar og 44 snjótittlingar.

Langförulasti fuglinn sem endurheimtur var í fyrra var kría sem merkt var sem ófleygur ungi sumarið 2013 í Óslandi við Höfn í Hornafirði. Hún fannst örmagna við Höfðaborg í Suður-Afríku í október síðastliðnum, 11.319 kílómetra frá merkingarstað, þar sem hún bar beininn. – shá

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA auglýsir eftir umsóknum um

Nýræktarstyrki

Nýræktarstyrkjum er ætlað að styðja við útgáfu á fyrstu verkum nýrra höfunda.

Hér er átt við skáldverk í víðri merkingu orðsins; sögur, ljóð, leikrit eða eitthvað allt annað.

Leitað er eftir breidd og fjölbreytni í umsóknum.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2016.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á heimasíðu Miðstöðvar íslenskra bókmennta, www.islit.is

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA
ICELANDIC LITERATURE CENTER

XPRENT
- hönnun og merkingar

Allt á einum stað:

Prentun, merkingar og frágangur.
Inni- og útimerkingar.
Segl- og límmiðaprentun.
Ljósmynda og strigaprentun.
Segulmerki, textaskraut og sandblástursfilmur.
Banner-up standar og harðspjöld.
GSM hulstur og margt fleira...

Sandblástursfilmur
Límmiðar
Bílamerkingar

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | xprent.is

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email: konni@xprent.is

# Íslendingar gangi ekki inn í evrusamstarfið

**Hagfræðingurinn Anne Krueger telur að það væru grundvallarmistök að greina frá tímasetningum aflandskrónuútboðs. Hún segir Ísland ekki þurfa evruna.**

**EFNAHAGSMÁL** Anne Osborn Krueger, fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, er stödd hér á landi. Tilefnið er hóf sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hélt í gær til að fagna því að slitum gömlu bankanna er lokið. Hún er hagfræðingur og veitti framkvæmdahópi um afnám hafta og stjórnvöldum ráðgjöf við ferlið.

Þótt einum þætti varðandi afnám hafta, nauðasamningum við kröfuhafa bankanna, sé lokið eru nokkur fleiri vandamál eftir. Útboð til að hleypa eigendum 250 milljarða aflandskróna út fyrir höft hefur enn ekki farið fram. „Þetta var nauðsynlegur fyrsti partur. Það var ekki hægt að leysa fleiri vandamál fyrr en þetta vandamál var úr sögunni. En það eru fleiri skref,“ segir Krueger.

Hún telur ekki hægt að segja til um á þessu stigi hvernig þessi næstu skref verði stigin. Það sé meðal annars háð því hvernig alheimshagkerfið þróast. „Hingað til hefur það gengið vel. Og ef hagkerfið hér heldur áfram að þróast í rétta átt og Ísland verður ekki fyrir neinum skakkaföllum vegna alþjóðahagkerfisins og ekkert óvænt gerist þá ætti þetta ferli að geta gengið tafarlaust fyrir sig.“

Krueger segir ómögulegt að nefna tímasetningar varðandi næstu skref. „Vegna þess að það eru grundvallarmistök þegar væntingar og traust skiptir svo miklu máli að nefna tímasetningar. Ef eitthvað fer úrskeiðis og það þarf að breyta dagsetningum þá rýrirðu traustið sem hefur verið lögð svo mikil vinna í að byggja upp,“ segir hún.

InDefence-hópurinn hefur gagnrýnt að vandi vogunarsjóðanna, sem áttu kröfur á föllnu bankana, hafi verið leystur áður en höft á almenning og lífeyrissjóði voru afnumin. Krueger telur að það hafi verið nauðsynlegt að fara þá leið sem farin var.

„Að mínu mati já. Á meðan þetta vandamál var til staðar var ekki hægt að leysa vanda annarra,“ segir Krueger. Eignir kröfuhafanna hafi verið mjög miklar og það hafi hreinlega þurft að leysa vanda þeirra og átta sig síðan á því hver staðan væri. „Á meðan þeirra vandamál voru óleyst var ekki hægt að vita hvað væri hægt að gera.“

Stóra spurningin að loknu afnámi hafta er hvernig peningamálum verður háttað í framtíðinni. Krueger telur að Íslendingar geti vel notað krónu áfram. „Gjaldmiðillinn mun ná þeirri stöðu sem ásættanleg er, markaðurinn sér um það svo lengi sem peningastefnan og ríkisfjármálastefnan hér heima er í lagi." Krueger ítrekar að lykillinn sé öguð peningastefna og ríkisfjármálastefna. „Ekki annað hvort, heldur hvort tveggja. Þær verða að verka saman.“ Þær verði að stuðla að verðstöðugleika. Þá sé hægt að nota gengi gjaldmiðilsins til þess að bregðast við sveiflum í alþjóðahagkerfinu.

Krueger ræður Íslendingum frá því að ganga í evrusamstarfið. „Heyrðu séð hvað gerðist í Grikklandi?“ spyr hún og bætir við að Grikkir hafi ekki getað notað venjuleg bjargráð vegna aðildar að evrusamstarfinu. „Ef Grikkir hefðu haft sjálfstæða mynt þá hefðu þeir getað lækkað gengið. Þeir hefðu vissulega glímt við vandamál en þau hefðu verið miklu minni,“ sagði Krueger.
jonhakon@frettabladid.is



Anne Osborn Krueger telur að vandi Grikklands hefði verið minni ef Grikkir hefðu haft eigin gjaldmiðil. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Ef eitthvað fer úrskeiðis og það þarf að breyta dagsetningum þá rýrirðu traustið sem hefur verið lögð svo mikil vinna í að byggja upp.
>
> Anne Krueger hagfræðingur

# Starfsmenn ráðuneytis ekki í nefnd

**MENNTAMÁL** Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur ákveðið að fela sjálfstæðri valnefnd að fjalla um og leggja mat á umsóknir um embætti skólameistara Borgarholtsskóla sem auglýst var laust til umsóknar hinn 20. janúar síðastliðinn.

DV greindi frá því á dögunum að á meðal umsækjenda um starfið væri Ársæll Guðmundsson, starfsmaður mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Af þeirri ástæðu hefur verið ákveðið að enginn starfsmaður þess taki sæti í nefndinni.

Í valnefndinni eiga sæti Ágústa Hlín Gústafsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum sem er formaður, Sóley Ragnarsdóttir lögfræðingur og Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrverandi skólameistari. Valnefndinni er ætlað að leggja mat á umsóknir og velja umsækjendur til frekara mats með prófum og viðtölum, undirbúa og leggja mat á umsækjendur með viðtölum og leita umsagna um umsækjendur eftir því sem þurfa þykir.

Gert er ráð fyrir að valnefndin skili niðurstöðum sínum í formi minnisblaðs til mennta- og menningarmálaráðherra þar sem fram kemur niðurstaða nefndarinnar um mat á hæfi umsækjenda til að gegna embættinu. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi í embætti skólameistara Borgarholtsskóla frá og með 1. apríl næstkomandi. – jhh



Nýr skólameistari í Borgarholtsskóla verður ráðinn fyrir 1. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET

# VORBOÐ CHEVROLET




Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd Chevrolet Spark LTZ.

**NÝR SPARK LT**
**1.990.000 KR.**
**AÐEINS 10% ÚTBORGUN: 199.000 KR.**

**NOTAÐUR SPARK FRÁ:**
**1.190.000 KR.**
**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á BENNI.IS**

½
E
F
EITT ÁR
FRÍTT

# ELDSNEYTI

## Í HEILT ÁR MEÐ NÝJUM OG NOTUÐUM CHEVROLET

Við tökum forskot á vorið og færum þér glæsilegan kaupauka í Vorboði Chevrolet. Nýjum og notuðum Chevrolet bílum hjá Bílabúð Benna fylgir eldsneyti til aksturs í heilt ár.*

Fáðu nánari upplýsingar um Vorboð Chevrolet á benni.is eða kíktu í heimsókn og spjallaðu við þjónustufulltrúa okkar.

* Miðað er við 15.000 km akstur á ári og uppgefna meðaleyðslu eldsneytis í blönduðum akstri frá framleiðanda. Eldsneytisverð er miðað við algengasta verð eldsneytis hjá OrkanX á kaupdegi bíls. Vorboð Chevrolet gildir ekki með öðrum tilboðum eða sérsamningum.

ORKAN

**Nánari upplýsingar á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri | Opnunartímar |
|---|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 | Virka daga frá 9 til 18 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 | Laugardaga frá 12 til 16 |

Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár




HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is





## MEÐ DRIF Á ÖLLUM OG TIL Í ALLT

**Verið velkomin á 4X4 sýningu í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16.** Þar sýnum við þá allra flottustu, fjörugustu og fjórhjóladrifnustu bíla landsins frá Volkswagen, Skoda, Mitsubishi og Audi. Þú þarft ekki að leita lengra til að komast lengra. Komdu í kaffi og prófaðu einn úr 4X4 hópnum. Þeir bíða í röðum eftir að sjá þig!

HEKLA

# Þegar pólitíkusar hafa áhrif



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Á tímum þegar vinsælt er að finna stjórnmálamönnum allt til foráttu er hollt að rifja upp tilvik þegar vel hefur tekist til. Stundum er nefnilega hægt að benda á ákvarðanir sem teknar hafa verið af framsýni og hafa óneitanlega reynst happadrjúgar.

Ein slík var ákvörðunin um að innleiða endurgreiðslur úr ríkissjóði vegna hluta framleiðslukostnaðar við kvikmyndir og sjónvarpsefni. Lög um 20% endurgreiðslu vegna slíks kostnaðar voru samþykkt af Alþingi árið 1999, en renna út nú um áramót. Iðnaðarráðherra hefur tilkynnt að hún mælist til þess að sambærileg lög taki við af þeim gömlu, nema nú skal endurgreiðslan nema fjórðungi framleiðslukostnaðar.

Það er ótvírætt fagnaðarefni enda hefur endurgreiðslan, líkt og fjallað var um í góðri fréttaskýringu á Vísi, verið ein helsta ástæða þess að alþjóðlegir kvikmyndagerðarmenn horfa í síauknum mæli til Íslands sem tökustaðar. Þar spilar endurgreiðslan að sjálfsögðu engan einleik – hæfileikaríkt kvikmyndagerðarfólk og okkar fallega land eru mikilvægustu þættirnir.

Hins vegar hefur sannað sig að endurgreiðslan hjálpar til við að laða kvikmyndagerðarfólk til landsins. Er það ekki einmitt hlutverk góðra stjórnmálamanna – að hindra ekki hæfileikafólk í að nýta styrkleika sína, og hjálpa heldur til þar sem það er hægt?

Stjórnvöld á Íslandi virðast líka hafa gert sér grein fyrir því, hvað kvikmyndaiðnaðinn varðar, að þar er Ísland að keppa við önnur lönd um þann óneitanlega fjárhags- og menningarlega ávinning sem fylgir framleiðslu á kvikmyndum og sjónvarpsefni. Endurgreiðslan er einn af mörgum þáttum sem getur orðið til þess að Ísland vinni kapphlaup við önnur lönd. Þar leggja stjórnvöld sitt lóð á vogarskálarnar.

Óskandi væri að hugsun sem þessi réði ríkjum á fleiri sviðum. Sem dæmi má nefna að á Íslandi kostar nú um 630 þúsund krónur að stofnsetja einkahlutafélag. Þar af eru fimm hundruð þúsund krónur í formi hlutafjárframlags sem nota má í reksturinn, en afgangurinn eru óafturkræf skráningargjöld.

Þessi kostnaður er hár fyrir atorkusama en félitla frumkvöðla sem dreymir um að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Til samanburðar má svo nefna að í Bretlandi þyrfti að kosta til réttum 200 krónum í sama tilgangi. Smáatriði sem þessi gætu ráðið úrslitum um það hvar góðar hugmyndir skjóta rótum, með tilheyrandi ávinningi fyrir samfélagið.

Vitaskuld er þetta bara lítið dæmi, en sagan af íslenska kvikmyndavorinu kennir okkur að oft veltir lítil þúfu þungu hlassi – eða á að minnsta kosti þátt í því.

**Óskandi væri að hugsun sem þessi réði ríkjum á fleiri sviðum.**

## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Ef karlmenn hefðu blæðingar

Orðið eitt getur fengið hörðustu karlmenn til að roðna. Það ætti þó kannski ekki að koma á óvart. Um er að ræða upprunalega tabúið. Orðið „taboo“ barst í ensku úr pólónesískri tungu. „Tapua“ merkir bannhelgi. En það þýðir líka tíðir.

Tíðir. Eflaust óskar helmingur lesenda þess að ég sé að tala um bænagjörð. Svo er hins vegar ekki. Já, þú ert að fara að lesa um mánaðarlegar blæðingar kvenna yfir morgunkaffinu þínu.

Alla sögu mannkyns hefur fyrirbærið vakið furðu, óhug og ótta. Rómverjinn og náttúrufræðingurinn Gaius Plinius eldri fullyrti árið 77 eftir Krist að tíðablóð kvenna ylli uppskerubresti, gerði vín súrt, dræpi býflugur, léti járn ryðga og ávexti hrynja af trjám. Á miðöldum töldu menn að holdsveiki smitaðist með slíku blóði. Árið 1878 fjallaði The British Medical Journal um að konur ættu ekki að koma að reykingu á kjöti þegar þær væru á blæðingum því þær gætu skemmt matvælin. Langt fram á 19. öld töldu menn blæðingar vera leið náttúrunnar til að losa konur við umfram blóð sem olli í þeim blóðhita og hysteríu. Í Nepal eru konur enn settar í einangrun í litlum moldarkofum á meðan á blæðingum stendur þótt athæfið hafi verið bannað árið 2005.

En nú, tvö þúsund árum eftir að Gaius Plinius eldri varaði við því að konur á blæðingum gætu eyðilagt gljáa á speglum og fílabeini, virðist sem tækla eigi tabúið.

### Tíða-frí

Fyrirtæki í Bristol leggur nú drög að því að verða fyrsta fyrirtækið í sögu Bretlands til að bjóða kvenkyns starfsmönnum upp á „tíða-frí“. Fríið dregst ekki af veikindaleyfi starfsmanna en ætlast er til að starfsmenn bæti upp vinnutapið þegar þjáningarnar sem hrjá margar konur á blæðingum eru liðnar hjá. Umrætt fyrirtæki sem nefnist Coexist og rekur lista- og félagsmiðstöð í Bristol hyggst halda ráðstefnu um fyrirkomulagið eftir helgi þar sem breytingin verður kynnt starfsfólki sem og stjórnendum annarra fyrirtækja sem hafa áhuga á að fylgja fordæmi þess.

„Blæðingar hafa allt of lengi verið álitnar tabú á vinnustöðum,“ sagði Bex Baxter, framkvæmdastjóri Coexist, í samtali við fjölmiðla. „Margar af þeim konum sem vinna hjá mér hafa sagt að þær skammist sín fyrir að viðurkenna að þær líði kvalir. Ég vil útrýma þessari skömm. Ef karlmenn hefðu blæðingar væri þessi stefna orðin útbreidd fyrir löngu.“

### Hitakóf og ministruflanir

Svo virðist sem augu fólks séu að opnast fyrir vellíðan kvenna á vinnustöðum. Í lok síðasta árs hvatti Sally Davies, landlæknir Bretlands – fyrsta konan til að gegna embættinu – atvinnurekendur til að ræða við starfsfólk um annað tabú sem við kemur konum: Breytingaskeiðið. „Ég vil að stjórnendur geri konum jafnauðvelt að ræða við þá um breytingaskeiðið og öll önnur vinnutengd mál,“ sagði Davies. Hún lagði áherslu á að óþægindi tengd breytingaskeiðinu á borð við hitakóf og minnistruflanir væri hægt að gera bærilegri með einföldum aðgerðum á borð við að breyta hitastigi á skrifstofum og bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma.

### Nýtt baráttumál

Í dag fagnar Alþýðusamband Íslands hundrað ára afmæli sínu. Í heila öld hafa samtökin barist fyrir bættum kjörum launafólks, réttindum þess og mannsæmandi skilyrðum á vinnumarkaði.

Um leið og ástæða er til að óska ASÍ til hamingju með daginn er vert að spyrja: Væri ekki tilvalið að fagna afmælinu með því að taka upp nýtt baráttumál sem létta myndi líf fjölda félagsmanna auk þess að hjálpa til við að tortíma meira en tvö þúsund ára gömlu tabúi? Hvernig væri að hið hundrað ára ASÍ setti blæðingar og breytingaskeiðið á baráttulistann sinn?




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# „Nær mun annar eldsær rísa?“




Pétur Gunnarsson
rithöfundur


Algengur frasi í Íslendingasögum er „hann var mikill ójafnaðarmaður“ og „hann var enginn jafnaðarmaður“. Það er varla að jafnaðarmaður komi fyrir án neitunar. Aftur á móti er mikið framboð af ójafnaðarmönnum: „Þorgeir Hávarsson og Þormóður Kolbrúnarskáld voru litlir jafnaðarmenn,“ segir í Grettlu. Í samfélagi ofbeldisréttarins er ekki jarðvegur fyrir jöfnuð. Það væri þá helst Dauðinn sem leggur alla að velli jafnt, en flytur líka með sér kærkomið réttlæti, lægir rostann í ribböldum og valdsmönnum og færir menn til Himnaríkis sem er jafnaðarríki – með jákvæðri mismunun: hinir síðustu verða fyrstir.

„Sósíalisti“ og „kommúnisti“ koma fyrst fyrir í íslenskum texta hjá hinum melankólska Gísla Brynjúlfssyni sem í Dagbók sinni í Höfn veltir því fyrir sér hvort það sé satt að „Hann (Kristur) sé fyrsti kommúnisti eða socíalisti?“ Þetta var árið 1848 þegar alda byltinga reið yfir Evrópu. Að þessu sinni var það ekki borgarastéttin sem leiddi eins og fyrir 59 árum, heldur alþýðan sem gerði kröfur á hendur borgurunum. Kröfu um réttinn til að kjósa, réttinn til að mynda samtök en fyrir hann var girt með sérstökum lögum frá 1791 og sama var raunar uppi á teningnum í Englandi (1832) og Þýskalandi (1854) – stjórnmálaþátttaka verkalýðsins var ýmist bönnuð eða skilyrt með efnahag sem jafngilti útilokun.

„Oft er ég að hugsa um það hvort mér ekki auðnist að lifa það að socialismus sigri einhvers staðar,“ skrifar Einar Benediktsson í bréfi til Péturs á Gautlöndum árið 1894, og bætir við: „Séra Benedikt á Grenjaðarstað segir: Anno 20.000. Ég trúi ekki á hans rauðaglósur. – Nær mun annar eldsær rísa?“

Annað skáld, Þorsteinn Erlingsson, boðar kenninguna fullum fetum í byrjun 20. aldar. Í öðru tölublaði Alþýðublaðsins, þann 21. janúar 1906, er skýrt frá því að í undirbúningi sé stofnun verkamannafélags sem „á að heita Dagsbrún“. Í sama blaði á Þorsteinn grein upp á þrjár blaðsíður sem hann nefnir „Verkefnin“:

„…en það þykist jeg sjá í hendi minni, að verkmannasamtökum og verkmannablaði eða alþýðumanna getur því aðeins orðið lífs auðið og framgángs, að þau snúi sér með fullri djörfung og heils hugar að þeirri stefnu, sem heimurinn kallar Sósíalismus og nú er aðal athvarf verkmanna og lítilmagna hins svokallaða menntaða heims.“

Hér vísar Þorsteinn til hreyfingar sósíalista úti í Evrópu sem hafði stofnað Alþjóðasamband árið 1889, réttum hundrað árum eftir frönsku byltinguna. Því hreyfing jafnaðarmanna hlaut að vera að minnsta kosti jafn alþjóðleg og kapítalisminn. Kautsky er þýskur, Lenín Rússi, Rósa Luxemburg Pólverji, Jaurès Frakki… en öll koma þau saman í bandalagi sem hefur eitt og sama markmið: að koma alþýðu landanna til valda og grundvalla þjóðskipulag í þágu almennings í stað auðstéttar.

Og þú veist hvernig fór: árið 1917, í miðri heimsstyrjöld, braust út bylting í Rússlandi og í stríðslokin í Þýskalandi. Í Rússlandi náði hún með harmkvælum að skjóta rótum, en í Þýskalandi var hún kæfð í blóði og róttækustu foringjar jafnaðarmanna, Rósa Luxemburg og Karl Liebknecht, tekin af lífi. Rússneska byltingin var fyrirburi sem lést í öndunarvélinni en upp af beðnum reis Frankenstein – sem breytir ekki því að óttinn við fordæmi rússnesku byltingarinnar skóp alþýðuflokkum á Vesturlöndum vígstöðu, en klauf jafnframt hreyfinguna í jafnaðarmenn (sósíaldemókrata) og sósíalista (komma). Engu að síður var það alþýðufylgi þessara hreyfinga sem skóp samfélögin kennd við velferð.

**Málið er að snúa við. Nú er það ekki verkalýðurinn, alþýðan, launþegarnir sem heimta breytingar heldur jörðin, lífríkið.**

**Best lýst með gamansögu**

Stöðu stjórnmálanna í dag verður kannski best lýst með gamansögu sem sögð hefur verið um Halldór Laxness. Bíllinn hans fór ekki í gang á ljósum og bílstjórinn fyrir aftan lá á flautunni. Uns Halldóri leiddist þófið, vatt sér út úr sínum bíl, gekk til bílstjórans óþolinmóða og sagði: „Nú skulum við skipta um sæti, ég skal þeyta hornið á þínum bíl á meðan þú startar mínum.“ Það virðist litlu breyta hverjir eru við stjórnvölinn, það gerist ekki neitt. Vegna þess að við erum stödd á vegamótum sem eru í raun og veru gjá. Og minnir á orðin frægu sem Lenín lét falla á miðstjórnarfundinum: „Félagar, í fyrra vorum við á barmi hyldýpisins, í ár höfum við tekið risaskref fram á við.“

Málið er að snúa við. Nú er það ekki verkalýðurinn, alþýðan, launþegarnir sem heimta breytingar heldur jörðin, lífríkið. Og þær eru svo róttækar að hætt er við að stjórnmálamaður sem tæki þær sér í munn hefði um leið lokið erindi sínu. En verkefnið hverfur ekki fyrir það: allar auðlindir þjóðanna verða að fara í uppihald kerfanna sem við kennum við heilbrigði, menntun, samgöngur, löggæslu o.s.frv. í stuttu máli: mannsæmandi líf. Ekki prósenta heldur 100%. Sem aftur útheimtir skipulag framleiðslunnar í áður óþekktum mæli. Kannski verður það ekki fyrr en árið 20 þúsund, eins og Benedikt á Grenjaðarstað spáði, sem breytir ekki því að allir dagar sem eru fram yfir daginn í dag þoka okkur nær hyldýpinu.





Þú afgreiðir framtalið þitt í fjórum skrefum á fimm mínútum

Skilafresti lýkur 15. mars

*Á Íslandi sparar rafræna tæknibyltingin framteljendum mikinn tíma frá því sem áður var. Nú geta fjölmargir yfirfarið skattframtalið sitt á örfáum mínútum. Framtalið þitt er tilbúið og aðgengilegt á skattur.is með rafrænum skilríkjum eða veflykli RSK með innsendum upplýsingum frá launagreiðendum, fjármálastofnunum og fleirum.*

***Nánari upplýsingar og leiðbeiningar eru á rsk.is. Einnig er aðstoð veitt í síma 442 1414 frá kl. 9.30-15.30 og til kl. 18.00 dagana 14. og 15. mars þegar skilafrestur rennur út.***

Þú einfaldlega…

…opnar framtalið

…ferð yfir allar upplýsingar

…breytir ef ástæða er til

…staðfestir

skattur.is

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver 9:30-15:30 | SFR STOFNUN ÁRSINS 2015

# Söguþjóð í raun?



Katrín Jakobsdóttir
formaður VG

**Engir fjármunir hafa komið í ljós í Hús íslenskra fræða. Happdrætti Háskóla Íslands, sem greiða mun þriðjung af húsinu, hefur ekki fengið heimild ríkisins til að setja sína fjármuni í verkefnið.**

Íslendingar hafa ekki slegið hendi á móti titlinum söguþjóð eða bókaþjóð. Söguáhugi Íslendinga er eitt af því sem okkur finnst flestum gaman að segja erlendum vinum og gestum frá. Söguáhuginn hefur verið umfjöllunarefni í síðari tíma bókmenntum. Við fylltum sali Þjóðleikhússins á afmælisári þess þegar Íslandsklukkan var sett upp og enn og aftur vaknaði til lífsins sagan góða um snærisþjófinn Jón Hreggviðsson, Snæfríði Íslandssól og Arnas Arnæus sem safnaði handritableðlum um land allt og bjargaði þeim úr dýnum og fletum í torfbæjum landsins.

Þessi handrit eru fæst hver til sýnis þótt okkur finnist gaman að segja af þeim söguna. Þau eru læst inni í geymslum. Þar sem byggja átti hús yfir handritin er enn aðeins hola.

Hús íslenskra fræða á ekki einungis að vera staður til að sýna handrit. Þar á einnig að vera húsnæði fyrir kennslu og rannsóknir í íslensku. Bygging þessa húss var hafin á síðasta kjörtímabili og var ætlunin að nýta til dæmis arð af bönkum til að greiða fyrir bygginguna sem var hluti af fjárfestingaáætlun síðustu ríkisstjórnar. Núverandi stjórnvöld slógu þá áætlun af og síðan hefur ekkert annað verið á byggingarstað en hin fræga „hola“ íslenskra fræða.

## Engir fjármunir

Síðastliðið vor leit út fyrir að stjórnvöld væru reiðubúin að taka Hús íslenskra fræða út fyrir sviga. Forsætisráðherra kynnti tillögu þar sem lögð voru til tiltekin verkefni sem átti að ráðast í til að fagna hundrað ára afmæli fullveldis. Ekki hefur sést til tillögunnar síðan. Fjármunir birtust í fjárlögum í önnur verkefni tillögunnar, þ.e. viðbyggingu við þinghúsið. Engir fjármunir hafa komið í ljós í Hús íslenskra fræða. Happdrætti Háskóla Íslands, sem greiða mun þriðjung af húsinu, hefur ekki fengið heimild ríkisins til að setja sína fjármuni í verkefnið.

Ráðamenn hafa aðspurðir sagst jákvæðir gagnvart verkefninu og bjartsýnir á framgang þess sem hljómar ankannanlegt í ljósi þess að framtíð þess liggur í þeirra höndum.

Við lýsum gjarnan yfir áhyggjum okkar af stöðu íslenskrar tungu, kennslu og rannsóknum á þessu sviði, miðlun þekkingar og fræðslu. Það er ýmislegt hægt að gera til að bregðast við. Eitt af því gæti verið að gera íslenska tungu gjaldgenga í stafrænum heimi. Um það hefur Alþingi raunar samþykkt ályktun en enn bólar ekki á verulegum fjármunum til þess verkefnis. Annað raunverulegt verkefni gæti verið að byggja Hús íslenskra fræða, gera handritin aðgengileg almenningi og sinna þar með skyldum okkar gagnvart Íslendingum en líka heimsbyggðinni sem hefur sett handritin á sérstakan UNESCO-lista yfir menningarverðmæti. Þar væri líka sinnt kennslu og rannsóknum, miðlun og nýsköpun á sviði íslenskra fræða, málvísinda og bókmennta. Þessu þarf hvoru tveggja að hrinda í framkvæmd ef við viljum standa undir nafni sem söguþjóðin í norðri.

# Frumvörp stjórnarskrárnefndar



Þorvaldur Gylfason
prófessor í hagfræði við HÍ

Stjórnarskrárnefnd Alþingis var skipuð gagngert til að leita leiða til að vanvirða úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar um frumvarp Stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár 20. október 2012.

Ásetningur ríkisstjórnarinnar lýsir sér m.a. í því að fyrst var nefndinni skipaður formaður, Sigurður Líndal prófessor, sem hafði ítrekað lýst sig andvígan breytingum á stjórnarskránni bæði fyrir og eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna 2012. Þegar hann hætti störfum 2014 var nefndinni skipaður nýr formaður, Páll Þórhallsson, lögfræðingur í forsætisráðuneyti. Hann hafði áður orðið uppvís að því ásamt fáeinum öðrum lögfræðingum að brjóta gegn skýrum fyrirmælum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar (SEN) Alþingis 2012-2013 með því að leggja til gagngerar efnisbreytingar á verki Stjórnlagaráðs þótt SEN hefði mælt skýrt fyrir um að lögfræðingateyminu væri aðeins ætlað að leggja til orðalagsbreytingar, ekki efnisbreytingar. Það var skoðun SEN þá að Alþingi gæti ekki leyft sér að vanvirða vilja kjósenda eins og hann birtist í úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012. Undir það sjónarmið hljóta allir lýðræðissinnar að taka.

Rétt er að rifja upp brot núv. formanns stjórnarskrárnefndar gegn fyrirmælum SEN 2012-2013. Formaðurinn ásamt fáeinum öðrum lögfræðingum skilaði SEN gerbreyttri greinargerð með 34. grein frumvarps Stjórnlagaráðs um náttúruauðlindir. Í hinni gerbreyttu greinargerð sagði ítrekað með ýmsu orðalagi: „Með ákvæðinu er ekki hróflað við þeim eignarréttindum sem þegar kunna að vera fyrir hendi að auðlindum og þeim heimildum eigenda sem slíkum eignarrétti fylgja.“ Einnig þetta: „Með ákvæðinu er ekki hróflað við þeim nýtingarleyfum eða óbeinu eignarréttindum sem þegar eru fyrir hendi.“ Og þetta: „ … í samræmi við það sem stjórnlagaráð ætlaðist til, að ekki verði hróflað við þeim eignarréttindum sem þegar eru fyrir hendi og njóta stjórnarskrárverndar.“ Ekkert af þessu kemur þó fram í skýringum Stjórnlagaráðs við auðlindaákvæðið. Lögfræðingarnir virtust þar að auki gefa í skyn að t.d. útvegsmenn kunni að hafa unnið sér inn eignarrétt til kvótans þótt það standi skýrum stöfum í fiskveiðistjórnarlögunum og í frumvarpinu að það hafa þeir einmitt ekki gert. Þess var gætt í skýringum Stjórnlagaráðs að gefa ekkert slíkt í skyn.

## Mylja undir ríkjandi sérhagsmuni

Þessi upprifjun bregður birtu á bakgrunn þess starfs sem stjórnarskrárnefnd Alþingis hefur unnið á 48 fundum. Öll frumvarpsdrög nefndarinnar ásamt greinargerðum miða að því að veikja samsvarandi ákvæði í frumvarpi Stjórnlagaráðs og mylja undir ríkjandi sérhagsmuni gegn almannahag og lýðræði. Nefndin virðist hafa leitað eftir lægsta samnefnara til að koma til móts við þá sem urðu undir í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Niðurstaðan er frumvarpsdrög sem eru í litlu samræmi við úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Frumvarpsdrögin um náttúruauðlindir markast af undanslætti. Tónninn er sleginn strax í byrjun: „Auðlindir náttúru Íslands tilheyra íslensku þjóðinni.“ Greinargerðin með frumvarpsdrögunum viðurkennir undansláttinn: „Með þessu orðalagi er ekki vísað til hefðbundins eignarréttar“. Þarna er gefið í skyn að þjóðareign eigi heima skör lægra en aðrar eignir.

Í greinargerðinni er einnig að finna afhjúpandi málsgrein: „Vart finnast nokkur dæmi um hagkerfi sem er eins háð auðlindanýtingu og hið íslenska.“ Þessi staðhæfing er ekki aðeins röng (sjávarútvegur stendur nú að baki við 25% af útflutningstekjum) heldur er þetta gömul áróðurslumma LÍÚ. Að þessi gamla lumma skuli rata inn í greinargerð stjórnarskrárnefndar er vandræðalegt í ljósi þess að vitað er að fyrstu kvótalögin voru samin á skrifstofum LÍÚ.

**Án nýs kosningaákvæðis verða næstu alþingiskosningar haldnar skv. kosningalögum sem 67% kjósenda höfnuðu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.**

Tillögur stjórnarskrárnefndar um umhverfis- og náttúruvernd og þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu kjósenda miða með líku lagi að því að færa frumvarpstextann fjær umhverfisverndar- og lýðræðismarkmiðum Stjórnlagaráðs. Frumvarpsdrög nefndarinnar vitna á heildina litið um einbeittan brotavilja núverandi meiri hluta Alþingis gegn fólkinu í landinu. Drögunum er bersýnilega ætlað að þýðast ríkjandi hagsmuni, þau öfl sem áttu mestan þátt í að koma Íslandi á kaldan klaka í hruninu 2008 og skaða ásjónu landsins í augum umheimsins.

Frumvarp Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá svaraði að loknum þjóðfundi og í samræmi við verkferli sem Alþingi ákvað ákalli þjóðarinnar um nýja stjórnarskrá, nýja siði. Frumvarpsdrög stjórnarskrárnefndar Alþingis miða að því að bregðast þessu ákalli, ekki aðeins með því að úrbeina þrjú ákvæði í frumvarpi Stjórnlagaráðs heldur einnig með því leiða hjá sér allt hitt, þ.m.t. ákvæðið um jafnt vægi atkvæða, eitt brýnasta ákvæði frumvarpsins, og einnig t.d. ákvæðið um framsal ríkisvalds. Án nýs kosningaákvæðis verða næstu alþingiskosningar haldnar skv. kosningalögum sem 67% kjósenda höfnuðu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Án nýs framsalsákvæðis munu alþingismenn halda áfram að sæta ásökunum um að brjóta vísvitandi gegn gildandi stjórnarskrá þar eð í hana vantar skýrt ákvæði um framsal ríkisvalds.

**visir.is** Sjá lengri gerð þessarar greinar á visir.is

# Var íslenskt samfélag viðbjóðslegt?



Skúli Ólafsson
prestur í Neskirkju

**Veraldleg samtök á borð við Amnesty International og Greenpeace eiga rætur að rekja til kristins safnaðarstarfs. Mörg önnur félög má tengja við kristna manngildishugsjón.**

Fimmtudaginn 10. mars fullyrti Frosti Logason í bakþönkum Fréttablaðsins á þessa leið: „Það er nefnilega þannig að því meira sem við vitum um eitthvað því betur kunnum við að meta það. Þetta á við um allt nema trúarbrögð.“

Hér fylgja fáeinar staðreyndir um áhrif þeirra trúarbrögða sem nærtækast er að nefna, nánar til tekið kristna trú.

Veraldleg samtök á borð við Amnesty International og Greenpeace eiga rætur að rekja til kristins safnaðarstarfs. Mörg önnur félög má tengja við kristna manngildishugsjón og má þar nefna skátana, Save the Children (Barnaheill) og Rauða krossinn. Nokkur af fyrstu sjúkrahúsum hér á landi voru reist og starfrækt af rómversk-kaþólsku kirkjunni. Háskólar vestanhafs á borð við Harvard, Yale og Princeton voru upphaflega biblíuskólar reknir af kristnum trúarsöfnuðum. Elstu háskólar Evrópu urðu til á miðöldum og voru kristin klaustur. Flestir vita að klaustrin á Íslandi stóðu fyrir ritun og útgáfu á fjölbreyttum ritum. Það framlag til heimsmenningarinnar verður seint ofmetið. Þá blómstruðu listir og vísindi í hinni kristnu Evrópu frá og með endurreisnartímanum.

Þetta eru fáein dæmi um baráttu trúarhópa fyrir betra samfélagi. Ótalin eru hin fjölmörgu hjálparsamtök sem starfa undir merkjum ýmissa kirkna.

Færum okkur framar í tímann. Frosti heldur þessu fram: „[Fyrir tuttugu árum] var íslenskt samfélag viðbjóðslegt.“ Þessu er ég ósammála. Það hafði, rétt eins og samtími okkar, bæði kosti og galla. Í sumum efnum hefur aukin þekking dregið úr fordómum en óþol gagnvart trúuðu fólki færist í vöxt svo jaðrar við ofsóknir.

Vanda okkar má þó í flestum tilvikum rekja til annarra þátta. Nægir að nefna þá staðreynd að vistkerfi jarðar stendur höllum fæti og sífellt gengur á óspillta náttúru. Ekkert lát er þar á og virðist litlu skeytt um hugsjónir, þessa heims eða annars. Ef eitthvað verðskuldar að kallast „viðbjóðslegt“ þá er það meðferðin á þessum heimkynnum okkar. Þar er ekki við trúarbrögðin að sakast nema ef væri fyrir blindu framfaratrú sem á okkar dögum virðist hafin yfir alla gagnrýni.










Volvo XC60 AWD er búinn sparneytinni og aflmikilli D4 dísilvél með sjálfskiptingu sem skilar 190 hestöflum og 420 Nm togi. Veghæð Volvo XC60 er 23,5 cm undir lægsta punkt. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði eins og rafdrifinni opnun á afturhlera, leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, vélarhitara með tímastilli, tölvustýrðri loftkælingu með hitastýringu (ECC), lofthreinsikerfi og Volvo High Performance Sensus Connect hljómtækjum með 7“ skjá, internettengingu og DVD spilara. Volvo XC60 Executive kemur á 18“ Leda álfelgum og er búinn leðurklæddum sportsætum. Ökumannssætið er rafdrifið með minni. Í innra rýminu er jafnframt TFT digital mælaborð. Aðgengi og ræsing er lyklalaust. Bíllinn er búinn fyrsta flokks öryggisbúnaði en þar má nefna margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi (City Safety). Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er 5,7 l/100 km og $CO_2$ losun er 149 g/km. Volvo XC60 er einnig fáanlegur beinskiptur frá 7.580.000 kr. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## Uppboð á boltanum sem Justin Shouse sló stoðsendingametið með



*Í þágu góðs málefnis* Justin Shouse, leikstjórnandi Stjörnunnar, bætti stoðsendingametið í úrvalsdeildinni fyrr í vetur þegar hann gaf stoðsendingu númer 1.394 í leik á móti Grindavík. Boltinn hefur verið geymdur í myndveri sjónvarpsþáttarins Domino's-körfuboltakvölds frá því í 16. umferð þegar Shouse bætti metið. Nú verður hann boðinn upp og ágóðinn rennur allur til góðs málefnis sem eru langveik börn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Mitt erfiðasta ár hjá Drekunum

**Hlynur Bæringsson og hans menn í Sundsvall Dragons hafa átt erfitt ár í sænsku úrvalsdeildinni. Fjárhagserfiðleikar hafa einkennt tímabilið og fer liðið í úrslitakeppnina um helgina með sjö leikja taphrinu á bakinu.**

**KÖRFUBOLTI** Síðustu vikur hafa verið erfiðar fyrir sænska úrvalsdeildarfélagið Sundsvall Dragons, sem landsliðsmaðurinn Hlynur Bæringsson leikur með. Liðið tapaði í ofanálag sjö af síðustu átta leikjum sínum í deildarkeppninni sem er heldur dapurt veganesti fyrir úrslitakeppnina sem hefst um helgina.

„Einfaldasta útskýringin er bara sú að við höfum verið lélegir," sagði Hlynur í samtali við Fréttablaðið í gær en hann missti af síðasta leik tímabilsins vegna smávægilegra meiðsla. Leikurinn var þýðingarlaus fyrir bæði lið en hann var sá eini sem Sundsvall vann síðustu vikur tímabilsins.

Fyrir utan slæmt gengi komst félagið í fréttirnar ytra vegna fjárhagsvandræða. Félagið gat til að mynda ekki staðið við greiðslu til sænska körfuknattleikssambandsins sem bannaði félaginu að nota erlenda leikmenn sína í einum leik.

### Vandamálin í sviðsljósinu

„Þegar þetta mál rataði í blöðin þá fór athyglin á aðra hluti en hún átti að vera á," segir Hlynur sem hefur þó ávallt fengið sín laun greidd hjá félaginu þrátt fyrir slæma skuldastöðu þess. „Þetta hefur alltaf skilað sér til mín að lokum og ég vona að það verði áfram þannig," segir Hlynur sem hefur þó skilað sínu að venju í vetur. Hann er með flest fráköst allra leikmanna í deildinni að meðaltali í vetur eða 10,0.

Leikmannahópur Sundsvall ber þess merki að félagið á í rekstrarvandræðum og er liðið ekki jafn sterkt og undanfarin ár. Hlynur, sem er á sínu sjötta tímabili hjá félaginu, viðurkennir að þetta ár hafi verið erfitt.

> Mér líður vel í Sundsvall og fjölskyldunni líka, þó svo að það sé þreytandi að standa í svona löguðu.
>
> Hlynur Bæringsson, leikmaður Sundsvall Dragons



„Það má alveg segja að þetta ár hafi verið það erfiðasta hjá mér. Það hefur líka verið allt öðruvísi en fyrri ár. Bæði er liðið ekki jafn gott og þá eru engir aðrir Íslendingar hér, eins og hefur alltaf verið," segir Hlynur en Jakob Þór Sigurðarson var lengi liðsfélagi hans hjá Drekunum en einnig Ægir Þór Steinarsson, Pavel Ermolinskij og Ragnar Ágúst Nathanaelsson. Jakob er enn í Svíþjóð en spilar nú með Borås Basket sem endaði í fjórða sæti deildarinnar.

### Sér ekki eftir fimm ára samningi

Hlynur gerði fimm ára samning við Sundsvall í sumar og hann sér þrátt fyrir allt ekki eftir því í dag.

„Ég vissi hvað ég var að fara út í. Þetta eru líka vandamál tengd körfuboltanum sem eru um tveir klukkutímar af mínum degi. Mér líður vel í Sundsvall og fjölskyldunni líka, þó svo að það sé þreytandi að standa í svona löguðu. Ég viðurkenni það."

Hann segir að hann hafi ákveðið að taka langtímasamning með þeim kostum og göllum sem honum fylgir, enda ekki algengt að 33 ára körfuboltamenn fái svo langa samninga. Hann sé því hins vegar viðbúinn að félagið gæti hugsanlega tekið til í herbúðum sínum í sumar í ljósi fjárhagsstöðunnar.

„Það kæmi ekki á óvart enda hefur nú þegar verið skorið heilmikið niður. Það gæti verið að sú vinna haldi áfram næsta sumar. Ég held þó að þeir vilji halda mér og ég er jú með samning sem ætti að tryggja það að ég verði áfram."

Sundsvall Dragons hefur keppni í úrslitakeppninni á morgun þegar liðið mætir Norrköping Dolphins. Hlynur segir að þessi langa taphrina hafi verið slæm, eins og gefur að skilja.

### Getum vel unnið Norrköping

„Sumir þessara leikja voru mjög daprir, gegn liðum sem við áttum að vinna. Það var það versta. Það vantaði ákefð og hungur í liðið," segir Hlynur sem vill þó ekki afskrifa möguleika Sundsvall gegn Norrköping.

„Norrköping hefur verið í basli vegna meiðsla. Þetta er gott lið en ég vona að við verði ekki upp á sitt allra besta. Ef við náum upp okkar spili á ný getum við vel unnið þetta lið." eirikur@365.is

## Ferill Hlyns hjá Drekunum

**2010-2011 (Meistari)**
Leikir: **48**
Stig/fráköst (meðaltal): **13,2/9,9**
Framlagsstig: **21,2**
Sæti í deildarkeppni: **1**
Aðrir Íslendingar: **Jakob Sigurðars.**

**2011-2012 (8-liða úrslit)**
Leikir: **39**
Stig/fráköst (meðaltal): **13,9/10,1**
Framlagsstig: **19,9**
Sæti í deildarkeppni: **3**
Aðrir Íslendingar: **Jakob og Pavel Ermolinskij.**

**2013-2014 (8-liða úrslit)**
Leikir: **39**
Stig/fráköst (meðaltal): **14,5/10,7**
Framlagsstig: **21,7**
Sæti í deildarkeppni: **4**
Aðrir Íslendingar: **Jakob og Ægir.**

**2014-2015 (Undanúrslit)**
Leikir: **40**
Stig/fráköst (meðaltal): **13,8/9,5**
Framlagsstig: **20,3**
Sæti í deildarkeppni: **5**
Aðrir Íslendingar: **Jakob, Ægir Þór og Ragnar Nathanaelsson.**

**2015-2016**
Leikir: **28**
Stig/fráköst (meðaltal): **14,3/10,0**
Framlagsstig: **19,2**
Sæti í deildarkeppni: **6**
Úrslitakeppnin: **Ekki lokið**

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna**

**Valur - Hamar 91-57**

**Valur**: Guðbjörg Sverrisdóttir 33/8 frák., Karisma Chapman 18/19 frák., Hallveig Jónsdóttir 10, Dagbjört Samúelsdóttir 8.. **Hamar**: Alexandra Ford 24, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 13, Nína Jenný Kristjánsdóttir 5, Margrét Arnarsdóttir 4.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Snæfell | 36 | Grindavík | 20 |
| Haukar | 36 | Stjarnan | 6 |
| Valur | 24 | Hamar | 4 |
| Keflavík | 20 | | |

### SPILAÐI MEÐ NÝRNASTEINA

Læknir sem meðhöndlaði Lionel Messi, leikmann Barcelona, segir að Argentínumaðurinn hafi spilað þrjá leiki þrátt fyrir að líkami hans hafi ekki náð að losa sig við nýrnasteina sem voru að angra hann.

Messi missti af undanúrslitaleik Barcelona gegn Guangzhou eftir að hafa fengið nýrnasteinakast en spilaði svo í 3-0 sigri á River Plate í úrslitaleiknum.

Læknirinn segir að alls hafi Messi spilað þrjá leiki áður en hann losnaði loksins við nýrnasteinana. „Hann fékk verkjalyf fyrir leikina svo hann gæti spilað þá," sagði læknirinn, Ruiz Marcellan.

Messi fékk svo loks meðhöndlun við nýrnasteinunum 9. febrúar og missti af nokkrum æfingum. En hann sneri svo aftur og skoraði eitt og lagði upp tvö til viðbótar í 6-1 sigri á Celta Vigo.

### BENITEZ TIL NEWCASTLE

Rafael Benitez var í gær ráðinn knattspyrnustjóri enska úrvalsdeildarfélagsins Newcastle.

Benitez tekur við starfinu af Steve McClaren sem var rekinn í gær. Newcastle er í næstneðsta sæti deildarinnar en hefur nú tíu leiki til að bjarga sæti sínu í deildinni. Það er því verk að vinna hjá spænska þjálfaranum.

Benitez skrifaði undir þriggja ára samning við Newcastle en samkvæmt heimildum Sky Sports getur hann rift samningi sínum við félagið ef það fellur úr ensku úrvalsdeildinni í vor.

Það verða þó nokkrar breytingar á þjálfaraliði félagsins en þeir Fabio Pecchia, Francisco de Miguel Moreno og Antonio Gomez Perez fylgja allir Benitez til Newcastle.

Benitez verður áttundi stjóri Newcastle á aðeins tólf árum en hann var síðast á mála hjá Real Madrid. Hann hefur einnig stýrt Liverpool og Chelsea á ferli sínum.



## Helgin

**Laugardagur**

| | | |
|---|---|---|
| 12.35 | Norwich - Man. City | Sport 2 |
| 14.25 | Darmst. - Augsburg | Sport 3 |
| 14.50 | Stoke- Southampt. | Sport 5 |
| 14.50 | Bournem. - Swansea | Sport 2 |
| 14.55 | Barcelona - Getafe | Sport |
| 14.55 | Grindavík - Stjarnan | Sport 4 |
| 17.20 | Everton - Chelsea | Sport |
| 17.25 | Bayern - Bremen | Sport 2 |
| 18.00 | Valspar Champions. | Golfst. |
| 19.40 | Inter - Bologna | Sport 2 |
| 21.30 | Formúla E | Sport |

**Sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 11.25 | Chievo - Milan | Sport |
| 13.20 | Arsenal - Watford | Sport |
| 13.55 | Udinese - Roma | Sport 2 |
| 15.50 | Man. Utd - West Ham | Sport |
| 15.50 | A. Villa - Tottenham | Sport 2 |
| 18.00 | Valspar Champions. | Golfst. |
| 18.05 | Valur - ÍBV | Sport 2 |
| 19.25 | Las Palmas - Real M. | Sport |


FLUTNINGA-
ÚTSALA
40-80%
AFSLÁTTUR
SERVÍETTUR OG DÚKAR 40-80%
RITFÖNG 70% • FISKARS GARÐÁHÖLD 70%
VINNUFATNAÐUR 70% • PAPPÍRSVÖRUR 40%
BÍLAVÖRUR 40% • EINNOTA VÖRUR 40-80%
HREINLÆTISVÖRUR 40-80%
MÖRKIN 4
OPIÐ: LAUGARDAG 11-16
REKSTRARLAND
Mörkin 4 | Sími 515 1100 | www.rekstrarland.is

## Þetta getur bara ekki klikkað



**Indriði Sigurðsson til KR**
Landsliðsmaðurinn fyrrverandi snýr heim eftir 15 ára atvinnumennsku í Noregi og Belgíu. Hefur verið einn besti miðvörður norsku úrvalsdeildarinnar undanfarin ár og fyrirliði Viking síðan 2011. Öflugur varnarmaður og mikill leiðtogi sem sýnir sig í því að hann er búinn að taka fyrirliðabandið af Pálma Rafni Pálmasyni. KR-ingar töluðu um að þá vantaði karaktera á síðustu leiktíð og hér er mættur maður sem á að hafa mikil áhrif á liðið jafnt innan sem utan vallar.



**Baldur Sigurðsson til Stjörnunnar**
Einn albesti miðjumaður Pepsi-deildarinnar undanfarinn áratug. Er að koma aftur úr atvinnumennsku í Danmörku. Lykilmaður í tveimur meistaraliðum KR 2011 og 2013 og áður bikarmeistari með Keflavík. Mikill leiðtogi og skorar mörk af miðjunni sem er gulls ígildi fyrir hvaða lið sem er. Baldur hefur verið einn áhrifamesti leikmaður deildarinnar og getur bæði spilað á miðri miðjunni sem og í „holunni“ þar sem hann kemur með sterk hlaup inn á teiginn.



**Gary Martin til Víkinga**
Hvalreki fyrir Víkinga. Enski framherjinn hefur skorað 38 mörk í 80 leikjum fyrir KR og ÍA í efstu deild. Óþreytandi vinnuhestur sem skoraði eitt og lagði upp þrjú í fyrsta leik með Víkingum í Lengjubikarnum. Sigurvegarinn sem Fossvogsliðið vantar til að taka næsta skref sem félagið þráir svo heitt. Gary hefur unnið bæði bronsskó og gullskó en hefur ýmislegt að sanna eftir síðustu leiktíð.



**Finnur Orri Margeirsson til KR**
Þrátt fyrir að vera aðeins 25 ára á Finnur Orri að baki 140 leiki í efstu deild og varð Íslands- og bikarmeistari með Breiðabliki. Snýr aftur úr atvinnumennsku hjá Lilleström í Noregi. Vinnusamur miðjumaður sem er gríðarlega ósérhlífinn og öflugur í varnarleiknum. Einn stöðugasti leikmaður sem fyrirfinnst. Leikmaður sem er aldrei til vandræða. Gerir allt sem hann er beðinn um að gera. Eins mikill draumur þjálfara og þeir verða.

# Nýir leikmenn með mikil áhrif

**50 dagar í mót**

**Í dag eru fimmtíu dagar í fyrsta leik í Pepsi-deild karla í fótbolta og liðin tólf eru langt komin með að setja saman leikmannahópa sína fyrir sumarið. Fréttablaðið skoðar í dag félagsskiptin sem við teljum að muni breyta mestu fyrir viðkomandi lið á komandi tímabili.**

**FÓTBOLTI** Leikmannamarkaður Pepsi-deildar karla hefur verið líflegur í vetur og margir sterkir leikmenn munu klæðast nýjum búningum í sumar.

Fréttablaðið hefur farið yfir félagsskiptin sem hafa verið staðfest og flokkað þau niður eftir mögulegum áhrifum sem leikmennirnir munu hafa innan sinna nýju liða.

KR-ingar kræktu sér í tvo af fjórum öflugustu leikmönnunum en þeir misstu líka einn í Víking og misstu ennfremur af gömlum félaga í Stjörnuna.

Það hefur verið mikið í gangi í kringum KR í vetur eftir vonbrigði síðasta sumars og KR-ingar eru mjög áberandi í samantekt okkar.

FH-ingar urðu Íslandsmeistarar síðasta sumar og þeir hafa lagt ofurkapp á að styrkja varnarlínu sína. Stjarnan hefur einnig gert góð kaup í vetur og fleiri lið hafa einnig nýja menn sem eru líklegir til afreka.

Við flokkum athyglisverðustu félagaskiptin í fjóra flokka og það er vert að taka það fram að hér eru aðeins teknir fyrir leikmenn sem hafa spilað á Íslandi áður.

Það eru líka nýir erlendir leikmenn á leiðinni í deildina og þeir eru ekki hluti af þessari samantekt.

**tomas@frettabladid.is**
**ooj@frettabladid.is.**

## Hafa allt til alls til að gera vel hjá nýju liði



**Pablo Punyed til ÍBV**
Salvadorinn kemur með mikinn kraft inn í Eyjaliðið. Einn besti teig-í-teig miðjumaður deildarinnar undanfarin ár og var lykilmaður í meistaraliði Stjörnunnar 2014.



**Gunnar Nielsen til FH**
Markvörðurinn sem FH-ingar þurftu til að taka næsta skref í Evrópu. Var besti leikmaður Stjörnunnar á annars döpru tímabili í Garðabænum í fyrra. Stór og sterkur markvörður sem hefur mikið vald á teignum og mikla reynslu af stórum leikjum.



**Bergsveinn Ólafsson til FH**
Algjör lykilmaður í Fjölnisliðinu sem jafnaði sinn besta árangur í fyrra. Frábær miðvörður sem er sterkur í loftinu og mikill leiðtogi á velli. Ætti bara að verða betri með betri leikmenn í kringum sig.



**Michael Præst til KR**
Daninn hefur verið með bestu varnarsinnuðu miðjumönnum deildarinnar undanfarin þrjú ár. Fyrrverandi fyrirliði Stjörnunnar með mikla leiðtogahæfileika. Alvöru „ruslakarl“ sem staðsetur sig betur en flestir í baráttunni um boltann.

## Styrkja nýja liðið sitt mikið



**Chopart í KR**
Var alltaf mjög öflugur sem eins konar 12. maður Stjörnunnar 2012 og 2013. Sýndi sparihliðarnar með Fjölni seinni hluta sumars í fyrra og skoraði sex mörk í ellefu leikjum.



**Sito í Fylki**
Einn af gluggakörlunum sem slógu í gegn í fyrra. Fór langt með að bjarga ÍBV frá falli einn síns liðs með sex mörkum í ellefu leikjum. Fljótur og tekniskur framherji.



**Guðjón Pétur í Val**
Maðurinn sem var varla inni í myndinni hjá Breiðabliki fyrir mót stóð uppi sem einn besti maður liðsins. Sparkviss miðjumaður sem skilar mörkum og er frábær vítaskytta.



**Þorsteinn í Víking Ó.**
Kominn á heimaslóðir í Ólafsvík þar sem honum líður best. Fljótur og kraftmikill framherji sem þarf kannski að skora aðeins meira en ekki verður deilt um vinnusemi hans.



**Hilmar Árni í Stjörnuna**
Langbesti leikmaður Leiknis í fyrra. Liðið skoraði varla mark án þess að hann kæmi að því. Hefur farið á kostum með Stjörnunni það sem af er undirbúningstímabilinu og virðist smellpassa í liðið.



**Ivanovski í Fjölni**
Myndaði virkilega sterkt miðvarðapar með Bergsveini Ólafssyni fyrri hluta móts í fyrra. Fjölnisliðið fékk á sig töluvert fleiri mörk eftir að þessi þrautreyndi miðjumaður fór. Þekkir Fjölnisliðið vel.



**Róbert Örn í Víking**
Íslandsmeistaramarkvörðurinn þurfti að víkja fyrir færeyska landsliðsmarkverðinum. Fær nú tækifæri til að sýna hvað hann virkilega getur í minna liði. Mun meiri ábyrgð á hans herðum í sumar.

## Getur brugðið til beggja vona

**Grétar Sigfinnur Sigurðarson í Stjörnuna** Kom frá KR.

**Ævar Ingi Jóhannesson í Stjörnuna** Kom frá KA.

**Rasmus Christiansen í Val** Kom frá KR.

**Eyjólfur Héðinsson í Stjörnuna** Kom frá Midtjylland.

**Garðar Jóhannsson í Fylki** Kom frá Stjörnunni.

**Emil Atlason í Þrótt** Kom frá KR.

**Sindri Björnsson í Val** Kom frá Leikni.

**Víðir Þorvarðarson í Fylki** Kom frá ÍBV.

**Iain Williamson í Víking** Kom frá Val.

**Guðmundur Atli Steinþórsson í Breiðablik** Kom frá HK.

# Karen í hóp þeirra fimm markahæstu



Karen Knútsdóttir hefur skorað 277 mörk fyrir A-lið Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta mætir Sviss á morgun í Schenker-höllinni á Ásvöllum en íslensku stelpurnar töpuðu með minnsta mun úti í Sviss á fimmtudagskvöldið og eru enn að bíða eftir sínum fyrsta sigri í undankeppni EM 2016.

Íslenska liðið hefur nýtt sér heimavöllinn vel í undankeppnunum undanfarin ár og það er svo sannarlega kominn tími á sigur. Karen Knútsdóttir, fyrirliði íslenska liðsins, skoraði sex mörk í tapleiknum úti í Sviss og náði með því að komast í hóp fimm markahæstu landsliðskvenna Íslands frá upphafi.

Karen hefur nú skorað 277 mörk fyrir A-landsliðið og komst upp fyrir þær Dagnýju Skúladóttur (274) og Höllu Maríu Helgadóttur (273) á fimmtudagskvöldið.

Karen vantar nú þrettán mörk til að verða fjórða íslenska konan sem nær að skora þrjú hundruð landsliðsmörk en það enn langur vegur fyrir hana að jafna markamet Hrafnhildar Skúladóttur. Hrafnhildur hefur enn 343 marka forskot. Karen þarf því að spila í mörg ár í viðbót til að ógna meti Hrafnhildar en ætti að eiga góða möguleika á því að komast yfir 300 marka múrinn í þessari undankeppni. Íslenska liðið á eftir þrjá leiki, leikinn á morgun og svo tvo leiki í júnímánuði.

Íslensku stelpurnar verða að vinna Sviss í dag til þess að eiga möguleika á þriðja sætinu en tap myndi þýða að þær enduðu í neðsta sæti riðilsins.

Leikur Íslands og Sviss hefst klukkan 16.30 á Ásvöllum í Hafnarfriði á morgun. – óój



Hrafnhildur Skúladóttir er langmarkahæsta landsliðskonan. Hér fagnar hún marki á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Markahæstu landsliðskonur Íslands:

**(SAMKVÆMT HEIMASÍÐU HSÍ)**

**620 Hrafnhildur Ósk Skúladóttir**
**458 Hanna G. Stefánsdóttir**
**372 Guðríður Guðjónsdóttir**
**298 Rakel Dögg Bragadóttir**
**277 Karen Knútsdóttir**
**274 Dagný Skúladóttir**
**273 Halla María Helgadóttir**
**221 Anna Úrsúla Guðmundsd.**
**205 Stella Sigurðardóttir**
**194 Margrét Berg Theódórsd.**



Hildur Björg Kjartansdóttir í leik með landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Náði í fleiri sóknarfráköst en mótherjarnir

**KÖRFUBOLTI** Íslenska körfuboltakonan Hildur Björg Kjartansdóttir hefur staðið sig vel með Texas-Rio Grande Valley háskólaliðinu í bandaríska háskólaboltanum í vetur en hún og liðsfélagar hennar eru komnar í undanúrslit WAC-deildarinnar.

Hildur Björg átti mikinn þátt í 60-52 sigri í framlengdum leik á Chicago State í átta liða úrslitunum. Hildur endaði leikinn með 12 stig og 16 fráköst. Hún tók alls 12 sóknarfráköst í leiknum eða meira en allt lið Chicago State til samans.

Þetta var önnur tvenna Hildar í röð en hún var með 17 stig og 15 fráköst í leiknum á undan. Á tímabilinu er hún með 8,7 stig og 8,6 fráköst að meðaltali og er íslenska landsliðskonan því að toppa á hárréttum tíma.

Hildur endaði tímabilið nefnilega af miklum krafti og var meðal annars valin leikmaður vikunnar í WAC-deildinni í síðustu vikunni fyrir úrslitakeppnina. – óój




Styrkir fyrir námsmenn

Umsóknarfrestur er til 21. mars.
Sæktu um námsstyrki Landsbankans á landsbankinn.is.

Námufélagar eiga nú kost á veglegum námsstyrkjum á framhalds- og háskólastigi fyrir skólaárið 2016-2017.

Veittir verða styrkir í fimm flokkum

» **Framhaldsskólanám**
Þrír styrkir 200.000 kr. hver.
» **Iðn- og verknám**
Þrír styrkir 400.000 kr. hver.
» **Háskólanám** (BA/BS/BEd)
Þrír styrkir 400.000 kr. hver.
» **Listnám**
Þrír styrkir 500.000 kr. hver.
» **Framhaldsnám á háskólastigi**
Þrír styrkir 500.000 kr. hver.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
# HELGIN



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Keli sýnir verkin sín í Neskirkju

**Hrafnkell Sigurðsson** opnar litla yfirlitssýningu á Kirkjutorgi á sunnudag. **Sr. Skúli Ólafsson** ræðir um verkin í messu.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

„Það sem er svo skemmtilegt við að sýna í þessari byggingu er að fá nýja sýn á eigin verk,“ segir myndlistarmaðurinn Hrafnkell Sigurðsson, sem opnar sýningu á Kirkjutorgi, safnaðarheimilinu í Neskirkju, á sunnudag. Hrafnkell hefur átt mikilli velgengni að fagna. Verk hans eru til sýnis á söfnum á meginlandi Evrópu, í Bandaríkjunum og á Íslandi, svo eitthvað sé nefnt.

Messað verður kl. 11.00, samkvæmt hefðinni, en sr. Skúli S. Ólafsson sóknarprestur ræðir um verk Hrafnkels í predikun sinni.

Skúli og Hrafnkell eru sammála um að uppsetning verkanna í kirkju dragi fram aðra hlið á þeim en væru þau sýnd í hefðbundnara sýningarrými.

„Verkin eru líkamleg, en líka andleg. Eins og mannfólkið – við erum þetta tvennt, líkaminn og andinn. Inni í kirkju setur maður þetta meira í svona andlegt samhengi,“ útskýrir Hrafnkell.

Að messu lokinni verður boðið upp á léttar veitingar á Kirkjutorgi og Hildigunnur Sverrisdóttir, arkitekt og nefndarmaður í Sjónlistaráði Neskirkju, ávarpar gesti og fjallar um sýninguna.

Ýmsar sýningar hafa verið haldnar á Kirkjutorgi, en nýtt Sjónlistaráð Neskirkju var skipað á dögunum. Fyrsta val ráðsins á listamanni var Hrafnkell. Áður hafa m.a. Húbert Nói og Einar Garibaldi sýnt.

„Hrafnkell er frábær myndlistarmaður. Það er mikill heiður að fá að sýna verk eftir hann,“ segir sr. Skúli.

Verkin á sýningunni spanna tíu ára tímabil. „Þannig að það má segja að þetta sé lítil yfirlitssýning á verkum Hrafnkels.“

## Hvað á að gera um helgina?

### FARÐU
á HönnunarMars. Dagskráin er gríðarlega fjölbreytt og um er að ræða opnanir um allan bæ fram á sunnudag!





Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi

### FUNDUR OG FJÖLSKYLDAN
Það er flokkstjórnarfundur hjá Samfylkingunni og um kvöldið árshátíð hjá Ungum jafnaðarmönnum sem ég ætla auðvitað að mæta á! Sunnudagurinn verður svo helgaður fjölskyldunni.

### LESTU
síðustu ástarjátninguna eftir Dag Hjartarson.






Álfrún Pálsdóttir, ritstjóri Glamour

### ELEGANT Í MÁLNINGARGALLANUM
Ég er að undirbúa að flytja búferlum. Svo mín helgi fer í að pússa glugga, mála og pakka í kassa. Elegant helgi í málningargallanum!

### HLUSTAÐU
á íslensku hljómsveitina Kaleo sem kom fram í þætti Conans O'Brien í vikunni!





Áslaug María Friðriksdóttir borgarfulltrúi

### ALLT AÐ GERAST
Þetta verður helgin sem lítið er planað en allt gerist, held ég. Vorið á næsta leiti og maðurinn minn heima (svona til tilbreytingar). Við getum drukkið kaffi og horft í augun hvort á öðru. Það kemur örugglega eitthvað út úr því!

### HORFÐU
á Ísland Got Talent á sunnudagskvöld í beinni útsendingu!



NISSAN
Innovation that excites

WWW.NISSAN.IS

# NISSAN QASHQAI ER EINN **VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS**




## TIL AFGREIÐSLU STRAX

Nissan Qashqai er einn tæknilegasti sportjeppi sem völ er á og hlaðinn aukabúnaði svo sem sjálfvirkum aðalljósum, 17" álfelgum, leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, Google og Facebook samþættingu við snjallsíma svo eitthvað sé nefnt.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Verð: 3.990.000 kr.**
**NISSAN QASHQAI ACENTA**
Framhjóladrifinn, 1,5 dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*

**Verð: 4.590.000 kr.**
**NISSAN QASHQAI ACENTA**
Framhjóladrifinn, 1,6 dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 4,6 l/100 km*

**Verð: 4.990.000 kr.**
**NISSAN QASHQAI ACENTA**
Fjórhjóladrifinn, 1,6 dísil, beinskiptur
Eyðsla 4,9 l/100 km*

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / Aukabúnaður í mynd: Álfelgur

ENNEMM / SÍA / NM73224

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# Komdu og vertu eins og heima hjá þér





IDdesign

## FRIDAY
Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga.
Brúnt áklæði.
Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm

**249.990 kr.**
~~299.990 kr.~~

## KIRUNA
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 301 × 200 × 78 cm

**189.990 kr.**
~~239.990 kr.~~

furninova



## VESTA
Tungusófi hár, hægri og vinstri tunga.
Grár, brúnn og bleikur.
Stærð: 295 x 94/160 x 80 cm

**199.990 kr.** ~~299.990 kr.~~





## AVELINO
Svefnsófi. Slitsterkt áklæði. Ljós- og dökkgrár og blár.
Góð rúmfataskúffa. Stærð: 214 x 89 x 90 cm

**69.990 kr.**
~~89.990 kr.~~

## ROMANCE
2,5 sæta sófi. Dökkgrár. Viðarfætur.
Stærð: 170 x 82 x 87 cm

**139.990 kr.**
~~179.990 kr.~~










## OMAGGIO
Omaggio Pearl í öllum stærðum er mættur í Höllina Bíldshöfða ásamt annarri nýrri smávöru. Komdu og kíktu á úrvalið.

## MOTTUMARS
TAKTU ÞÁTT Á MOTTUMARS.IS

**5%** af sölu á öllum mottum í Mottumars renna til Krabbameinsfélagsins. Mikið úrval frá Broste og fleiri framleiðendum.

## BROSTE
Nýtt og enn stærra Broste sýningarrými í Höllinni Bíldshöfða. Af því tilefni og 60 ára afmæli Broste bjóðum við **20%** afslátt af Broste vörum í mars.

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# Páskatilboðin í Höllinni



## BORÐ-STOFA

**MICHIGAN**
Michigan borðstofuborð olíuborin spónlögð hnota.
**249.990 kr.**
~~349.990 kr.~~

Lengd 205 cm.

Lengd 358 cm.
Stækkanir innifaldar

Lengd 511 cm.
Stækkanir seldar sér.

**MICHIGAN**
Michigan borðstofuborðin eru 101 x 205 cm og hæð 74 cm. og eru stækkanleg í 358 cm. Hægt er að kaupa viðbótarstækkanir þannig að borðið verði allt að 511 cm.



**BELINA**
Borðstofuborð, eik/hvítt.
2 x 50 cm. stækkun fylgir.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm
**89.990 kr.**
~~119.990 kr.~~



**BELINA**
Borðstofuborð, eik/hvítt.
50 cm. stækkun fylgir.
Stærð: 100 x 110/160 H: 74 cm
**79.990 kr.**
~~99.990 kr.~~



**DIMA**
Borðstofustóll. svartur eða hvítur með svörtum eða viðarlitum löppum.
**9.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



**PARIS**
Borðstofustóll. Margir litir með sterkbyggðum viðarlöppum.
**9.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



**BELINA**
Borðstofustóll. Hvítur eða svartur.
**14.990 kr.** ~~19.990 kr.~~



**DOLPHIN**
Borðstofustóll. Ljósbrúnt eða svart leður og krómfætur.
**59.990 kr.** ~~74.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Erfitt að horfast í augu við minningarnar

Aðfaranótt 4. janúar 2002 varð hræðilegur eldsvoði á Þingeyri þar sem ung hjón létust ásamt eins og hálfs árs gömlum syni sínum. Þau Hreiðar Snær Línason og Ingibjörg Edda Guðmundsdóttir voru aðeins 22 og 20 ára þegar þau létust í brunanum ásamt syni sínum, Leon Erni. Eldri sonur þeirra, **Anton Líni Hreiðarsson**, sem þá var 3 og hálfs árs, bjargaðist.

Ég man aðeins eftir þessu en það trúa því ekki allir vegna þess að ég var svo ungur þegar þetta gerðist," segir Anton Líni Hreiðarsson. Hann er núna á átjánda ári og stundar nám í vélstjórn við Verkmenntaskólann á Akureyri. Hann er nýlega fluttur norður en bjó áfram að mestu leyti á Þingeyri eftir brunann.

Anton Líni hefur hugsað mikið um þessa örlagaríku nótt sem fjölskylda hans var hrifsuð frá honum.

„Ég man ég vaknaði um nóttina og sá eld. Ég hljóp og vakti pabba. Síðan man ég eftir að það var sagt: Hvar er bróðir þinn? En ég man lítið eftir það," segir Anton. Faðir hans hafði þá hlaupið með hann út en missti hann á leiðinni. Amma hans, sem bjó á efri hæðinni, fór inn og bjargaði Antoni út.

„Ég veit nokkurn veginn hvað gerðist. Pabbi hljóp með mig fram en missti mig á ganginum. Hann fór út og þá var amma komin fyrir utan. Hún fór inn þar sem allt var fullt af reyk og ætlaði að fara að snúa við því hún fann mig ekki en þá heyrði hún í mér. Pabbi hljóp þá aftur inn til að bjarga hinum."

Faðir hans komst ekki aftur út lifandi. Hjónin ungu dóu bæði í eldsvoðanum og yngri sonur þeirra.

**Alltaf verið lokaður með þetta**

Fyrsta árið eftir brunann bjó Anton hjá móðurforeldrum sínum. Hann flutti svo til föðurforeldra sinna, aftur á Þingeyri, í sama hús og bruninn hafði átt sér stað í. Þar bjó hann þar til hann fór í menntaskólann á Ísafirði þegar hann var 16 ára.

„Ég hef oft hugsað með bróður minn að ég hefði viljað gera eitthvað til þess að bjarga honum þó ég hafi ekki haft vit til þess. Það koma upp alls konar svona hugsanir," segir Anton sem segist þó gera sér fulla grein fyrir að hann hefði ekki getað gert neitt.

„Í raun og veru hef ég alltaf verið mjög lokaður með þetta. Ég byrjaði ekkert að tala um þetta fyrr en fyrir svona ári síðan. Þá var ég búinn að vera dálítið langt niðri og brotnaði pínu saman. Ég bjó þá á heimavistinni í Menntaskólanum á Ísafirði. Ég hafði lokað mig svolítið af. Ég hafði alltaf svo mikið að gera en þarna var lítið að gera og þá fer maður að vorkenna sér. Ég fór að byggja mig upp og gera eitthvað af viti. Ég horfðist í augu við þessa minningar."

**Rosaleg reiði og sorg**

Hann segir það hafa verið langt í frá auðvelt að fara í gegnum þetta. Lesa fréttir af brunanum og minningargreinar um foreldra sína. „Það kom upp rosaleg reiði og sorg. Það rifjaðist upp hellingur af minningum, margt sem mér hafði verið sagt en ég hafði lokað á þetta allt. Ég var bara búinn að reyna að gleyma þessu öllu. Ég vissi að ef ég myndi ekki gera neitt þá myndi ég aldrei ná að lifa með þessu. Ég hugsa að mér hafi alltaf verið svolítið hlíft. Það voru allir glaðir þegar ég fór að tala um þetta. Þau voru svo frábært fólk," segir hann.

Foreldrar Antons Lína voru afar tónelskir og hann hefur erft það frá þeim. Móðir hans, Ingibjörg Edda, hafði lokið námi á fyrsta ári í Tónlistarskóla Ísafjarðar og hafði hafið nám á öðru ári. Hreiðar var í píanónámi þegar hann lést en hafði einnig leikið á orgel, gítar og trompet. Anton segir tónlistina hafa hjálpað sér mikið við að læra að sætta sig við minningarnar en í gegnum hana fái hann líka ákveðna tengingu við foreldra sína. „Tónlistin hefur alltaf verið í mér og ég syng alltaf eða spila þegar mér líður illa. Mér fannst ➡

# ÞAÐ ER OPIÐ Í DAG




**Við viljum taka á móti fleiri viðskiptavinum og höfum því opið í dag kl. 10:00–14:00.**

Nú getur þú skipt um tryggingafélag með 30 daga fyrirvara en ekki bara einu sinni á ári líkt og áður.

Fáðu tilboð í allar þínar tryggingar.
Hafðu samband í síma 514 1000 eða á vordur.is

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR

vörður



Anton notar tónlistina til að takast á við erfiðar minningar og hefur samið lag um foreldra sína og bróður. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

gott að gera þetta upp í þessu lagi. Þetta er svona mín leið til að reyna að tala um þetta og gera eitthvað. Pabbi var mjög góður á gítar og þau sungu bæði vel.“

Anton býr nú á Akureyri hjá móðurömmu sinni og stefnir á að ná lengra í tónlistinni. Hann hefur verið að vinna lög með vinum sínum og saman kalla þeir sig Aquariion.

**Þakklátur fyrir stuðninginn**

Eftir brunann var safnað fyrir Anton og fjölmargir lögðu söfnuninni lið á ýmsan hátt. „Ég er virkilega þakklátur fyrir hvað ég fékk mikla hjálp á þessum tíma. Það var fólk úti um allt land að hafa samband. Mér er mjög minnistætt þegar ég var yngri og var að æfa fótbolta. Þá kemur strákur með 50 krónur og spyr hvort ég hafi ekki misst fjölskylduna mína. Ég segi jú og þá segist hann vilja gefa mér 50 krónurnar sínar. Það var ýmislegt svona sem maður fann.“

Hann segir líka mikilvægt að minna fólk á að vera þakklátt fyrir það sem það á. „Þetta varð líka til þess að ég fór að hugsa hvað fólk áttar sig ekki á hvað fjölskyldan er dýrmæt og kann ekki endilega að meta það sem það hefur. Fólki finnst þetta sjálfsagður hlutur en það er það ekki.“

**ÞAÐ KOM UPP ROSALEG REIÐI OG SORG. ÞAÐ RIFJAÐIST UPP HELLINGUR AF MINNINGUM, MARGT SEM MÉR HAFÐI VERIÐ SAGT EN ÉG HAFÐI LOKAÐ Á ÞETTA ALLT.**

# Kraftaverk að hafa fundið hann

**Gunnhildur Elíasdóttir, föðuramma Antons Lína, bjargaði honum úr eldsvoðanum eftir að faðir hans hafði hlaupið með hann hálfa leiðina út. Hún segist vera þakklát fyrir þann mikla stuðning sem fjölskyldan fékk eftir slysið.**

Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi að bjarga honum,“ segir Gunnhildur Elíasdóttir, föðuramma Antons Lína. Gunnhildur bjó á efri hæð hússins ásamt þáverandi eiginmanni sínum og dóttur. Þau vöknuðu við læti á neðri hæðinni og sáu fljótt hvað var í gangi. „Við vöknuðum við öskur og hróp, það var líklega Anton Líni sem náði að vekja pabba sinn. Hin voru þá sennilega dáin í reyknum. Það var talið að þau hefðu aldrei vitað hvað gerðist,“ segir Gunnhildur.

Hún hljóp út á nærfötunum niður á neðri hæðina þar sem ekki var innangengt af efri hæðinni. Þá lá Hreiðar aðframkominn við útidyrnar. „Pabbi hans komst með hann hálfa leið út. Hann komst út en týndi Antoni á leiðinni í kófinu. Þegar ég kem að segir pabbi hans strax: Anton Líni er inni. Ég var ekkert að hugsa það, auðvitað voru þau öll inni. Ég fór inn en ætlaði að fara að snúa við út af reyk og það var allt svart. Þá heyrði ég pínulítinn grát í honum og það var kraftaverk ég skyldi finna hann því ég sá ekki neitt.“

**Kom ekki til greina að flytja**

Gunnhildur fór út með Anton Lína en þá hafði Hreiðar farið aftur inn til þess að reyna bjarga eiginkonu sinni og yngri syni. Þau létust öll í brunanum.

Dagarnir á eftir brunann voru erfiðir. Nýr veruleiki blasti við og ekki var hægt að gefast upp, þau þurftu að vera til staðar fyrir Anton Lína. „Þetta var ekki auðvelt. Ég fór með honum að kveðja þau í síðasta skiptið og það voru átök á sálinni.“

Þau fluttu úr húsinu meðan var verið að gera við skemmdirnar eftir brunann en fluttu aftur inn þremur mánuðum síðar. „Fólk var svolítið hissa á því en við sögðum alltaf að húsið hefði ekki gert okkur neitt.“

Gunnhildur segir það ekki hafa komið til greina að flytja frá Þingeyri. Þau fengu mikinn stuðning frá bæjarbúum en litla samfélagið var lamað af sorg. „Nokkrum dögum eftir slysið kom áfallateymi frá Landspítalanum. Sóknarpresturinn sem var hérna, Guðrún Edda Gunnarsdóttir, og eiginmaður hennar, Einar Sigurbjörnsson, voru okkur stoð og stytta. Guðrún Edda skírði báða strákana og gifti þau hjónin. Hún er enn að veita mér áfallahjálp fjórtán árum síðar. Þetta var ómetanlegt. Hún kom stundum, vaskaði upp, tók til og sagði manni að borða,“ segir Gunnhildur þakklát.



**ÞETTA VAR EKKI AUÐVELT. ÉG FÓR MEÐ HONUM AÐ KVEÐJA ÞAU Í SÍÐASTA SKIPTIÐ OG ÞAÐ VORU ÁTÖK Á SÁLINNI.**

Gunnhildur og Anton saman stuttu eftir atburðinn. Fyrst á eftir talaði hann mikið um foreldrana og litla bróður sem hann færði reglulega gjafir í kirkjugarðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hjálp alls staðar að**

„Maður fékk hjálp alls staðar að. Anton Líni fékk senda pakka og bréf. Þetta var ótrúlegt. Hann fékk send föt og dót frá ókunnugu fólki. Hann var að fá bréf þar sem mömmurnar voru að skrifa fyrir börnin sín sem höfðu tekið úr sparibauknum sínum og keypt eitthvað handa honum. Þetta var ótrúlega magnað og allur þessi fallegi stuðningur hjálpaði manni að standa í lappirnar,“ segir hún og rifjar upp eina sendinguna sem skipti hana afar miklu máli.

„Um tveimur árum eftir slysið fékk ég smá pakka í pósti. Það var vídeóspóla sem hafði verið tekið upp á. Það voru rétt í kringum tvær mínútur af Hreiðari að leika við strákana í læk við sumarbústað hérna vestur í Vatnsfirði í Flókalundi. Spólan kom frá fólki sem hafði verið í bústað við hliðina á þeim og ég þekkti þau ekki neitt. Þau tóku þetta óvart upp því það voru krakkar frá þeim að leika sér í læknum. Þetta sendi konan mér tveimur árum seinna. Það var mjög dýrmætt að fá þessa sendingu og maður skildi hvað svona litlir hlutir eru stórir í svona aðstæðum,“ segir hún.



Gunnhildur segir þetta reynslu sem enginn ætti að hafa á bakinu.

Fyrst eftir atburðinn talaði Anton Líni mikið um foreldra sína og bróður. „Við fórum mikið í kirkjugarðinn. Við bjuggum við kirkjugarðshornið og hann var alltaf að færa brósa sínum eitthvað. Gefa



Bræðurnir saman.



Gunnhildur segir þau Hreiðar og Ingibjörgu hafa verið yndislegt fólk. Þau voru aðeins 16 og 18 ára þegar Anton fæddist. Hún segir þau hafa lifað hratt en þau giftu sig sumarið áður en þau létust. „Það lýsir þeim vel að brúðkaupsnóttinni eyddu þau í tjaldi sem hann hafði tjaldað deginum áður. Þau sóttu strákana svo morguninn eftir og fóru með þeim í útilegu. Þau voru mikið fjölskyldufólk.“



Selja reykskynjara:
Ágóðinn rennur til Antons Lína

Félag slökkviliðsmanna á Ísafirð
ætlar að bjóða 300 reykskynjara t
sölu og mun allur ágóði renna til lit
drengsins, Antons Lína Hreiðarssona
sem komst lífs af í brunanum á Þi
eyri aðfaranótt 4. janúar sl. Anton l
missti foreldra sína og bróður í b
anum.

Að sögn Þorbjörns Sveinssona
irslökkviliðsstjóra á Ísafirði,
tryggingafélögin, VÍS, Sjóvá-Alm
og Tryggingamiðstöðin gefa 10
skynjara hvert til félagsins. „Li
í Félagi slökkviliðsmanna á
munu ganga í hús og bjó
til sölu á kostnað



Kviknaði í út frá kertaskreytingu

Rannsókn á eldsvoðanum á Þingeyri stendur enn yfir. Staðfest hefur verið að það kviknaði í út frá kertaskreytingu í stofunni. Íbúar á Þingeyri eru harmi slegnir yfir atburðunum en þrennt lést í eldsvoðanum, hjón og barn þeirra.

ELDSVOÐI Lögregla hefur staðfest að kertaskreyting olli eldsvoðanum á Þingeyri. Þrennt lést í brunanum sem átti sér stað aðfaranótt föstudags, hjón og barn þeirra. Þau hétu Ingibjörg Edda Guðmundsdóttir, tvítug, fædd 11. desember 1981, Hreiðar Snær Línason, eiginmaður hennar, 22 ára, fæddur 29. júní 1979. Sonur þeirra sem lést hét Leon Örn Hreiðarsson, fæddur 27. maí, 2000.

Ljóst er að eftir að kviknaði í skreytingunni, sem staðsett var í stofunni, breiddist eldur út um íbúðina, sem var í kjallara. Að sögn Kristjáns Gunnarssonar, svæðisstjóra slökkviliðs Ísafjarðar á Þingeyri, virðist sem það hafi kviknaði í plasteinangrun í lofti íbúðarinnar. Mikill eldmatur var í loftinu og brunnu flestir milliveggir niður. Talið er að reykurinn hafi orðið fólkinu að bana, en lögregla hefur þó ekki staðfest það.

VETTVANGUR HARMLEIKS
Kviknaði í plasteinangrun í lofti íbúðarinnar. Mikill eldmatur var í loftinu og brunnu milliveggir niður. Talið er að

honum nammi. Einu sinni fór ég með honum og þá var hann með bland í poka og vildi gefa brósa nammi. Svo segir hann: Heyrðu, nei amma, brósi vill ekki nammi, hann segir að ég megi eiga það, og stakk molanum upp í sig,“ segir hún hlæjandi að minningunni. „Svo leit hann oft upp í himininn og sá stjörnurnar og þá voru það mamma og pabbi að fylgjast með honum.“

**Reynslan þroskar mann**

Eftir því sem Anton varð eldri talaði hann minna um atburðinn. „Ég held það sé í fyrst núna þegar hann samdi þetta lag sem hann er að tjá sig um þetta frá eigin brjósti. Mér finnst gott að maður var ekki að pressa á hann að tala um þetta heldur fékk þetta bara að fljóta þegar hans tími var kominn. Þetta er mikil reynsla sem enginn ætti að hafa á bakinu. Þó að þetta sé skelfilegt þá þroskar svona reynsla mann. Hann er að taka út þennan þroska núna,“ segir Gunnhildur.

Sjálf segist Gunnhildur ekki geta útskýrt það hvernig maður nái að halda áfram að lifa eftir svona hrikalegan atburð. „Ég veit það eiginlega ekki sjálf. Það einhvern veginn gerist, maður þarf að halda áfram. Ég á fjögur önnur börn og auðvitað er fullt af góðu fólki í kringum mann,“ segir hún. „Stuttu eftir þetta sat ég í eldhúsinu heima og hugsaði að ég væri að fara yfir um. Þetta væri of mikið. Ég spáði í því hvort ég ætti ekki fara bara til læknis og fá einhverjar pillur, ég hafði ekki tekið eina einustu svefntöflu allt þetta ferli. Þá hugsaði ég með mér að ég væri komin í stórhættu ef ég færi að éta eitthvað svoleiðis en ákvað í staðinn að fara út í göngutúr. Það má eiginlega segja að ég sé búin að vera upp um fjöll og firnindi síðan. Ég hugsa stundum hvar ég væri í dag hefði ég valið hinn kostinn.“

**Mikilvægt að tala um hlutina**

Gunnhildur segir það líka mikilvægt að tala um hlutina. „Fyrir einhverjum áratugum talaði fólk ekki um svona hluti. Það talaði ekki um sorgina. Maður átti að þegja og harka af sér. Sumir komast hins vegar aldrei í gegnum svona en ég blessunarlega tilheyri ekki þeim hópi. Það sem skipti líka miklu máli er að það var allt í sátt og samlyndi þegar þau dóu. Enginn var í fýlu við neinn. Það skiptir miklu máli að eiga ekki neitt óuppgert. Auðvitað er það ekkert alltaf þannig en við vorum heppin þarna,“ segir Gunnhildur. „Auðvitað hefur þetta samt reynt mikið á alla fjölskylduna eins og hún leggur sig. Að missa næstum heila fjölskyldu úr fjölskyldunni.“

Eftir brunann var sett í gang átak til þess að vekja fólk til umhugsunar um að setja upp reykskynjara á heimilum sínum.

„Það var mikil vakning eftir þetta varðandi reykskynjara. Það var ekki reykskynjari í íbúðinni. Það var gert mikið átak í þessum málum. Við vorum ófeimin við að segja frá því að þarna vantaði reykskynjara og hugsanlega hefði ekki farið svona illa ef það hefði verið. Þarna varð engu breytt en það kannski breytti fyrir einhverja eftir á. Og ég er alveg viss um að það hafi gert það. Þó það sé andskoti sárt að læra svona af reynslunni þá er alltaf eitthvað sem skilar sér. “


SKISSUM SAMAN!

Skissustund fyrir alla fjölskylduna

Í dag milli kl. 13 og 16 býðst allri fjölskyldunni að gera eigin skissur með leiðbeiningum frá snjöllum hönnuðum í Arion banka, Borgartúni 19.

Skissugögn á staðnum.

Í tilefni af HönnunarMars sýna íslenskir hönnuðir og arkitektar skissurnar sínar í Borgartúni 19 og veita innsýn í hvernig hugmyndir verða til og öðlast form.

Sýningin er opin um helgina milli kl. 13 og 17.

Allir velkomnir – kaffiveitingar í boði.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 16-0859

ARION BANKI




747-400 vél Atlanta er rækilega merkt Iron Maiden. Flugnúmerið er CC-666, eða stafir Atlanta og tilvísun í frægasta lag Iron Maiden, The Number of the Beast. LJÓSMYND/JÓN KALDAL

# Fyrst trommarinn gat það

Enska þungarokkssveitin Iron Maiden lagði á dögunum af stað í tónleikaferð um sex heimsálfur í Boeing 747-400 breiðþotu frá íslenska flugfélaginu Air Atlanta og flýgur söngvari hljómsveitarinnar, **Bruce Dickinson**, vélinni sjálfur.

Jón Kaldal
jon.kaldal@icelandmag.com



Við eigum eftir um það bil tveggja klukkustunda flug til Fort Lauderdale í Bandaríkjunum og Bruce Dickinson, söngvari Iron Maiden og einn af flugmönnum vélarinnar, þarf ekkert að hugsa sig um þegar ég spyr hvort það sé ekki freistandi að slaka á og láta aðra sjá um flugið í tónleikaferðinni sem er fram undan.

„Ég myndi sjálfsagt verða vitlaus úr leiðindum ef ég væri bara farþegi í fluginu," segir hann og glottir en bætir svo við af meiri alvöru: „Það er liðið eitt ár frá því læknarnir gáfu mér grænt ljós eftir níu vikna lyfjameðferð og 33 skipti í geislum vegna krabbameins í hálsi og tungu. Ég hef aldrei haft meiri ástríðu fyrir því sem ég fæst við en einmitt núna; fyrir fluginu, tónlistinni og viðskiptunum. Þetta var næstum því allt tekið frá mér."

### Vél frá Atlanta

Við Bruce sitjum einir á efri hæð í 747 breiðþotu íslenska flugfélagsins Air Atlanta, eða í kryppunni, sem gerir þessa flugvélargerð eina þá auðþekktustu í heiminum. Félagar hans í Iron Maiden eru komnir til Bandaríkjanna þannig að það er enginn á efri hæðinni þennan fyrsta legg. Þarna er yfirleitt viðskiptafarrými með að minnsta kosti 26 lúxussætum. Í tilefni ferðarinnar hefur þeim verið fækkað í átta tvíbreið sæti þar sem meðlimir hljómsveitarinnar munu láta fara vel um sig á hljómleikaferðinni. Það er að segja allir nema Bruce. Hann hefur hugsað sér að vera sem mest í flugstjórnarklefanum, eins og hann hefur verið frá því við tókum á loft frá Cardiff-flugvelli tæplega sjö klukkustundum áður.

En hvernig bar það til að hljómsveitin ákvað að leigja þessa tröllvöxnu flugvél, sem venjulega tekur um 440 farþega en mun ekki fljúga með mikið fleiri en 50 til 60 hvern legg í þessari ferð?

„Ég á flugþjónustufyrirtæki í Cardiff með félaga mínum. Atlanta er stærsti einstaki viðskiptavinurinn okkar og sendir á hverju ári flugmenn í þjálfun hjá okkur. Fyrir um tveimur árum voru nokkrir Atlantamenn í heimsókn og þá datt mér í hug að spyrja hvort þeir ættu ekki svona vél fyrir mig. Þetta var náttúrulega klikkuð spurning en þegar þeir svo hringdu og sögðu já, fór boltinn að rúlla og hér erum við."

### Gegnheill flugnörd

Tengsl Bruce við íslenska fluggeirann má rekja til þess þegar hann var flugmaður hjá breska flugfélaginu Astreus sem flaug um árabil með farþega Iceland Express. Bruce var flugmaður Astreus frá stofnun 2002 og þar til félagið óskaði eftir gjaldþrotaskiptum haustið 2011.

Fall Astreus reyndist Bruce hins vegar engin ógæfa því það varð til þess að hann stofnaði 2012 eigið flugþjónustufyrirtæki, Cardiff Aviation, í félagi við Breta sem höfðu upprunalega stofnað Astreus.

Ég hafði einmitt hitt Bruce í fyrsta skipti daginn áður í húsakynnum Cardiff Aviation. Hann var klæddur í einkennisbúning félagsins og gult endurskinsvesti, eða svo til eins og allir aðrir starfsmenn á svæðinu. Ég trúði því varla að þetta væri maðurinn fyrr en við vorum formlega kynntir. Þarna var sem sagt kominn söngvarinn í hljómsveit sem hefur selt yfir 90 milljón plötur og troðfyllir enn íþróttahallir, og jafnvel leikvanga en virtist engu að síður vera á heimavelli á látlausri kaffistofu innan um flugvirkja og annað starfsfólk Cardiff Aviation.

Viku seinna átti ég eftir að sjá hann fara fullkomlega með hlutverk rokkstjörnunnar á fyrstu tónleikum heimsreisunnar, en þá hafði ég líka komist að því að flugið er ekki aðeins áhugamál og annað starf Bruce Dickinson heldur ástríða sem hefur átt hug hans í um tuttugu ár. Og ég var líka búinn að komast að því að alþýðleiki kappans var síður en svo eitthvert leikrit. Það sýndi sig vel þegar hann mætti einsamall kvöldið fyrir brottför frá Wales og tékkaði sig inn á fábrotið Holiday Inn Express flugvallarhótelið ásamt öðrum úr áhöfn vélarinnar frá Atlanta, en formlega er hann starfsmaður íslenska flugfélagsins á meðan ferðin stendur yfir.



Bruce Dickinson með flugmönnum Atlanta eftir jómfrúarferðina frá Bretlandi til Bandaríkjanna. Ásgeir Ásgeirsson fyrir miðju og Róbert Kristmundsson til hægri.

## Áhöfn frá Atlanta

**Tónleikaferð Iron Maiden**
5 mánuðir | 35 lönd | 6 heimsálfur

**Áhöfn** Bruce Dickinson flýgur vélinni en með honum verða allan tímann tveir flugmenn frá Atlanta auk flugvirkja, flugfreyja og flugþjóna frá íslenska flugfélaginu.

**Um borð** Tólf tonn af sviðsbúnaði, rótarar og annað fylgdarlið hljómsveitarinnar.

**Óvenjulegasta og eitt lengsta flug ferðarinnar** Frá Perth í Ástralíu til Cape Town í Suður-Afríku. Flugið er 11 klukkustundir og er nánast bara yfir úthafi. Á stórum parti er engin flugumferð á þessari leið og ekkert talstöðvarsamband.

### Fyrst trommarinn gat það

Bruce er stjórnarformaður Cardiff Aviation. Starfsmenn eru um 100 og reksturinn hefur farið hratt vaxandi. Félagið rekur nokkra flugherma, þannig að heimatökin voru hæg þegar Bruce þurfti að setjast á skólabekk og læra á 747 breiðþotuna.

„Ég á milli sex og sjö þúsund flugtíma á þessar algengustu farþegaflugvélar, Boeing 757 og 737, en ég þurfti að fara í tveggja mánaða nám til að fá réttindi á þessa, enda er hún um það bil tvöfalt stærri en hinar og með fjóra hreyfla en ekki bara tvo," segir Bruce og gerir stutta þögn. Mögulega til að hlusta á hreyflana fjóra fyrir utan gluggana en sjálfsagt frekar til að njóta augnabliksins. Það fer ekki á milli mála að flugvélin er honum efst í huga.

„Boeing 747 breiðþotan er goðsögn í heimi flugsins, Það eru stórkostleg forréttindi fyrir mig að fá að fljúga henni. Svona flugvél verður aldrei smíðuð framar. Það er raunverulegt samband milli manns og vélar í 747 sem er ekki til staðar í þessum nýju stóru flugvélum," segir hann.

En hvernig stóð á því að rokkstjarna sem vissi ekki aura sinna tal ákvað að verða flugmaður á hátindi ferils síns? Bruce útskýrir að flug og flugmenn hafi verið nærri honum frá barnæsku. „Frændi minn og guðfaðir störfuðu báðir fyrir breska flugherinn. Ég var mikið á flugvöllum með þeim og límdi saman ófá flugvélamódelin. Ég var hins vegar frekar dapur námsmaður og hélt að ég hefði ekki sjálfur það sem til þyrfti til að verða flugmaður."

Ástæðu þess að sú hugmynd breyttist segir Bruce tengjast rokkinu. „Já, þegar einn trommari sem ég þekki tók flugmannspróf, áttaði ég mig á því að ég hlyti að geta það líka. Það vita allir hvernig trommarar eru," segir hann og glottir.

Bruce var 29 ára þegar hann tók fyrstu flugtímana. Hann var staddur í Los Angeles að vinna að sólóplötu í fríi frá Iron Maiden. „Ég var í stúdíóinu á morgnana, fór í flugtíma eftir hádegi og settist svo yfir flugbækurnar á kvöldin. Þetta var frábær tími."

Í kjölfar sólóprófsins fór hann í atvinnuflugmannsnám í Flórída og eftir það varð ekki aftur snúið. „Þegar ég var kominn með réttindi til að fljúga í Evrópu og Bandaríkjunum var ég kominn svo djúpt í flugið að ég ætlaði um tíma að hætta í tónlistinni og snúa mér alfarið að flugmannsstarfinu. En svo gat ég það ekki. Tónlistin skipti mig of miklu máli."

### Nýorðinn bjórframleiðandi

Það er stífur hliðarvindur þegar við nálgumst Fort Lauderdale en lendingin lukkast fullkomlega hjá Bruce. Þar með er hann búinn að bæta enn einni línu á afrekalistann sinn.

Þessi merkilegi náungi hefur stundum verið kallaður einn af síðustu endurreisnarmönnum rokksins vegna þess hversu óvenju fjölhæfur hann er. Fyrir utan flugið og tónlistina þykir hann afbragðs skylmingamaður, hefur sent frá sér skáldsögur, er að byggja upp vaxandi flugþjónustufyrirtæki og nýjasta verkefnið, segir hann mér, er að leiða fyrir hönd Iron Maiden þróun og markaðssetningu á bjórnum Trooper, sem er meðal annars nýkominn á markað á Íslandi.

Merkilegast finnst mér hins vegar að sjá hversu vel hann virðist liggja í sjálfum sér. Þetta er náungi sem fer um án fylgdarliðsins, sem fræga fólkið er svo oft með í eftirdragi, og virtist una sér best á spjalli við flugmennina þá daga sem við erum á ferðinni.

Undir lok spjalls okkar á leið vestur yfir hafið nefnir Bruce aftur að baráttan við krabbameinið hafi breytt mörgu og að honum finnist mikilvægt að nýta sem best þann tíma sem honum er gefinn.

„Ég verð 58 ára seinna á árinu og flugmenn hjá flugfélögum þurfa að setjast í helgan stein 65 ára. Og þó læknarnir segi mig fullkomlega læknaðan af krabbanum þá veit maður aldrei," segir hann.

Það vottar ekki fyrir ótta þegar Bruce segir þetta. Þvert á móti lýsa augun af tilhlökkun, enda er framundan ferð um heiminn við stjórnvölinn á 747 breiðþotu og ég efast ekki eitt augnablik um að hann vill hvergi annars staðar frekar vera.




Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjórhjóladrif og sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson – verð frá 5.490.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16




**Farið yfir málin.** Reglulega eru haldnar stórar æfingar þar sem hermt er eftir atburðum úti í heimi. MYND/LÖGREGLAN

# Hefur þú það sem til þarf í sérsveitina?

Fjörutíu lögreglumenn skipa sérsveit ríkislögreglustjóra. Engin kona hefur komist í hana, inntökuskilyrðin eru ströng og sömu reglur gilda fyrir konur og karla. **Guðmundur Ómar Þráinsson** yfirmaður sveitarinnar segir koma að því að kona fái inngöngu og lýsir hvaða eiginleikum menn þurfa að vera búnir til starfa í sérsveitinni, verkefnum sveitarinnar og hvernig hún er vopnum og tækjum búin.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Guðmundur Ómar Þráinsson er yfirmaður sérsveitar ríkislögreglustjóra. Hann fer fyrir fjörutíu lögreglumönnum sem eru sérþjálfaðir til þess að takast á við vopnuð lögreglustörf. Sérsveitin gegnir mikilvægu hlutverki í hryðjuverkavörnum og þjálfun hennar snýst m.a. um undirbúning til að takast á við fjöldadrápsárásir, stórfelld ofbeldisbrot, handtökur á hættulegum mönnum, gíslatökur, sprengjutilræði, flugrán og sjórán. Æfingarnar eru umfangsmiklar og reynt að líkja eftir aðstæðum válegra atburða í nágrannalöndunum.

Auk þess að sinna sérsveitarverkefnum sem upp koma á landsvísu þá sinnir sérsveitin almennum löggreglustörfum allan sólarhringinn, alla daga ársins. Hún annast handtökur hættulegra brotamanna og aðstoðaði til að mynda í aðgerðum lögreglu á Suðurlandi vegna meints vinnumansals í Vík. Þá tekur hún þátt í aðgerðum vegna fíkniefnamála og sinnir ýmsum verkefnum þar sem þjálfun hennar og tækjabúnaður kemur að notum. Sérsveitin er líka liðsstyrkur fyrir almannavarnadeild þegar neyðarástand skapast og mikið og gott samstarf er á milli hennar og Landhelgisgæslunnar. Guðmundur segir þörf á fleiri sérsveitarmönnum, það hefur verið metið svo að sveitin sé fullmönnuð með 52 meðlimum. Hins vegar þurfi að vanda valið vel. „Árið 2004 tók ríkisstjórnin ákvörðun um að það skyldu starfa 52 lögreglumenn í sérsveit ríkislögreglustjóra. Við höfum ekki enn náð þeirri tölu og mest verið 46. Næsta nýliðanámskeið er í apríl. Við vonumst til að sem flestir lögreglumenn klári námskeiðið og hægt verði að bæta í hópinn.“

Inntökuferlinu í sérsveitina mætti líkja við að fara í gegnum nálarauga. Það er heilt ár og á þeim tíma eru haldin nokkur erfið þrekpróf, sálfræðipróf og fleiri þrautir sem reyna á líkamlegan og andlegan styrk. „Við förum yfir umsóknirnar og metum þær, þá fara umsækjendur í sálfræðipróf og svo eru þeir í inntökuferlinu í heilt ár. Við gefum ekki uppi nákvæmlega hvernig inntökuferlið er. Menn vita samt að hluta til hvað þeir eru að fara út í, málið er að það er oft ekkert betra.“

Guðmundur segir þrekprófið þurfa að vera erfitt. Tilvonandi sérsveitarmenn taka prófið í einni samfellu, byrja á því að hlaupa þrjá kílómetra undir tólf mínútum, gera svo 80 kg hnébeygjur fimmtán sinnum, fara strax í bekkpressu og endurtaka tíu sinnum 80 kíló. Þá er upphífing með 25 kg þyngingu, framkvæmd einu sinni og svo hangið í sextíu sekúndur. Þrekprófinu lýkur svo á tveggja mínútna planka.

„Við reynum líka á andlegan styrk með ýmsum hætti og mælum getu fólks í þáttum sem við teljum skipta máli. Andlegi styrkurinn skiptir mjög miklu máli. Við þurfum til dæmis að útiloka ýmsar fóbíur sem upp geta komið í aðstæðum sem við getum lent í. Líkamlegi styrkurinn er líka gríðarlega mikilvægur. Menn verða að hafa styrk til þess, þó að þeir séu þreyttir, að yfirstíga ýmsar hindranir og bjarga borgurum og hugsanlega særðum félögum út af hættusvæði. Menn treysta hver á annan. Við verðum að treysta því að næsti félagi við hliðina geti veitt björgun við erfiðar aðstæður. Að gefast aldrei upp, hver og einn sérsveitarmaður verður að hafa þennan andlega og líkamlega styrk til þess að klára verkefnin.“

> EINS OG ÉG MINNTIST Á ÁÐAN ÞÁ HÖFUM VIÐ ÞESSI GILDI. EINN FYRIR ALLA OG ALLIR FYRIR EINN. EF KONA KEMST INN Í SÉRSVEITINA ÞÁ GETUR ENGINN SETT SIG Á STALL GEGN HENNI. SAGT VIÐ HANA: ÞÚ PASSAR EKKI Í HÓPINN.

### Einn fyrir alla og allir fyrir einn

Guðmundur nefnir einnig ákveðin gildi sem koma við liðsheild og samkennd sem skipta máli. „Það eru ákveðin gildi sem við höfum í heiðri innan sveitarinnar. Við berum virðingu fyrir félaganum og viljum vera tilbúnir að gera allt fyrir hann. Í sérsveitinni gildir einn fyrir alla og allir fyrir einn þegar menn sinna verkefnum.“ Helst má líkja þessu við t.d. landslið í hópíþrótt þar sem árangurinn byggist m.a. á samvinnu og liðsheild.

Engar konur eru í sérsveitinni, Guðmundur segir nokkrar konur hafa komist nálægt því en þær hafi fallið úr ferlinu vegna meiðsla. Hann segist sjá að konur stunda mjög stranga líkamsþjálfun í dag og að konur geti vel komist inn í sveitina, það sé tímaspursmál. „Það hafa gegnum tíðina þó nokkrar konur byrjað í undirbúningsferli fyrir nýliðanámskeið og í tvígang hafa konur komist nokkuð langt inn í það. Á lokastigi ferlisins urðu þær fyrir meiðslum og gátu ekki klárað síðustu þrepin.

Það sem reynist konunum erfiðast er líkamlegi styrkurinn. Það liggur í hlutarins eðli. En þessi þjálfun öll sem er boðið upp á núna, cross fit, boot camp og bardagalistir, er ansi öflug. Ég sé það og hef það á tilfinningunni að það styttist í að konur komist inn í sérsveitina.“

Guðmundur tekur fram að í sérsveitinni verði tekið vel á móti konum. Innan sérsveitarinnar gildi virðing fyrir félaganum. Megingildið, einn fyrir alla og allir fyrir einn, muni líka gilda um konur í sveitinni. „Eins og ég minntist á áðan þá höfum við þessi gildi. Einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ef kona kemst inn í sérsveitina þá getur enginn sett sig á stall gegn henni. Sagt við hana: þú passar ekki í hópinn. Við tökum þessi gildi alvarlega. Nýliðanámskeiðin eru mikil sía. Þar kemur allt í ljós, hvort menn starfa í þágu liðsheildar eða eru einfarar. Hvernig menn falla að þessum gildum sem við höfum.“

Einfarana segir Guðmundur ekki eiga erindi í sérsveitina þar sem starfið byggi allt á liðsheild og öll merki um skerta samkennd og þátttöku í liðsheildinni verða til þess að umsækjendur falla úr nýliðanámskeiðsferlinu.

Hann segist ekki vilja tjá sig um það hvort einhver hafi verið rekinn úr sérsveitinni. „Það er bara innanhússmál en tekið er á málum þegar það á við. Það er mjög misjafnt hve lengi menn starfa í sérsveitinni en menn eru oft ótrúlega lengi við störf hérna hjá okkur. Hafa enst lengi þrátt fyrir mikið líkamlegt og andlegt álag og það hefur vakið athygli meðal starfsfélaga okkar erlendis.“

### Harmleikur tekur mestan toll

Snemma morguns 2. desember 2013 beittu sérsveitarmenn í fyrsta sinn vopnum sínum á vettvangi, gegn manni sem hafði skotið úr íbúð sinni í Hraunbæ í Reykjavík. Maðurinn skaut að lögreglumönnum og var að lokum skotinn til bana.

„Atburðurinn reyndist sérsveitinni erfiður,“ segir Guðmundur og hann nefnir Hraunbæjarmálið sem það erfiðasta sem hann hefur fengist við í sérsveitinni. „Án þess að ég vilji nokkuð tala um Hraunbæjarmálið þá var það öllum sérsveitarmönnum mjög erfitt. Þarna voru erfiðar aðstæður.“

Hann segir að almenn störf þeirra í lögreglunni taki einnig mikinn toll. „Við erum fyrst og fremst lögreglumenn og sinnum oft erfiðum almennum útköllum. Mannlegur harmleikur og slys tekur alltaf mikið á hjá lögreglumönnum í starfi.“

### Æfa í IKEA

Hvað varðar annan búnað, svo sem báta og þyrlur, segir Guðmundur

## SÉRSVEITIN ER VOPNUÐ MEÐ EFTIRFARANDI SKOTVOPNUM




## ÞREKPRÓFIÐ

**3 KM** ÞAR SEM LÁGMARKSTÍMI ER 12 MÍN.

**80 KG** HNÉBEYGJUR OG 15 ENDURTEKNINGAR

**80 KG** BEKKPRESSA OG 10 ENDURTEKNINGAR

UPPHÍFING MEÐ **25 KG** ÞYNGINGU, FRAMKVÆMD EINU SINNI

HANGIÐ Í 60 SEK. SVO ER PLANKI Í 2 MÍNÚTUR

„

VIÐ KOMUM AÐ FRÆÐSLU STARFSFÓLKS RÁÐUNEYTA STJÓRNARRÁÐSINS HVAÐ VARÐAR ÖRYGGISMÁL OG SJÁUM UM AKSTURSÞJÁLFUN RÁÐHERRABÍLSTJÓRA.

samstarf við Landhelgisgæsluna með miklum ágætum. „Það er samkomulag á milli ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslunnar um að lögreglan geti fengið afnot af þyrlum til að flytja mannskap á vettvang. Kostnaðarlega væri ekki raunhæft í dag að sérsveitin fengi sérþyrlu til afnota en stefna þyrfti að því í framtíðinni að lögreglan hefði slíka þyrlu til löggæslu. Eftir hryðjuverkaatburðina í Noregi þá var þyrlukostur norsku lögreglunnar efldur. Við eigum í mjög góðum samskiptum við Gæsluna og þeir hafa aðstoðað mikið við æfingar og þjálfun.“

Á síðasta námskeiði sem sérsveitin hélt voru æfð viðbrögð við fjöldadrápum eins og voru í París. Þeir settu upp sviðsmyndir í IKEA og Kringlunni. „Þetta hefur verið þema hjá okkur síðustu árin að þróa aðferðir og taktík til að bregðast við slíkri ógn. Þetta geta verið flóknar og erfiðar aðgerðir. En þegar menn eru að æfa þessi viðbrögð í sífelluþjálfun þá skilar það árangri. Svona atburðir eru með þeim flóknari og erfiðari sem hægt er að takast á við, maður veit aldrei hvar þetta kemur upp. Þekkt er að slíkar árásir koma upp í skólum, leikhúsum, verslunarmiðstöðvum og á öðrum stöðum þar sem almenningur safnast saman. Þetta eru aðstæðurnar sem við erum að horfa á í þjálfuninni. Að þekkja staðina, beita aðferðafræði og bregðast við. Við gerum áætlanir. Við söfnum upplýsingum um það sem er að gerast í heiminum. Þá erum við í samskiptum við sérsveitirnar á Norðurlöndunum. Yfirmenn sérsveitanna funda árlega og farið er yfir atburði sem hafa hent í hverju landi. Við miðlum á þessum fundum þekkingu, aðferðafræði og þjálfunaratriðum. Hvaða aðferðum menn beita í aðgerðum.“

### Þjálfun og fræðsla

Verkefnin eru af fjölbreyttum toga. Sérsveitin sinnir líka kennslu og þjálfun lögreglu og fræðslu fyrir utanaðkomandi aðila t.d flugáhafnir þar sem þjálfað er að takast á við erfiðar uppákomur. Þá eigum við í samstarfi við Isavia vegna kennslu og þjálfunar flugverndarstarfsmanna og Samgöngustofu vegna hafnarverndarstarfsmanna. Það er mjög mikið um alls konar þjálfun sem við erum beðnir að koma að. Við komum að fræðslu starfsfólks ráðuneyta stjórnarráðsins hvað varðar öryggismál og sjáum um akstursþjálfun ráðherrabílstjóra,“ segir Guðmundur.








**SIEMENS - Ryksuga**
VS 06B120
Parkett og flísar, flokkur D. Teppi, flokkur E. Útblástur A. Hljóð: 81 dB.
**Tækifærisverð:**
**14.900 kr.**
(Fullt verð: 19.900 kr.)
SMITH & NORLAND




**BOSCH - Bakstursofn**
HBG 633CW1S
Með stóru 71 lítra ofnrými. Tíu ofnaðgerðir, þar á meðal 4D heitur blástur. Kjöthitamælir. TFT-skjár með texta. Létthreinsikerfi, EcoClean á bakhlið. Einnig fáanlegur í stáli.
**Tækifærisverð:**
**109.900 kr.**
(Fullt verð: 149.900 kr.)
BOSCH BÚÐIN




**BOSCH - Spanhelluborð**
PIE 645F17E
Með stálramma. DirectSelect-stjórnborð. Tímastillir. Áminningarklukka. Öryggisrof. Barnaöryggi.
**Tækifærisverð:**
**77.900 kr.**
(Fullt verð: 99.900 kr.)
BOSCH BÚÐIN




**SIEMENS - Kæli- og frystiskápur**
KG 36EBW40
Hvítur. „crisperBox“-skúffa: Tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. „coolBox“-skúffa: Þar er kuldinn meiri (-2° C til 3° C) en annars staðar í kælinum og eykur þar með geymsluþol ferskra kjötvara og fisks. „lowFrost“-tækni: Lítil klakamyndun og affrysting auðveld.
H x b x d: 186 x 60 x 65 sm
(+5 sm handfang).
**Tækifærisverð:**
**109.900 kr.**
(Fullt verð: 139.900 kr.)
SMITH & NORLAND




**BOSCH - Uppþvottavél**
SMU 50M92SK
13 manna. Fimm kerfi. Hljóð: 44 dB. Tímastytting þvottakerfa. „AquaStop“-flæðivörn.
**Tækifærisverð:**
**97.900 kr.**
(Fullt verð: 118.400 kr.)
BOSCH BÚÐIN




**SIEMENS - Þvottavél**
WM 14E477DN
Vindur upp í 1400 sn./mín.
**Tækifærisverð:**
**82.900 kr.**
(Fullt verð: 104.900 kr.)
SMITH & NORLAND

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

BOSCH BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

Fæst hjá Smith & Norland, Nóatúni 4, og/eða í Bosch-búðinni, Hlíðasmára 3. Hjá hverri vöru er tilgreint hvar hún fæst með þessum merkjum: SMITH & NORLAND BOSCH BÚÐIN



Magnús Orri Schram er búinn að koma sér vel fyrir í Kópavogi með börnum, eiginkonu og hundum. Þessa dagana fer mikill tími í að hlúa að átta nýfæddum hvolpum sem tík heimilisins gaut. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vill endurnýja forystu flokksins

**Magnús Orri Schram,** fyrrverandi þingmaður, býður sig fram til formanns Samfylkingarinnar í komandi formannskjöri. Hann vill fara aftur á þing og hefur fulla trú á því að hægt verði að rétta fylgi Samfylkingarinnar við. Kynjakvótar í stjórnum fyrirtækja eru eitt þeirra mála sem hann er stoltastur yfir að hafa náð í gegn á síðasta tímabili.

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Það þarf endurnýjun í þingflokki Samfylkingarinnar," segir Magnús Orri Schram, fyrrum þingmaður Samfylkingarinnar og ráðgjafi hjá Capacent. Magnús sat á þingi á síðasta kjörtímabili og var meðal annars varaformaður viðskiptanefndar. Hann býður sig fram til formanns flokksins eftir margar áskoranir flokksmanna.

„Þegar fólk fór að hringja sagði ég nei í fyrstu, ég var ekki í þessum pælingum. Svo þegar hringingarnar fóru að ágerast þá varð svarið: „Ég er til í þetta ef þið komið líka." Það breytist ekkert með einum manni sem situr á stól heldur þurfum við að vera hópur af fólki. Ég er í raun og veru að segja að ef okkur tekst að breyta þá kemur fullt af fólki með. Ég finn það að að baki mér stendur fólk sem þyrstir í breytingar. Ég hef trú á því að þetta unga fólk muni ná miklum árangri í prófkjörum. Við þurfum blöndu af reynslu og ferskum blæ."

Magnús segir að Samfylkinguna vanti traust og þurfi að skýra stefnuna betur. „Ég tel að stór hluti fólks sé að miklu leyti sammála okkur. Fólk sem ég hitti spyr mig fyrir hvað við stöndum. Það þarf að meitla skilaboðin og hafa það alveg skýrt fyrir hverju við erum að berjast. Hvaða flokkur leggur jöfnum höndum áherslu á velferðarmál og verðmætasköpun, er grænn, vill samkeppni, vill útboð á aflaheimildum, vill horfa til útlanda og er ófeiminn við það, vill nálgast flóttamenn og berst fyrir jafnrétti? Ég held að það sé enginn annar flokkur sem tikkar í öll þau box.

Ég er grænn femínisti sem kemur úr atvinnulífinu. Ég veit að þaðan koma peningarnir til þess að borga fyrir velferðina. En verðmætasköpunin gengur ekki upp án þess að það sé velferðarkerfi sem menntar börnin og grípur mann þegar maður veikist. Ef við getum komið þessu á framfæri þá veitir fólkið okkur traust á nýjan leik. Ég held að þar sé fullt af tækifærum."

**KR-ingur úr Kraganum**

Magnús Orri býr í Kópavogi en er alinn upp á Álftanesi. Hann spilaði knattspyrnu með KR frá því hann var krakki og fram á fullorðinsár, meðal annars sem fyrirliði liðsins. „Eftir að ég hætti í boltanum hef ég verið að hlaupa maraþon og svo hljóp ég Laugaveginn. Það er mikil svölun, mætti jafnvel kalla fróun, að hlaupa úti með hundana og finna hvað það gerir líkamanum og andlegu hliðinni gott. Þegar ég hleyp er ég að hugsa og velta fyrir mér hlutunum sem er ofboðslega gott og gefandi."

Hann segist hlusta töluvert á tónlist á hlaupunum. „Ég er með hálf skrýtinn tónlistarsmekk því ég blanda öllu saman. Allt frá splunkunýrri íslenskri tónlist og í gamla sálarmúsík. Ef ég heyri gott lag þá hendi ég því á hlaupalagalistann. Ég er með allt frá Mammút til Pauls Weller og Bobs Dylan og frá Sam Smith til Ninu Simone og Joni Mitchell. En svo er ég að fara í gegnum Bowie-tímabil núna eins og svo margir."

Eftir grunnskóla lá leiðin í MH, sem Magnús segir að hafi verið hálfgerð uppreisn frá Garðabænum. Áður en hann fór að læra sagnfræði við Háskóla Íslands fór hann í bakpokaferðalag um Austur-Evrópu og svo vann hann í fiski í Bolungarvík. „Það var hrikalega skemmtilegt og ég eignaðist fullt af nýjum vinum. Mér fannst nauðsynlegt að prófa að vinna í fiski og vita út á hvað það gengur."

**Stoltur af eiginkonunni**

Í háskólanum tók Magnús þátt í stúdentapólitíkinni með Röskvu og kynntist þar eiginkonu sinni, Herdísi Hallmarsdóttur. Herdís átti

FORMAÐUR Í STJÓRNMÁLAFLOKKI Á AÐ VERA Á ÞINGI. ÉG ER HINS VEGAR ÞEIRRAR SKOÐUNAR AÐ RÁÐHERRAR EIGI EKKI AÐ SITJA Á ÞINGI.

þá eins og hálfs árs dóttur, Sigríði Maríu Egilsdóttur, sem hefur vakið mikla athygli fyrir baráttu sína fyrir menntun stúlkna. Sigríður hefur meðal annars talað fyrir jafnrétti á ráðstefnu BBC sem heitir 100 Women. „Ég lít á hana sem mína eigin dóttur. Hún er alveg hrikalega flott," segir Magnús.

Þau hjónin eiga saman soninn Hallmar Orra sem er á fyrsta ári við Kvennaskólann.

Herdís, eiginkona Magnúsar, sat í slitastjórn Landsbankans. „Hún tók að sér ásamt hópi fólks að leiða til lykta eitt allra stærsta gjaldþrot sögunnar. Hún er búin að vinna að því baki brotnu í sjö ár og ég er ofboðslega stoltur af því sem hún er að gera. Ég ætla ekki að draga neina fjöður yfir það. Konan mín hefur unnið þrekvirki á þessum vettvangi, meðal annars með því að safna upp í IceSave-skuldina."

Mikil gagnrýni hefur ríkt á há laun slitastjórnarmanna og Magnús segist að sumu leyti skilja það. „Ég nálgast jafnaðarstefnuna þannig að það eigi að vera frelsi til athafna og ef það gengur vel þá áttu að leggja meira til samfélagsins. Það hefur hún sannarlega gert. Gleymum því ekki að það eru útlendingar sem borga kaupið hennar og það er ekki tekið af íslenskum fjármunum. Ég er ofsalega stoltur af því hvernig hún hefur höndlað þetta verkefni sem henni var treysti fyrir."

Herdís tók meðal annars þátt í því að verja neyðarlögin fyrir Hæstarétti. „Við eigum öll gríðarlega mikið undir því. Ég efast um að það hafi verið meiri fjárhagslegir hagsmunir í neinu dómsmáli sem hefur verið rekið fyrir íslenskum dómstólum."

**Ríkir eiga að leggja meira til**

Magnús sækist eftir formennsku í Samfylkingunni og mun í kjölfarið falast eftir stuðningi á þing. „Formaður í stjórnmálaflokki á að vera á þingi. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að ráðherrar eigi ekki að sitja á þingi."

➔

# „Það eiga allir að lesa þessa bók …“

Friðrika Benónýsdóttir / Kiljan



Ein af tíu bestu bókum ársins 2015
New York Times




*„Afrek af hálfu höfundarins … gerir þetta alveg óskaplega vel … Algjörlega mögnuð bók.“*
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

*„Óhemju duglegur höfundur og óhrædd.“*
Egill Helgason / Kiljan

*„Raunveruleikinn reyndist skelfilegri en nokkur skáldskapur … Bókin er hins vegar byggð upp eins og æsispennandi glæpasaga.“*
The Telegraph

*„Seierstad sýnir Breivik sem sorglegt afsprengi samtímamenningar. Með því að rýna jafn gaumgæfilega í sögu fórnarlambanna og morðingjans sjálfs skrifar hún sálfræðiskýrslu um norskt samfélag.“*
Guardian

*„Stórkostlegt verk. Einn af okkur horfir beint í augu hryllingsins og hvikar hvergi.“*
Evening Standard

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

VIÐ EIGUM AÐ MÓTA HÉR HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU SEM ER ÓKEYPIS. VIÐ ÞURFUM AÐ BYGGJA NÝJAN SPÍTALA OG ENDURREISA HEILSUGÆSLUNA. MÉR FINNST FÁRÁNLEGT AÐ VIÐ SÉUM AÐ LÁTA VEIKA FÓLKIÐ BORGA FYRIR EITTHVAÐ SEM VIÐ HIN ÆTTUM AÐ LEGGJA TIL Í GEGNUM SAMNEYSLUNA.

Hann segist verða öðruvísi þingmaður en síðast. „Ég fór í frí og með meðvituðum hætti hef ég haldið mig frá þingsalnum. Ég finn það núna að þegar ég var þarna þá gekk ég einhvern veginn kerfinu á hönd. Nú mun ég miklu fremur spyrja spurninga sem ég gerði ekki þegar ég fór inn fyrst. Barnið spyr spurningar um keisarann sem er ekki í neinum fötum. Ef ég fer inn í pólitík aftur og það er vilji til að taka á móti þessum hugmyndum og pælingum sem ég legg fram þá held ég að ég verði betri þingmaður en ég var. Það er bæði blanda af reynslu sem ég fékk þegar ég kynntist þessum vinnubrögðum en svo fékk ég góða fjarlægð líka. Mig langar ekki að fara aftur í sömu fötin.

Ég held að fólk vilji sjá jafnvægi á milli verðmætasköpunar og velferðar. Það vill ekki ójafna skiptingu á tekjunum og það vill nútímavæða ákvarðanatökuna. Ríkasta prósentið á að borga hærri skatta og við eigum að lækka skatta á venjulega fólkið.

Ég held að umhverfismál séu sífellt stærri hluti af því sem fólk vill leggja upp úr. Umhverfismál eru í raun atvinnumál og þau eru ekki einkamál Vinstri grænna. Forsenda allrar verðmætasköpunar í landinu er náttúran. Fiskurinn, orkan, náttúran og ferðamaðurinn – þetta byggir allt á umhverfisvernd. Ef þetta væri spurning um tekjur og störf þá ættum við öll að vera græn,“ segir Magnús.

**Ferðaþjónustan þarf stýringu**

„Ef við náum að gera miðhálendið að þjóðgarði þá erum við að vinna stórkostlega sigra í þágu umhverfisverndar,“ segir Magnús.

Hann leggur áherslu á að ferðaþjónustan stóli á umhverfisverndina. „Ég hef í raun og veru áhyggjur af ferðaþjónustunni. Áður en ég fór á þing vann ég í Bláa lóninu og lærði mikið því þar voru stjórnendur sem skildu mikilvægi þess að leggja áherslu á gæði en ekki magn. Svo var komið á þann tímapunkt að ásóknin var svo mikil að upplifun ferðamannsins var ekki nógu góð. Hvað gerðu þeir þá? Þeir tóku upp fyrirframbókanir, fækkuðu fólkinu en dreifðu því meira yfir árið. Frábær pæling.“

Ótrúlegt sé hversu illa hafi gengið að byggja upp innviði og öryggismál á ferðamannastöðum. „Við eigum að fara í betri stýringu og flokka áfangastaðina þannig að sumir áfangastaðir séu með mikla þjónustu og geti tekið á móti miklum massa en aðrir áfangastaðir séu með litla þjónustu og þannig að við förum ekki að brúa árnar, eins og til dæmis fjallaskálarnir. Við eigum að fara í gjaldtöku með komugjöldum, gistináttagjöldum og aðgangseyri. Ég held að það sé best að fara blandaða leið. Þú átt hins vegar ekki að láta Íslendinginn greiða.“

Þetta vill Magnús gera með því að milliliðir ferðamanna við áfangastaðina innheimti gjaldið hverju sinni. Íslendingar þyrftu eftir sem áður að panta tíma á hina ýmsu ferðamannastaði eða í fjölförnustu gönguleiðirnar. Þannig mætti stýra fjöldanum sem er á svæðinu hverju sinni og koma í veg fyrir að upplifun ferðamannsins sé neikvæð. „Ef við gerum þetta ekki verður Ísland Benidorm-vætt land og sterkasta atvinnugrein þjóðarinnar í dag mun verða í miklum vandræðum.“

**Píratar að breyta til góðs**

Samkvæmt nýjustu skoðanakönnun Fréttablaðsins er fylgi Samfylkingar í kringum 8 prósent. Fylgi Pírata heldur aftur á móti áfram að vera tæp fjörutíu prósent. Magnús segist vona að þetta muni breyta stjórnmálunum til hins betra.

„Það er gott að fullt af fólki sé að senda stjórnmálamönnum skilaboð um ný og betri vinnubrögð, heiðarleika, auðmýkt og allt það sem mér finnst að stjórnmálin eigi að litast af. Í raun og veru snúast stjórnmálin um það hvort þú hafir eitthvað að segja og hvort fólk treysti þér til að klára það sem þú segist ætla að gera.“

Hann segir stjórnarskrárferlið vera leið til að taka utan um háværa kröfu um breytingar. „Við eigum að taka völd frá Alþingi til almennings. Fólk er orðið upplýst og vill taka virkari þátt í ákvarðanatökunni. Það þýðir ekki að spyrja spurninganna á fjögurra ára fresti heldur þarf að gera það miklu oftar og tíðar.“

Hann segir það góða reglu að ef fimmtán prósent þjóðarinnar fari fram á þjóðaratkvæðagreiðslu verði málið tekið fyrir og vill heimfæra það inn í starf Samfylkingarinnar. „Ef fimmtán prósent flokksmanna Samfylkingar óska eftir kosningu þá vil ég að það mál verði tekið til atkvæðagreiðslu. Þannig opnum við ferlið til ákvarðanatöku innan flokksins líka. Auðvitað eru þingmenn bundnir af sannfæringu sinni einni en við vitum það hins vegar í raun og sann að þeir verða að hlusta á flokksmenn. Ég held að þetta verði mjög hollt fyrir lýðræðið og umræðuna. Við eigum að tappa af þessari visku sem býr í fjöldanum en ekki loka okkur inni í húsi við Austurvöll.“

**Heilbrigðiskerfið í forgangi**

Tengdafaðir Magnúsar Orra, Hallmar Sigurðsson leikstjóri, lést í janúar úr krabbameini. „Þess vegna er ég svona upptekinn af heilbrigðiskerfinu. Við vorum á Landspítalanum meira og minna á meðan hann gekk í gegnum sína erfiðu sjúkdómslegu. Þar fékk ég djúpan skilning á því hvað spítalinn er hart keyrður, hvað álagið er gríðarlegt á starfsfólk og hvað aðstaðan er óviðunandi.“

Hann segir óforsvaranlegt hversu dýrt það er fyrir fólk að veikjast.

„Við eigum að móta hér heilbrigðisþjónustu sem er ókeypis. Við þurfum að byggja nýjan spítala og endurreisa heilsugæsluna. Mér finnst fáránlegt að við séum að láta veika fólkið borga fyrir eitthvað sem við hin ættum að leggja til í gegnum samneysluna. Við höfum alveg efni á þessu og það eru til peningar í þessu þjóðfélagi til að taka þetta skref.“

**Klúðrið á síðasta kjörtímabili**

Magnús Orri sat á þingi eitt kjörtímabil í kjölfar hrunsins. „Kjörtímabilið 2009 til 2013 færðumst við of mikið í fang. Við áttum ekki að vera svona upptekin af því að það væri bara eitt kjörtímabil sem við hefðum til að gera þessa hluti. Ef við hefðum fækkað atriðunum er ég viss um að það hefði gengið betur.

Við hefðum átt að taka fleiri að stjórninni og treysta grundvöll hennar. Stjórnin var í raun og veru orðin minnihlutastjórn og allt of erfitt að koma öllu í gegn.“

Eitt það mál sem Magnús er stoltastur yfir eru kynjakvótar í stjórnum fyrirtækja. „Sennurnar sem maður tók í þinginu við andstæðinga stjórnarinnar og atvinnulífið til að berjast fyrir þessu réttlætismáli. Í dag eru allir búnir að átta sig á því að þetta var frábært mál. Það er hægt að gera eitthvað og breyta einhverju.“

Hann segist ekki vilja staðfesta kosningabandalag á vinstrivængnum eins og Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, hefur talað fyrir. „Ég horfi á þetta svona: Fyrsta verkefnið er að Samfylkingin nái utan um það hver hún er, hvað hún ætli að gera og hvernig hún ætli að gera það. Hún hefur ekki mikinn tíma til þess. Það getur vel verið að það komi til kosningabandalags eftir það en mér finnst það ekki aðalatriðið.“

Magnús segir koma til greina að vinna með öllum flokkum. „Við ætlum að breyta kvótanum og bjóða út aflaheimildir, spyrja þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort við eigum að sækja um ESB, móta heilbrigðisþjónustu sem er ókeypis, breyta húsnæðiskerfinu fyrir unga fólkið, hækka skatta á ríka fólkið og lækka skatta á venjulega fólkið og við ætlum að búa til þjóðgarð á miðhálendinu. Svo getum við skoðað hvort Sjálfstæðisflokkurinn vill vinna með okkur, eða hvort Viðreisn, VG eða Björt framtíð vilji vinna með okkur. Ég er miklu upptekinn af því að við gerum þetta svona en sjáum svo til hverjir vilja vinna með okkur.“




KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Opið hús

15. mars 2016

Þriðjudaginn 15. mars verður opið hús í skólanum fyrir 10. bekkinga og forráðamenn þeirra frá kl. 17:00 til 19:00. Námsframboð skólans, húsnæði og félagslíf nemenda verður kynnt.

Verið velkomin, Skólameistari.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans, www.kvenno.is.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 12. MARS 2016 LAUGARDAGUR

# LÆKNIRINN MÆLTI MEÐ FEMARELLE

**Icecare kynnir** Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Það er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan. Dalla Gunnlaugsdóttir er ein þeirra.

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum þrettán árum. Dalla Gunnlaugsdóttir kynntist Femarelle árið 2014 eftir að hafa gengið í gegnum óþægindi af völdum breytingaskeiðs. „Óþægindin voru hitakóf, þreyta, miklar skapsveiflur og svefntruflanir. Ég talaði um þessa vanlíðan mína við heimilislækni og hann benti mér á Femarelle þar sem ég vildi ekki hormóna. Eftir tvær vikur leið mér miklu betur, hitakófin hurfu, ég svaf betur og skapið varð jafnara. Í dag get ég ekki án Femarelle verið. Fólki í kringum mig finnst ég allt önnur og finnur mikinn mun á skapinu hjá mér. Í dag er ég í meira en fullri vinnu ásamt því að stunda nám. Sem sagt, Femarelle færði mér aukna orku,“ segir Dalla og brosir.

### Betra skap og líðan

Guðrún Ragna Ólafsdóttir prófaði Femarelle fljótlega eftir að það kom á markað fyrir þremur árum. „Þegar ég komst á breytingaskeiðið fékk ég hormón hjá lækninum sem fóru ekki vel í mig þannig að ég ákvað að prófa Femarelle. Ég get ekki líkt líðan minni eftir að ég ákvað að prófa Femarelle við líðanina áður. Ég er með gigt og hef verið á lyfjum við gigtinni og mörg lyfin fara ekki of vel með mig. Núna er ég betri í skapinu og líður miklu betur við að nota Femarelle, miðað við það hvernig mér leið á hormónunum. Ég er ekki sama manneskja eftir að ég kynntist Femarelle,“ segir Guðrún Ragna.

### Femarelle er öruggur kostur

Rannsóknir hafa sýnt að Femarelle örvar estrógennema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum. Femarelle eykur beinþéttni og viðheldur heilbrigði beina en hefur ekki áhrif á blóðstorknun. Til viðbótar við sannaða virkni hafa rannsóknir einnig sýnt fram á öryggi Femarelle.

### FEMARELLE ER ÖRUGGUR KOSTUR

- Femarelle er öruggt fyrir konur
- Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum
- Þéttir beinin
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef



Dalla segist ekki geta verið án Femarelle. MYND/PJETUR




> Í dag get ég ekki án Femarelle verið. Fólki í kringum mig finnst ég allt önnur og finnur mikinn mun á skapinu hjá mér. Í dag er ég í meira en fullri vinnu ásamt því að stunda nám.
>
> Dalla Gunnlaugsdóttir



Guðrún Ragna hefur góða reynslu af Femarelle.

### SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**

IceCare



# SÖGUR ÚR EIGIN LÍFI



„Tónlistin okkar er svolítil blanda af ýmsum tónlistarstefnum, m.a. rokki, poppi og blús- og sálartónlist," segir Brynhildur Oddsdóttir. MYND/GÍGJA D. EINARSDÓTTIR

Miklar annir eru framundan hjá **Brynhildi Oddsdóttur**, söngkonu og gítarleikara Beebee and the bluebirds. Sveitin spilar á einni stærstu tónlistarhátíð heims í sumar og stefnt er á nýja plötu í haust.

Tónlistarkonan Brynhildur Oddsdóttir hefur vakið nokkra athygli undanfarin tvö ár, bæði sem gítarleikari og söngvari blús- og rokksveitarinnar Beebee and the bluebirds og sem einn meðlimur Spaðadrottninganna sem gáfu út plötu með Bubba Morthens fyrir síðustu jól.

Næstu vikur eru annasamar hjá Brynhildi en hljómsveitin gefur út nýtt lag seinna í mánuðinum, spilar á Blús- og rokkhátíð Hornafjarðar í kvöld auk þess sem hún kemur fram á nokkrum tónleikum í Chicago í næstu viku ásamt Axel Flóvent og Ceasetone. Næsta sumar kemur sveitin auk þess fram á einni stærstu tónlistarhátíð heims, Summerfest, sem haldin er í Bandaríkjunum.

Að sögn Brynhildar er Beebee and the bluebirds tónlistarverkefni sem hún byrjaði með árið 2010 og hefur unnið að síðan. „Tónlistin okkar er svolítil blanda af ýmsum tónlistarstefnum, m.a. rokki, poppi og blús- og sálartónlist. Öðlingarnir sem eru með mér í bandinu eru Tómas Jónsson, snillingur á píanó, Rhodes og fleiri hljóðfæri, Brynjar Páll Björnsson, sá mikli bassafantur, og Ási Jóhanns, sem rokkar sándið okkar upp með góðum trommugrúvum."

## Nýtt lag tilbúið

Sjálf semur Brynhildur bæði lög og texta sveitarinnar en hefur þó listrænt frelsi að eigin sögn. „Þannig leggja allir sitt af mörkum fyrir lokaútgáfuna enda sjá augu betur en auga. Eða eyru heyra betur en eyra í þessu tilfelli. Textarnir eru blanda af sögum úr eigin lífi auk þess sem ég sem oft lög byggð á einhverri tilfinningu sem ég fæ. En ég sæki oft innblástur úr kvikmyndum, aðallega splatterum og einnig annarri tónlist."

Fyrsta plata sveitarinnar kom út haustið 2014 og bar nafnið Burning heart. Í fyrra gáfu þau út smáskífuna Easy ásamt myndbandi. „Nú erum við búin að taka upp nýtt lag sem ber heitið Out of the dark en það kemur út síðar í þessum mánuði. Síðan er stefnan sett á nýja plötu síðar á árinu, jafnvel næsta haust."

## Tók niður punkta

Tíminn með Spaðadrottningunum var eftirminnilegur að sögn Brynhildar og hún segir það hafa verið mikinn heiður að vinna með Bubba Morthens. „Hann er auðvitað algjört legend í bransanum og hefur svo sannarlega sett sitt mark á tónlistarsöguna. Upptökuferlið var mjög lærdómsríkt og það var frábært að sjá hvernig hann vinnur. Ég fylgdist auðvitað með af athygli og tók niður punkta. Kannski fer ég að dæla út hitturum í kjölfarið."



**„Í sumar spilum við svo á Summerfest sem er ein stærsta tónlistarhátíð heims. Árlega koma þar fram mörg af stærstu nöfnum heims," segir Brynhildur Oddsdóttir, söngkona og laga- og textahöfundur Beebee and the bluebirds.** MYND/VILHELM

Fram undan eru tónleikar í Bandaríkjunum sem Icelandair og Iceland Naturally standa fyrir þar sem Brynhildur kemur fram ásamt fleiri íslenskum tónlistarmönnum. „Í sumar spilum við svo á Summerfest sem er ein stærsta tónlistarhátíð heims. Árlega koma þar fram mörg af stærstu nöfnum heims og hlökkum við mikið til að spila þar og sjá fleiri listamenn."

**Hægt er að fylgja hljómsveitinni eftir á Facebook (Beebee and the bluebirds), Snapchat (bibiblueb-ird) og Instagram (@beebeeandt-hebluebirds) auk þess sem hægt er að hlusta fyrstu plötu sveitarinnar á Soundcloud.**

LYFJA – Lífið heil

www.lyfja.is

Naglsveppir?



Amorolfin ratiopharm

fæst án lyfseðils í apótekum Lyfju

**Lyfjalakk á neglur**

Amorolfin er **breiðvirkt sveppalyf** sem er mjög virkt gegn algengum tegundum af naglsveppum og er ætlað á bæði fingur- og táneglur.

Amorolfinið smýgur úr lyfjalakkinu inn í og **í gegnum nöglina** og getur þar af leiðandi útrýmt sveppnum sem er illa aðgengilegur í naglbeðnum.

Þar sem meðferðin er staðbundin eru **aukaverkanir mjög sjaldgæfar** og þá aðallega svæðisbundnar, sem er mikill kostur fyrir notandann.

Amorolfin ratiopharm er **einungis notað einu sinni í viku** - *munið að lesa leiðbeiningar í fylgiseðli.*




20% afsláttur
gildir til 31. mars 2016

LYFIS Traust í lyfjum
ratiopharm

**Notkunarsvið:** Amorolfin ratiopharm lyfjalakk inniheldur amorolfin og er notað til meðferðar við sveppasýkingum í nöglum sem áður hafa verið greindar af lækni eða til meðferðar á endurteknum sveppasýkingum. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir amorolfini eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. **Varúð:** Forðast skal að lyfjalakkið komist í snertingu við augu, eyru og slímhúðir. Sjúklingar með undirliggjandi sjúkdóma sem eru móttækilegir fyrir sveppasýkingum í nöglum ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Slíkir sjúkdómar eru útlægir blóðrásarkvillar, sykursýki og ónæmisbæling. Sjúklingar með visnaðar neglur og ónýtar neglur ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Eldfimt. **Meðganga og brjóstagjöf:** Notkun lyfsins skal ákveðin af lækni. **Skömmtun:** Lyfjalakkið er borið á sýktar fingur- eða táneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu læknis. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nöglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Aukaverkanir eru mjög sjaldgæfar, helst staðbundnar, s.s. neglur geta orðið mislitar eða losnað frá naglbeðnum. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Mars 2014.

Lágmúla, Laugavegi, Nýbýlavegi, Smáralind, Smáratorgi, Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Blönduósi, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Höfn, Laugarási, Selfossi, Grindavík, Keflavík



# SETJA ÖRMERKI Í SKÓ OG VESKI

Salvatore Ferragamo hefur snúið vörn í sókn í baráttunni við falsaðar hönnunarvörur sem flæða inn á markaði víða um heim. Nýjasta útspil tískufyrirtækisins er að merkja alla skó úr smiðju Ferragamo með örmerki en slíkt merki verður einnig að finna í hluta af veskjum ítalska tískurisans. Frá þessu greinir á fréttavef Vogue. Markmiðið er þó ekki aðeins að klekkja á svikahröppum heldur á þetta einnig að auðvelda endursölu á notuðum hönnunarvörum en stór markaður er fyrir slíkt. Þeir sem þekkja til segja að fólk sem getur eytt þúsundum dollara í veski verði þreytt á þeim eftir nokkra mánuði og selji veskin, til dæmis á eBay. Æ fleiri tískumerki eru að vakna til meðvitundar um endursölumöguleika vörunnar en endursöluverðið snarhækkar ef hægt er að sanna að varan sé ósvikin. Ferragamo hefur verið ötult í baráttu sinni við falsaðar vörur. Gerðar voru upptækar 12.400 sviknar Ferragamovörur í fyrra sem höfðu markaðsvirði upp á 17 milljónir dollara. Ítalska tískuhúsið hefur bent á að örmerkið sjáist hvorki á skónum né veskjunum og aðeins sé hægt að lesa merkið með sérstöku tæki í fjögurra cm fjarlægð. Því sé ekki hægt að nota það til að rekja ferðir fólks eins og sumir höfðu áhyggjur af.



**Af nýjustu tískusýningu Salvatore Ferragamo sem fram fór í Mílanó í febrúar.** NORDICPHOTOS/GETTY

# DÁSAMLEGA NÆRANDI LÍNA FYRIR LÍKAMANN

**Regalo kynnir** Líkamslínan frá Moroccanoil er nærandi og mýkjandi fyrir húðina. Hver vara veitir einstaka lúxusmeðferð með hreinum og ljúfum ilmi frá Miðjarðarhafinu.

Saga Moroccanoil® merkisins einkennist af nýsköpun og stöðugri leit að betri vörum. Það sem byrjaði sem ein byltingarkennd vara hefur vaxið og dafnað og njóta Moroccanoil-vörurnar nú mikilla vinsælda um allan heim. „Á innan við áratug hafa vörurnar slegið í gegn og eru þær elskaðar og dáðar af stórstjörnum og stílistum, bæði kvikmynda- og sjónvarpsbransans og tískupallanna, ásamt ritstjórum tískutímarita og konum víðsvegar um heiminn,“ segir Fríða Rut Heimisdóttir, hárgreiðslumeistari og eigandi Regalo.

Fyrsta varan í línunni, hin upprunalega Moroccanoil Treatment olía var þróuð af brautryðjandanum Carmen Tal í leit hennar að vörum sem gerðu hárið heilbrigt, fallegt og náttúrulegt. „Síðan þá hefur vörunum fjölgað og vegna mikillar eftirspurnar og vinsælda hefur verið sett á markað hágæða líkamslína frá Moroccanoil. Þar fá nærandi og andoxandi eiginleikar arganolíunnar að njóta sín og veitir hver Moroccanoil body care vara einstaka lúxusmeðferð með hreinum og ljúfum ilmi frá Miðjarðarhafinu.“

Að sögn Fríðu geta aðdáendur Moroccanoil varanna farið að hlakka til því fleiri vörur frá merkinu eru væntanlegar á markað, meðal annars kerti og sturtusápa og nýjar ilmtegundir í eldri vörum.

**MOROCCANOIL® VÖRURNAR FÁST Á EFTIRFARANDI SNYRTISTOFUM.**

- Snyrtistofa Ágústu
- Snyrtistofan Dimmalimm
- Lipurtá Snyrtistofa
- Deluxe Snyrti- og dekurstofa
- Verði þinn vilji
- Modus hár- og snyrtistofa
- Snyrtistofan Lótus
- Eftirlæti snyrtistofa Sauðárkróki
- Fríhöfnin




**Hver Moroccanoil body care vara veitir einstaka lúxusmeðferð en hægt er að lesa nánar um vörurnar á moroccanoil.is**



**MOROCCANOIL®**
**CLEANSING BAR**

Mild og árangursrík líkamssápa fyrir húð sem þarf dekur. Sápan inniheldur ekkert súlfat og engin paraben. Heyrst hefur að mjög gott sé fyrir herra að raka sig upp úr þessari dásemd sem inniheldur arganolíuna góðu, sheabutter og E-vítamín, ásamt fleiri góðum næringarefnum fyrir húðina. Þetta létta sápustykki veitir húðinni þann raka sem hún þarf og af því er léttur rósailmur.



**MOROCCANOIL®**
**SHIMMERING BODY OIL**

Gefur húðinni ljóma og glans. Moroccanoil® Shimmering Body Oil er mjög mjúk og nærandi, inniheldur argan- og sesamolíu. Olían gengur einstaklega vel inn í húðina, upplífgar og gefur daufri húðinni raka og guðdómlega fallegan gljáa. Olían þornar fljótt og er frábær á bringuna og hendurnar og ómissandi á fæturna á sumrin, sérstaklega þegar farið er til útlanda í sólina. Léttur ilmurinn er Moroccanoil ilmurinn. Án parabena.



**MOROCCANOIL®**
**DRY BODY OIL**

Dry Body oil gefur húðinni samstundis raka og silkilíka áferð. Hún umvefur húðina með nærandi og andoxandi eiginleikum argan-, ólífu- og avókadó-olíunnar. Þessi undurlétta formúla smýgur hratt inn í húðina og læsir raka inni í henni á meðan nauðsynlegar fitusýrur mýkja og næra þurra bletti og bæta útlit og áferð húðar. Léttur sígildur Moroccanoil ilmur. Án parabena.



**MOROCCANOIL®**
**PURE ARGAN OIL**

100% argan olía sem styrkir húðina, neglurnar og hárið. Hún er einstaklega rík af E-vítamíni og nauðsynlegum fitusýrum og andoxunarefnum. Þessi létta lúxus olía veitir margþætta næringu fyrir andlit, líkama og hár, hún rennur á eins og silki og smýgur hratt inn í húðina.



**Fríða Rut Heimisdóttir segir að á innan við áratug hafi Moroccanoil vörurnar slegið í gegn. „Þær eru elskaðar og dáðar af stórstjörnum og stílistum, bæði kvikmynda- og sjónvarpsbransans og tískupallanna, ásamt ritstjórum tískutímarita og konum víðsvegar um heiminn.“** MYND/HARPA HRUND



**MOROCCANOIL® HAND CREME**

Lúxus handáburður sem hendurnar elska. Inniheldur hinar náttúrulegu argan- og avókadó-olíur ásamt shea butter, cocoa butter og mango butter sem er einstakt fyrir þurrar hendur. Létt formúla sem þornar mjög fljótt, verndar og skilar unaðslegri mýkt.



**MOROCCANOIL® INTENSIVE HYDRATING TREATMENT**

Intensive Hydrating Treatment er fljótandi alhliða gel sem breytist í olíu þegar því er nuddað á húðina. Mjög nærandi og sérstaklega nærandi fyrir þá sem eru með þurra húð þar sem meðferðin inniheldur meðal annars arganolíu, sólblómafræsolíu og kamillu sem er einstaklega róandi. Góð sem nuddolía. Hentar vel á exem , þurrkubletti, og sprungna hæla. Dásamleg út í baðið.




**MOROCCANOIL® BODY SOUFFLÉ**

Æðislegt, létt body lotion fyrir líkamann. Gefur húðinni mikinn raka þar sem formúlan er einstaklega rík af andoxandi næringarefnum eins og arganolíu, sheabutter og E-vítamíni sem auka rakastig húðarinnar um leið og varan kemur við hana. Í því er einnig Aloe Vera sem er þekkt fyrir sína góðu eiginleika eins og að vera róandi og gefa góðan raka. Moroccanoil®Body Soufflé skilur húðina eftir mjúka og nærða af raka. Léttur ilmurinn er hinn klassíski Moroccanoil ilmur.




**MOROCCANOIL® BODY BUTTER**

Moroccanoil® Body Butter er lúxus líkamskrem fyrir einstaklega þurra húð. Kremið er mjög þykkt en þornar strax á húðinni án þess að skilja eftir sig fituga áferð. Mjög ríkt af andoxunarefnum sem finnast í arganolíunni. Shea butter, cocoa butter og mango butter gefa góða næringu á meðan avókadó-, ólífu-, squalane- og granateplaolíur mýkja og næra húðina. Moroccanoil® Body Butter mýkir húðina samstundis og læsir inni rakann.




**MOROCCANOIL® BODY BUFF**

Skrúbbur sem er gerður úr náttúrulegum appelsínukjörnum. Moroccanoil® Body Buff er frískandi þurrskrúbbur sem hentar vel til daglegra nota. Hann skrúbbar í burtu dauðar húðfrumur og breytir samstundis áferð húðarinnar. Inniheldur nærandi arganolíu, E-vítamín, avókadó, vínberjafræ, safflower, sesam- og möndluolíu sem endurnýjar húðina með miklum raka. Ilmurinn er léttur og með keim af appelsínublómum. Inniheldur engin paraben.

# BRÚÐUSÝNING OG SJÁVARDÝR

**Safnahelgi á Suðurnesjum** verður haldin í áttunda sinn um helgina og er dagskráin fjölbreytt að vanda. Má þar nefna tónleika, fyrirlestra og uppákomur. Sérstaklega verður höfðað til fjölskyldufólks og margt í boði fyrir börn og fullorðna.

Safnahelgi verður haldin á Suðurnesjum um helgina en þá taka öll söfn á svæðinu sig saman og bjóða upp á sameiginlega dagskrá. Þetta er í áttunda sinn sem Safnahelgin er haldin en Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi Reykjanesbæjar, segir markmiðið með henni hafa verið frá fyrstu tíð að kynna landsmönnum hin frábæru söfn og sýningar sem í boði eru á Suðurnesjum. „Við erum fyrst og fremst að bjóða höfuðborgarbúum í heimsókn til okkar hingað á Suðurnesin. Aðsókn á Safnahelgi síðustu ára hefur aukist jafnt og þétt og á síðasta ári sóttu á fimmta þúsund gestir söfnin. Við búumst að minnsta kosti við sama fjölda í ár.“

### EINSTÖK FJÖLBREYTNI

Dagskráin í ár er afar fjölbreytt; þar má nefna alls kyns sýningar, tónleika, fyrirlestra og margs konar uppákomur. „Söfn, safnvísar og sýningar nálgast annan tuginn og fjölbreytni safnanna er í raun einstök á ekki stærra svæði. Það skemmtilegasta við þetta er einmitt hvað það kemur fólki mikið á óvart hversu mikið er í boði á þessu svæði,“ segir Valgerður brosandi.

Hún segir að Safnahelgi höfði sérstaklega til fjölskyldufólks og margt sé í boði sem börn hafi áhuga á. „Þar má nefna brúðusýningu í leikfangasafni Helgu Ingólfsdóttur sem verið er að setja upp í Virkjun. Leikföngin eru bæði gömul og ný og spanna síðustu hundrað árin, allt frá þjóðbúningadúkkum til þekktra persóna úr Star Wars. Einnig sýningu í Slökkviliðssafni Íslands þar sem aldarlöng saga slökkviliða á Íslandi er rakin eins og hún birtist í bílum og tækjabúnaði auk fjölda ljósmynda frá þessari sögu. Svo er einnig spennandi að kíkja í Sandgerði og skoða lifandi sjávardýr og ýmis uppstoppuð dýr og síðan eru auðvitað flott kaffi- og veitingahús út um allt á svæðinu.“

### KYNNAST SÖGUNNI Á SÖFNUM

Á Safnahelgi getur fólk kynnst sögunni frá því fyrir landnám og til okkar tíma, margvíslegum atvinnuháttum, listum og náttúru. „Sjósókn og vinnsla sjávaraflans er til dæmis kynnt á þremur söfnum í þremur mismunandi bæjarfélögum, Kvikunni í Grindavík, Byggðasafninu í Garði og Bátasafninu í Duus Safnahúsum,“ nefnir Valgerður.

Hún tekur einnig fram að einkasýning poppstjörnunnar Páls Óskars í hinu nýja Rokksafni í Hljómahöllinni hafi verið opnuð á síðasta ári og veki mikla lukku. „Svo má nefna Gestastofu Reykjanesjarðvangs í Duus Safnahúsum sem kynnir náttúruna á Reykjanesi. Í Duus Safnahúsum eru að auki fimm aðrar sýningar á vegum Listasafns Reykjanesbæjar og Byggðasafns Reykjanesbæjar. Auk þess má nefna Íbúð Kanans á Ásbrú.“

Í Vogunum er verið að opna skólasafn í Norðurkotsskóla sem nýbúið er að gera upp og þar eru 144 ára skólasögu gerð skil. Menningarvika Grindavíkur hefst þessa sömu helgi og þar verður fjöldi viðburða og sýninga í gangi um allan bæ. Þar má meðal annars nefna Guðbergsstofu og Jarðorkusýninguna í Kvikunni og listsýningar á Bókasafninu og Salthúsinu.

Ókeypis er inn á öll söfnin á Safnahelgi og á þá dagskrárliði sem í boði eru á hverjum stað nema annað sé tekið fram.



**Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi Reykjanesbæjar.**

> Það skemmtilegasta við þetta er einmitt hvað það kemur fólki mikið á óvart hversu mikið er í boði á þessu svæði.
>
> Valgerður Guðmundsdóttir



**Frá Bátasafni Gríms Karlssonar.**



**Frá Leikfangasafni Helgu Ingólfs.**



**Frá sýningu um ameríska herinn og brottför hans í Duus Safnahúsum.**




**Frá Slökkviliðssafni Íslands.**









Apótek
-fyrir alla!



# HÁGÆÐA HÚÐVÖRUR

EXEM • ÞURRKUR Í HÚÐ • PSORIASIS

**Hydrófíl rakakrem án rotvarnar** er alhliða rakakrem sem má nota á allan líkamann og í andlit. Kremið er hannað með viðkvæma húð í huga, hentar öllum húðgerðum og öllum aldri. Hydrófíl rakakrem er sannkallað fjölskyldukrem þar sem líklegt er að allir í fjölskyldunni geti notað það með góðum árangri.

**Karbamíðkrem** er feitt rakabindandi krem sem hentar fyrir venjulega, þurra og mjög þurra húð. Kremið má nota í andlit og á hendur ef húðin er mjög þurr á þessum svæðum. Best er að bera kremið á sig fyrir svefn.

**ACP Krem** leysir upp harða skán eða húð sem getur myndast í hársverði. ACP krem er stíft (þykkt) krem sem er notað í hársvörð. Það hefur hátt fitu innihald telst því mjög feitt krem. ACP krem var framleitt í apótekum, og dregur nafnið af fyrsta staf hvers innihaldsefnis.

**Akvósum** er stíft rakakrem sem er ætlað á þurra húð og þurrkubletti. Kremið hentar börnum mjög vel.

**Salicylvaselín 2%** er feitt smyrsli sem að mýkir upp harða húð. Kremið er mikið notað til að leysa upp harða húð/skán í hársverði, á líkama og sem vörtueitur.

**Akvól** er sérstaklega ætlað á mjög þurra húð á líkama en einnig má bera það í andlit og á hendur. Akvól inniheldur mikið magn af jarðhnetuolíu og telst því mjög feitt krem.

**Hælakrem** er mjög feitt og er ætlað á þurra og grófa húð. Kremið mýkir upp harða og grófa húð t.d. á hælum, iljum og olnbogum. Best er að bera kremið á sig fyrir svefn og leyfa því að virka yfir nóttina.

**Cetricide sárakrem** hefur sótthreinsandi eiginleika. Cetricide sárakrem er borið á smásár, bleyjuútbrot, lítil brunasár, bólur og rispur. Kremið er áhrifaríkt á unglingabólur.

**Michael Clausen krem** inniheldur 3% carbamidum. Kremið er fremur feitt og gefur húðinni raka. Kremið hentar vel á exem og þurra húð. Kremið má nota á allan líkamann og í andlit.




**ENGIN ILM- EÐA LITAREFNI**

**FÆST Í APÓTEKUM**

Johnny King á Texasborgurum!



Texas-kántrí á sunnudögum
Goðsögnin Johnny King ríður á vaðið 13. mars kl. 15.
Kóngurinn flytur eigin lög og annarra ásamt gestaspilurum og -söngvurum.
Skotheldur sunnudagsbíltúr. Frítt inn.

Nýir sælkeraréttir
Nautalundaborgari – 1.690 kr.
með frönskum, laukstráum og bernaise
Lúxus-humarpítsa – 1.990 kr.
með humri, rauðlauk, papriku og hvítlauk

TEXASBORGARAR

2 FYRIR 1
af Texas-ostborgara með frönskum.
Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo.
Klipptu miðann út og hafðu með þér.
Gildir til 15.4. 2016.

Nánari upplýsingar á Texasborgarar.is og Facebook

AÐALFUNDUR
HEIMILIS OG SKÓLA

Aðalfundur Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra verður haldinn mánudaginn 11. apríl kl.17:00.

Fundurinn verður haldinn hjá SAMFOK í fundarsal á 4. hæð, Háaleitisbraut 11-13, 108 Reykjavík. Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf og eru félagsmenn hvattir til að mæta.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
SUÐURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS



SPRENGISANDUR ER Í LOFTINU
SIGURJÓN M. EGILSSON OG UMRÆÐA SEM SKIPTIR MÁLI
SUNNUDAG KL. 10:00 - 12:00
BYLGJAN 989



Kalkúnabringa er einstaklega góður og hollur matur.

# KRYDDUÐ KALKÚNABRINGA OG TÍRAMÍSÚ

Ætlar þú að halda matarboð um helgina? Maríneruð kalkúnabringa, borin fram með bökuðu grænmeti, er veislumatur sem hentar öllum og er bæði hollur og ljúffengur. Tíramísú í eftirrétt kætir bragðlaukana.

Kalkúnabringu er hægt að matreiða á ýmsan hátt. Til dæmis er hægt að setja fyllingu í hana. Hér er hún hins vegar sett í maríneringu. Best er að leggja bringuna í kryddblönduna kvöldið áður en ef það næst ekki þá í að minnsta kosti þrjár klukkustundir. Bakaða grænmetið má rekja til Provence í Frakklandi en það passar sérstaklega vel með ljósu kjöti.

**Uppskriftin miðast við 8 manns.**

**Um 1.500 g kalkúnabringa með skinni**
**4 msk. fersk minta**
**4 msk. blaðsteinselja**
**4 msk. ferskt kóríander**
**2 hvítlauksrif, smátt skorin**
**1 sítróna, safi og fínt rifinn börkur**
**1 tsk. cumin**
**½ dl ólífuolía**
**1 dl hvítvín**
**Salt og nýmalaður pipar**
**Grænmetisform**
**1 eggaldin**
**1 kúrbítur**
**1 tómatur**
**4 msk. ólífuolía**
**1 tsk. salt**
**Nýmalaður pipar**
**2 tsk. tímían**
**2 hvítlauksrif, pressuð**
**100 g ferskur mozzarella-ostur**

Þerrið kalkúnabringu með eldhúspappír.

Setjið allt sem á að fara í kryddlög í matvinnsluvél. Leggið kalkúnabringu í skál og hellið kryddblöndunni yfir. Látið þekja kjötið vel og vandlega. Setjið plastfilmu yfir og látið standa í ísskáp yfir nótt.

Hitið ofninn í 220°C. Takið bringuna úr kryddblöndunni og leggið í eldfast fat. Geymið kryddið þar til síðar. Eldið bringuna í 20 mínútur en lækkið þá hitann í 125°C. Eldið áfram þar til kjöthitamælir sýnir 65°C í þykkasta hluta bringunnar. Þegar þeim hita er náð er kjötið tekið út og látið standa á borði í 15 mínútur áður en það er skorið niður.



Skerið eggaldin, kúrbít og tómatinn í þunnar sneiðar. Smyrjið lítið eldfast mót með olíu. Rúllið sneiðunum upp og leggið í formið. Það má líka bæta við fleiri grænmetistegundum eftir smekk. Penslið yfir grænmetið með ólífuolíu og kryddið með salti, pipar, tímían og hvítlauk.



Setjið grænmetið inn í ofninn þegar hann er 125°C með kalkúnabringunni. Þegar kjötið er tilbúið og tekið út er hitinn hækkaður í 180°C og grænmetið bakað áfram. Þegar grænmetið er fullsteikt er bitum af mozzarella-osti stráð yfir.

Skerið kjötið í sneiðar og berið fram með grænmeti.

**Einföld sósa**

**60 g smjör**
**60 g hveiti**
**8 dl kjúklingakraftur**
**2 dl rjómi**
**Salt og pipar**
**Ostur**
**Kalkúnakrydd**
**Smá hvítvín**

Bræðið smjör og hrærið hveiti saman við. Þá er kjúklingasoðið hrært saman við smátt og smátt svo sósan verði kekkjalaus. Loks er rjóma og hvítvíni bætt við. Gott er að setja ost í sósuna, piparost, villisveppaost eða gráðost. Ef notaður er gráðostur þarf líka að setja matskeið af rifsberjahlaupi. Bragðbætið sósuna með salti, pipar og kalkúnakryddi eftir því sem þarf.

## TÍRAMÍSÚ

Þetta er einn vinsælasti ítalski eftirrétturinn. Öllum finnst rétturinn góður og það er hægt að laga hann daginn áður sem er þægilegt.

**3 eggjarauður**
**3 msk. sykur**
**250 g mascarpone-ostur**
**3 eggjahvítur**
**¼ tsk. salt**
**20 Lady fingers kökur**
**3 dl kalt espressokaffi**
**2 msk. koníak eða amaretto**
**4 msk. rifið dökkt súkkulaði**

Þeytið eggjarauður og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Bætið þá mascarpone-osti við og hrærið allt vel saman. Stífþeytið eggjahvítur með salti. Blandið þeim síðan saman við ostablönduna.

Setjið ostablöndu í botninn á fallegri skál. Dýfið Lady fingers í kaffi sem hefur verið blandað með koníaki. Leggið kökurnar yfir blönduna. Setjið annað lag af ostablöndu yfir og síðan kaffivættar kökur. Þetta er endurtekið þar til allt er búið.

Dreifið rifnu súkkulaði yfir og kælið. **elin@365.is**

# Ráðgjafar & forritarar

## Atvinna

### Ráðgjafar

Starfið felst í ráðgjöf og þjónustu tengdum lausnum fyrirtækisins. Um er að ræða fjölbreytt verkefni fyrir viðskiptavini og þátttaka í vöruþróun og uppbyggingu félagsins.

Við leitum að kraftmiklu, sjálfstæðu fólki sem á auðvelt með að vinna með öðrum, hefur áhuga á hugbúnaði og tæknimálum og hefur góða almenna menntun. Einnig er kostur ef viðkomandi hefur áhuga, þekkingu eða reynslu af:

- Dynamics NAV viðskiptahugbúnaði
- bókhaldi
- birgðum, framleiðslu- og vöruhúsakerfum
- rekstri sjávarútvegs- og fiskvinnslufyrirtækja
- rekstri og uppgjörum sveitarfélaga
- greiningu gagna - viðskiptagreind
- verkefnastjórn

### Forritarar

Starfið felst í hugbúnaðarþróun á lausnum fyrirtækisins sem og sérlausnum fyrir viðskiptavini. Unnið er í C/AL þróunarumhverfi Dynamics NAV og C#.

Við leitum að kraftmiklu og sjálfstæðu fólki sem vinnur vel í hóp. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af forritun og haldbæra menntun á því sviði. Þekking á þróun í viðskiptakerfum er mikill kostur. Að auki er kostur ef viðkomandi hefur áhuga, þekkingu eða reynslu af:

- Dynamics NAV
- C#
- SQL gagnagrunnum
- handtölvulausnum
- framleiðslu- og vöruhúsalausnum
- viðskiptaferlum í fyrirtækjum

### Wise lausnir

Wise lausnir ehf. vinna að hugbúnaðargerð og þjónustu henni tengdri. Við leggjum metnað okkar í að aðstoða viðskiptavini okkar við að ná hámarksárangri út úr nýtingu sinni á viðskiptalausnum. Lausnirnar byggja á Microsoft Dynamics NAV sem er einn vinsælasti viðskiptahugbúnaður heims.

Starfsmenn Wise á Íslandi eru nú 73 á skrifstofum félagsins í Reykjavík og á Akureyri.

Við bjóðum:

- Góðan starfsanda og liðsheild
- Fína starfsaðstöðu og samkeppnishæf laun
- Fjölbreytt og krefjandi verkefni
- Símenntun í starfi

Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is) ráðgjarfar hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá. Umsóknarfrestur er til og með 21. mars.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

wise

Wise lausnir ehf. » Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri » sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausar til umsóknar eftirfarandi stöður frá og með næsta starfsári

**Staða 2. konsertmeistara**
Hæfnispróf fer fram 8. júní 2016 í Hörpu.

Einleiksverk:
1. Mozart fiðlukonsert (1. kafli með kadensu) nr. 3 í G-dúr, nr. 4 í D-dúr eða nr. 5 í A-dúr.
2. Fyrstu tveir kaflar úr einni af sónötum J.S. Bachs fyrir einleiksfiðlu.
3. Rómantískur fiðlukonsert að eigin vali (1. kafli með kadensu).

**Staða 1. óbóleikara**
Hæfnispróf fer fram 1. júní 2016 í FÍH.

Einleiksverk:
1. Mozart óbókonsert, 1. og 2. kafli, engar kadensur, (Bärenreiter útgáfa).
2. Strauss óbókonsert, 1. og 2. kafli, (Boosey and Hawkes útgáfa).

**Staða uppfærslumanns í víóludeild**
Hæfnispróf fer fram 10. júní 2016 í FÍH.

Einleiksverk:
1. 1. kafli úr klassískum konsert eftir Hoffmeister (D-dúr) eða Stamitz (D-dúr) með kadensu.
2. 1. kafli úr konsert eftir Bartok eða Walton eða Hindemith; Der Schwanendreher.
3. Tveir kaflar úr einleiksverki eftir J.S. Bach.

**Umsóknarfrestur fyrir allar stöðurnar er til 3. apríl 2016. Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur, mannauðsstjóra (starf@sinfonia.is).**

Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, www.sinfonia.is, og hjá mannauðsstjóra (starf@sinfonia.is) í síma 898 5017.

www.sinfonia.is » 545 2500

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Embætti skólameistara við Menntaskólann á Egilsstöðum laust til umsóknar**

Auglýst er laust til umsóknar embætti skólameistara við Menntaskólann á Egilsstöðum. Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

**Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2016.**

# Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar
- Deildarstjóri í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í leikskólann Austurkór
- Matráður í leikskólann Austurkór

Grunnskólar
- Forfallakennari í Álfhólsskóla
- Heimilisfræðikennari í Álfhólsskóla
- Smíðakennari í Snælandsskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Vatnsendaskóla

Velferðasvið
- Starfsmenn í íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk

Umhverfissvið
- Ritari skipulags- og byggingardeildar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

Þú getur orðið

# Framkvæmdastjóri

Viðhald ehf. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa.

Umsóknarfrestur
**20. mars**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2428**

Starfssvið
- Daglegur rekstur fyrirtækisins og verkefnastjórnun allra verka í framkvæmd.
- Gerð og eftirfylgni áætlana sem og ábyrgð og umsjón með bókhaldi og uppgjörum.
- Mótun þjónustustarfsemi og ábyrgð á framkvæmd sölu og markaðsmála.
- Stjórnun starfsmanna og starfsmannamál.
- Innkaup og samskipti við birgja.
- Tilboðs og samningagerð.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu, menntun á sviði viðskipta eða verkfræði æskileg.
- Reynsla af rekstri, stjórnun og mannaforráðum skilyrði.
- Þekking á verktakastarfssemi kostur.
- Reynsla af stefnumótun og umbreytingum kostur.
- Mikil leiðtogahæfni sem og hæfni í samskiptum.
- Skipulagni í vinnubrögðum og tölugleggni.

VIÐHALD fasteignaviðgerðir

Viðhald ehf. er ört stækkandi verktakafyrirtæki sem hefur yfir að ráða sterku teymi fagmanna sem eru sérfræðingar á sínu sviði. Hjá Viðhald starfa meðal annars smiðir, málarar, múrarar og píparar. Viðhald tekur að sér fjölbreytt verkefni og er ekkert verkefni of stórt eða smátt hvort um sé að ræða nýbyggingar, endurbætur eða viðgerðir. Viðhald vinnur út frá sinni áratuga reynslu og þekkingu að sem bestu mögulegu lausn fyrir viðskiptavini sína.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Þú getur orðið

# Rekstrarstjóri á Þingvöllum

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum óskar eftir að ráða til starfa rekstrarstjóra vegna aukinna umsvifa í rekstri þjóðgarðsins. Rekstrarstjóri hefur yfirumsjón með móttöku ferðamanna, verslun, þjónustu og landvörslu. Við leitum að öflugum rekstrarstjóra með leiðtogahæfileika og hefur metnað fyrir að tryggja farsælan og vaxandi rekstur og byggja upp trausta liðsheild.

Umsóknarfrestur

**29. mars**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/2431**

Starfssvið

- Yfirumsjón með verslun, þjónustu og móttöku ferðamanna ásamt landvörslu.
- Útdeiling verkefna til verslunarstjóra, flokkstjóra og annarra eftir umfangi verksviða.
- Ber ábyrgð á móttöku ferðamanna, verslunum og sýningum í stækkaðri gestastofu á Haki og þjónustumiðstöð á Leirum.
- Ábyrgð á landvörslu í þjóðgarðinum og rekstri Silfru.
- Rekstur bílastæða, tjaldsvæða og snyrtinga auk þrifa á svæðinu.
- Ábyrgð á sölu veiðileyfa og veiðieftirliti.
- Ábyrgð á viðhaldi mannvirkja.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af rekstri skilyrði.
- Farsæl stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.
- Afburðarhæfni í mannlegum samskiptum og geta til að efla liðsanda.
- Metnaður og réttsýni.
- Hæfni í samningagerð.
- Áhugi og þekking á sögu, menningu og náttúru.

ÞINGVELLIR ÞJÓÐGARÐUR

Rekstrarstjóri heyrir undir þjóðgarðsvörð og sér um að deila verkefnum til verslunarstjóra, flokkstjóra og annarra starfsmanna. Starfsstöð rekstrarstjóra er á Þingvöllum og eru laun skv. launaskrá opinberra starfsmanna.

Sjá nánar um þjóðgarðinn: www.thingvellir.is

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Þú getur orðið

# Sérfræðingur í kynjaðri fjárlagagerð

Sérfræðingurinn mun annast áætlun um kynjaða fjárlagagerð sem höfð skal til hliðsjónar við gerð frumvarps til fjárlaga, í samstarfi við ráðuneyti og stofnanir. Í starfinu felst almenn fræðsla og þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi á þessu sviði. Þá mun sérfræðingurinn taka þátt í fjárlagagerð með almennum hætti. Í starfinu reynir á þekkingu á jafnréttismálum í víðu samhengi, talnalega færni og greiningargetu. Sérfræðingurinn þarf að hafa góða skipulagshæfileika og sýna sjálfstæði og frumkvæði í starfi . Starfið krefst góðrar samskiptahæfni og getu til að ávinna sér traust samstarfsaðila.

Umsóknarfrestur

**29. mars**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/2432**

Í boði er áhugavert starf á krefjandi og skemmtilegum vinnustað. Framundan er innleiðing nýrra laga um opinber fjármál sem fela í sér verulegar breytingar og tækifæri. Fjármála- og efnahagsráðuneytið gegnir lykilhlutverki í breytingunum og mun sérfræðingurinn taka virkan þátt í þeim.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, helst á meistarastigi. Einkum er um að ræða jafnréttisfræði, hagfræði eða viðskiptafræði.
- Hæfileikar til að greina og miðla upplýsingum með skýrum hætti.
- Þekking og reynsla af þróunar- og breytingaverkefnum er æskileg.
- Reynsla af fræðslustarfi er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er skilyrði.
- Mjög góð enskukunnátta er nauðsynleg og vald á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun og góð samskiptahæfni.
- Starfið krefst skipulagshæfni, frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum, auk hæfileika til að leiða teymisvinnu.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið
— erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is

# REKSTRARSTJÓRI FIMLEIKADEILDAR

**Fimleikadeild Stjörnunnar leitar að rekstrarstjóra til að halda utan um rekstur deildarinnar á spennandi tímum.**

Um er að ræða krefjandi og spennandi starf í skemmtilegu og fjölbreyttu starfsumhverfi. Innan fimleikadeildar er rekið öflugt barna, unglinga og afreksstarf og innan deildarinnar starfar sterkur hópur þjálfara, iðkenda og sjálfboðaliða.

**STARFSSVIÐ**

- Ber ábyrgð á daglegum rekstri og skipulagi deildarinnar
- Mótun og innleiðing stefnu fimleikadeildar
- Samskipti við iðkendur, sjálfboðaliða og fimleikahreyfinguna
- Starfsmannastjórnun
- Samskipti við styrktaraðila
- Skipulagning viðburða, markaðsmál og kynningar

**HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af fimleikastarfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og leiðtogahæfileikar
- Skipulagður og lausnamiðaður

**Umsókn með ferilskrá berist fyrir 19. mars á johannes@stjarnan.is.**

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri UMF Stjörnunnar í síma 661-9707.

## Torfan Humarhúsið óskar eftir að ráða starfsmenn í sal

Torfan//Humarhúsið er veitingahús með mikla sögu í miðbæ Reykjavíkur. Við leitum eftir duglegu starfsfólki í sal. Bæði framtíðar og hlutastarf í boði með sveigjanlegum vöktum. Um er að ræða fjölbreytt þjónustustarf bæði í hádeginu og á kvöldin.

Viðkomandi þarf að vera eldri en 18 ára, duglegur, snyrtilegur, ábyrgur og með ríka þjónustulund. Íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl.**

**Umsóknir sendist á info@torfan.is**

TORFAN Humarhúsið

LANDSPÍTALI

# LANDSPÍTALI ... LIFANDI VINNUSTAÐUR!

Gæða- og sýkingavarnadeild

## YFIRLÆKNIR

*Leitað er eftir reyndum sérfræðilækni með leiðtogahæfileika og stjórnunarreynslu í lykilstarf á sviði öryggis- og gæðamála. Starfið er laust frá 1. maí 2016 eða eftir samkomulagi og er til 5 ára. Starfshlutfall er 100% en til greina kemur ráðning í hlutastarf. Næsti yfirmaður er yfirlæknir gæða- og sýkingavarnadeildar.*

Gigtar- og almenn lyflækningadeild

## HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

*Starf hjúkrunardeildarstjóra á gigtar- og almennri lyflækningadeild er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. júní 2016, til 5 ára.*

*Hjúkrunardeildarstjórinn er yfirmaður hjúkrunar á deildinni, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lyflækningasviðs.*

Kvenlækningadeild

## HJÚKRUNARFRÆÐINGAR OG HJÚKRUNARNEMAR

*Hjúkrunarfræðingar/ hjúkrunarnemar óskast til starfa á kvenlækningadeild 21A Landspítala. Um er að ræða störf í vaktavinnu vegna afleysinga og til lengri tíma. Á kvenlækningadeild starfar samhent teymi starfsmanna sem veitir fjölþætta heilbrigðisþjónustu allan sólarhringinn.*

*Deildin, sem er í senn göngu-, dag- og legudeild, býður upp á spennandi, krefjandi og líflegt starfsumhverfi, góðan starfsanda og fjölbreytt tækifæri til faglegrar þróunar.*

Veirufræðideild

## LÍFFRÆÐINGUR/ LÍFEINDAFRÆÐINGUR

*Líffræðingar/ lífeindafræðingar óskast til starfa á veirufræðideild Landspítala. Annars vegar er um ótímabundið starf að ræða og hins vegar tímabundið til eins árs. Starfshlutfall er 75-100%.*

*Á veirufræðideild fara fram greiningar, rannsóknir, ráðgjöf og kennsla heilbrigðisstétta í veirufræði.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA; WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal enn fremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

# Starfsmannastjóri

Seðlabanki Íslands auglýsir eftir umsóknum um stöðu starfsmannastjóra. Um er að ræða nýja stöðu við bankann. Starfsmannastjóri er jafnframt forstöðumaður starfsmannaþjónustu á sviði rekstrar og starfsmannamála. Starfsmannastjóri gegnir lykilhlutverki við uppbyggingu fyrirtækjamenningar og þróun mannauðs. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og hentar kraftmiklum einstaklingi.

**Starfssvið**

- Að hafa forystu um þróun starfsmannastefnu bankans t.d.
  - Mannauðsstefnu
  - Launastefnu
  - Fræðslustefnu
  - Jafnréttisstefnu
  - Heilsustefnu
- Að veita ráðgjöf og stuðning við stjórnendur í starfsmannatengdum málum
- Að móta og fylgja eftir verkferlum er varða starfsmannamál
- Að veita ráðgjöf við gerð starfslýsinga og framkvæmd starfsmannasamtala og fylgja henni eftir.
- Að vinna að áætlanagerð, greiningu og upplýsingagjöf

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála er kostur
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af stjórnun mannauðsmála
- Þekking og reynsla af launasetningu og kjaramálum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Framúrskarandi samskipta- og leiðtogahæfni
- Faglegur metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

**Upplýsingar veitir:**
**Katrín S. Óladóttir**
katrin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 28. mars nk.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Landsvirkjun

# Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á öryggis- málum upplýsingakerfa

Starfið er á upplýsingasviði á skrifstofu forstjóra. Í því felst mótun og umsjón með upplýsingaöryggisstefnu fyrirtækisins, umsjón aðgangsstýringa og verkefnastjórnun á sviði upplýsingaöryggis og upplýsingatækni. Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem fela meðal annars í sér fræðslu, ráðgjöf og upplýsingagjöf til starfsfólks og stjórnenda sem og samskipti við vottunaraðila, innri og ytri úttektaraðila og endurskoðendur.

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða menntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun eða góð þekking á hugmyndafræði og aðferðum upplýsingaöryggisstjórnunar samkvæmt ISO 27001 og þekking á ISO 9001
- Reynsla á sviði upplýsingaöryggisstjórnunar æskileg
- Reynsla á sviði verkefnastjórnunar
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Góð skipulagshæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Sótt er um starfið á vef Capacent, nánari upplýsingar um starfið veita Auður Bjarnadóttir *(audur.bjarnadottir@capacent.is)* og Þóra María Guðjónsdóttir á starfsmannasviði Landsvirkjunar *(thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is)*.
Umsóknarfrestur er til og með 27. mars.

Jafnlaunaúttekt PwC 2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

# Kvennasögusafn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands.
Safnið er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

**Kvennasögusafn Íslands** er eining innan Landsbókasafns og markmið þess er að safna, varðveita, skrá og veita aðgang að heimildum um sögu íslenskra kvenna. Leitað er að sérfræðingi sem beri ábyrgð á daglegri starfsemi. Sérfræðingur heyrir undir sviðsstjóra varðveislu og stafrænnar endurgerðar. Stjórnarnefnd Kvennasögusafns er til ráðuneytis um starfsemina. Í starfinu felst m.a. þjónusta við notendur, söfnun, skráning og varðveisla gagna, kynning á Kvennasögusafni, og samvinna við kvennasögusöfn erlendis.

## Helstu verkefni

- Sérfræðiráðgjöf og upplýsingaþjónusta
- Afgreiðsla á gögnum Kvennasögusafns á lestrarsal
- Öflun, móttaka og skráning aðfanga og annarra gagna
- Umsjón með vefjum Kvennasögusafns og samfélagsmiðlum
- Kynningarstarf og fræðsla um Kvennasögusafn
- Þátttaka í öðrum verkefnum og samstarfi á varðveislusviði

## Menntunar– og hæfnikröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, meistaragráða er kostur
- Þekking og áhugi á kvennasögu
- Þekking á meðferð, skráningu, flokkun og úrvinnslu einkaskjalasafna er kostur
- Frumkvæði, góð skipulagshæfni, sjálfstæði og lipurð í samskiptum
- Mjög góð tölvukunnátta
- Mjög góð íslenskukunnátta og hæfni í miðlun upplýsinga
- Góð kunnátta í ensku og Norðurlandamáli

Um er að ræða 100% starf. Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknarfrestur er til og með **20. mars** 2016.
Nánari upplýsingar veitir Örn Hrafnkelsson, sviðsstjóri varðveislu og stafrænnar endurgerðar (orn@landsbokasafn.is)

Sótt er um starfið rafrænt á vef Landsbókasafns, www.landsbokasafn.is, undir Bókasafnið > Laus störf.
Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhlöðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is
Þekkingarveita í allra þágu

# SKRIFSTOFUSTARF

Einkaleyfa- og vörumerkjaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu auglýsir hér með eftir ritara/aðstoðarmanneskju í fjölbreytt skrifstofustarf sem fyrst og eigi síðar en 1. apríl nk.

Vinnutími er frá kl 9:00 – 17:00 virka daga.

**Gerðar eru kröfur um eftirfarandi:**

- Reynsla af skrifstofustörfum
- Reynsla af bréfaskrifum
- Mjög góð íslenskukunnátta
- Mjög góð enskukunnátta
- Færni í Word, Excel & Outlook ásamt almennri tölvukunnáttu
- Nákvæm vinnubrögð og færni í mannlegum samskiptum.

**Umsókn ásamt ferilskrá berist til box@frett.is merkt „EINKALEYFI" í síðasta lagi 18. mars nk.**

# World Class



## World Class óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús

**Vinnutími:**
**100% starf í vaktavinnu.**

Umsækjandi þarf að hafa mikinn áhuga á matreiðslu, vera skipulagður og hafa góða hæfileika í mannlegum samskiptum.
Íslenskukunnátta nauðsynleg.
Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá til gisli@worldclass.is fyrir 14. mars 2016.

LAUGAR café

Háskólinn á Akureyri




# Forseti hug- og félagsvísindasviðs

Staða forseta fræðasviðs við Háskólann á Akureyri er 100% og felur meðal annars í sér yfirumsjón með allri starfsemi og rekstri fræðasviðsins og stefnumörkun í málefnum fræðasviðsins undir stefnu háskólans. Næsti yfirmaður forseta fræðasviðs er rektor háskólans. Til greina kemur að forseti fræðasviðs komi að kennslu og rannsóknum innan fræðasviðsins sem hluta af starfi sínu. Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst 2016. Starfsstöðin er á Akureyri.

## Helstu ábyrgðarþættir:

- Frumkvæði og forysta um málefni fræðasviðsins.
- Stjórnsýsluleg og rekstrarleg ábyrgð á málefnum fræðasviðsins.
- Yfirumsjón með rannsóknarvirkni og kennslu á sviðinu.
- Framkvæmd gæðastjórnunar á fræðasviðinu í samráði við gæðastjóra.
- Starfsmannamál á sviðinu.
- Yfirumsjón með innlendum og erlendum samskiptum fræðasviðsins.
- Seta í framkvæmdastjórn skólans og er hluti af yfirstjórn skólans.

Rektor ræður forseta fræðasviðs til fjögurra ára í senn. Við ráðningu er notast við sjálfstætt mat fagaðila til að meta stjórnunar- og samskiptahæfileika ásamt stjórnunarreynslu viðkomandi. Jafnframt er litið til umsagnar hug- og félagsvísindasviðs ásamt því að haft er samráð við háskólaráð um ráðninguna.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara á Akureyri og fjármálaráðherra.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

Umsækjendur skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði sem háskólakennarar á vettvangi þeirra fræða sem annað hvort eru kennd á fræðasviðinu eða tengjast mjög náið helstu viðfangsefnum þess.

- Doktorspróf er skilyrði og æskilegt að prófið sé á vettvangi fræða sem kennd eru á viðkomandi fræðasviði eða tengjast viðfangsefnum þess.
- Hæfileiki til að byggja upp og leiða teymi akademískra starfsmanna.
- Reynsla af rekstri og stjórnun.
- Hæfileiki til að móta og miðla framtíðarsýn.
- Reynsla af starfi innan háskóla er æskileg.
- Reynsla af störfum sem tengjast viðfangsefnum á fræðasviðinu er æskileg.
- Krafist er góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til og með**
15. mars 2016.

**Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferlið er að finna á starfatorg.is og vef háskólans**

www.unak.is/lausstorf

Háskólinn á Akureyri styður að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eyjólfur Guðmundsson rektor Háskólans á Akureyri. Umsóknir og fyrirspurnir skal senda á netfangið rektor@unak.is.

**Upplýsingar um hug- og félagsvísindasvið er að finna á vef háskólans á slóðinni:**
http://www.unak.is/hugogfelagsvisindasvid

# Sumarvinna

**Garðyrkjudeild Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma leitar að rösku fólki til starfa sumarið 2016**

Um er að ræða störf í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Hólavallagarði við Suðurgötu og Kópavogskirkjugarði. Ráðningartími er frá 27. maí, u.þ.b. 10 - 11 vikna tímabil.

Leitað er að starfsfólki í almenn garðyrkjustörf, í flokksstjórastörf og einstaklingum með dráttarvélaréttindi. Laun eru greidd samkvæmt taxta stéttarfélagsins Eflingar.

Þeir, sem hug hafa á að sækja um sumarvinnu hjá Kirkjugörðunum, athugi eftirfarandi skilyrði fyrir ráðningu:

- Umsækjandi sé fæddur árið 1999 eða fyrr.
- Umsókn berist skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi fyrir 1. apríl 2016.

Hægt er að fylla út umsókn á heimasíðunni www.kirkjugardar.is og senda rafrænt.
Nánari upplýsingar er hægt að fá á skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi og í Gufuneskirkjugarði.
Skrifstofusímar eru: 585-2700 og 585-2770.
Heimilisfang: Vesturhlíð 8 105 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um Kirkjugarðana má nálgast á vefnum: **www.kirkjugardar.is**

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA




# YFIRMAÐUR VERKEFNASTOFU ÞRÓUNARSVIÐS

## Director of Project Management Office

Össur leitar að metnaðargjörnum, jákvæðum og skipulögðum einstaklingi til að vinna í öflugum hópi okkar hjá Þróunarsviði. Við leitum að einstaklingi með frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.

### HÆFNISKRÖFUR

- MSc í verkfræði eða verkefnastjórnun
- A.m.k. fimm ára starfsreynsla á sviði verkefnastjórnunar
- Stjórnunarreynsla
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

### STARFSSVIÐ

- Skipulag og stjórnun hóps verkefnastjóra
- Þróun, viðhald og stjórnun ferla og aðferðarfræði verkefnastofu
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

Umsóknarfrestur er til og með 21. mars 2016. Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf. Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Jafnlaunaúttekt PwC 2014

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 2500 manns í 19 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM



# Vörustjórar með iðn- eða tæknimenntun

## Hefur þú brennandi áhuga á innkaupum og aðfangastýringu?

Við leitum að iðn- eða tæknimenntuðum einstaklingum í teymi sérfræðinga í Innkaupastýringu OR samstæðunnar. Megináherslur starfanna eru innkaupaþjónusta við dótturfélög OR, aðfangastýring fyrir framkvæmdaverk auk innkaupa og birgðahalds fyrir OR.

Ef þú ert jákvæður og skipulagður einstaklingur sem nýtur þess að veita frábæra þjónustu og sjá til þess að aldrei skorti aðföng í verkefni hvetjum við þig til að sækja um.

Við bjóðum upp á krefjandi og skemmtileg verkefni í framúrskarandi vinnuaðstöðu með frábæru mötuneyti og líkamsræktaraðstöðu. Við leitumst við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, starfsþróun, jafnrétti og jafnvægi á milli vinnu og einkalífs.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Þú sækir um á ráðningavef OR, starf.or.is, þar sem nánari upplýsingar um störfin er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með 21. mars 2016.

Jafnlaunaúttekt PwC · JAFNRÉTTISRÁÐ · OR Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur · Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími - Tel. +354 516 6100 · www.or.is

# Rekstrarstjóri í verktaka- og þjónustufyrirtæki

www.intellecta.is
Síðumúla 5 - 108 Reykjavík

**Starfssvið**
- Ábyrgð á daglegum rekstri fyrirtækisins
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit verka
- Umsjón með tímaskráningu verka og starfsmanna
- Stjórnunarleg ábyrgð starfsmanna
- Samskipti við verkkaupa og aðra viðskiptavini

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Rekstrarmenntun
- Reynsla af rekstri er nauðsynleg
- Stjórnunarreynsla er nauðsynleg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni, lausnamiðuð hugsun og lipurð í mannlegum samskiptum er mikilvæg

Um er að ræða framtíðarstarf og mjög gott tækifæri fyrir réttan einstakling.

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is)** og Þórður S. Óskarsson, (**thordur@intellecta.is)** hjá Intellecta í síma 511 1225.*

*Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á **www.intellecta.is** fyrir 21. mars 2015.*

***Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

## Íslensk erfðagreining

leitar að sérfræðingi til starfa við deild innan ÍE, sem beitir lífefnafræði- og sameindalíffræðilegum aðferðum við að skýra áhrif erfðabreytileika á mannslíkamann.



# Sérfræðingur óskast til starfa

**Hlutverk:**
- Greining á áhrifum erfðabreytileika á frumur, þar á meðal fjölvirkar stofnfrumur (induced pluripotent stem cells), með líftæknilegum aðferðum
- Vinna með fjölvirkar stofnfrumur og sérhæfingu þeirra í þroskaðar frumur
- Uppsetning og skipulagning tilrauna

Umsóknir skulu fylltar út á **www.decode.is** fyrir lok dags 28.03.2016. Með umsókn skal fylgja ferilskrá og stutt kynningarbréf.

**Frekari upplýsingar veitir:**
Auður Magnúsdóttir,
audur.magnusdottir@decode.is

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- M.Sc./B.Sc. í sameindalíffræði eða lífeindafræði eða skyldum greinum
- Tæknileg þekking á algengum lífefnafræði- og sameindalíffræðilegum aðferðum
- Reynsla af ræktun á spendýrafrumum er kostur
- Góð tölvu- og enskukunnátta nauðsynleg
- Góð samskiptahæfni er skilyrði
- Geta og áhugi fyrir því að vinna í þverfaglegu umhverfi

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

www.decode.is

EPOXY FLEX
GÓLFLAGNIR

## Starfsfólk óskast!

Óskum eftir starfsfólki til almenna iðnaðarvinnu.
Góð laun og fríðindi í boði.
Ekki yngri en 18 ára .
**Upplýsingar í síma 892 0378.**



## KAFFIBARÞJÓNAR ÓSKAST

**HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á KAFFI OG TE?**

Te & Kaffi leitar að starfsfólki til að bætast í hóp okkar jákvæðu, duglegu og framúrskarandi kaffibarþjóna sem fyrir eru á kaffihúsunum okkar.

Við leitum að einstaklingi sem hefur reynslu af þjónustustörfum og brennandi áhuga á öllu sem viðkemur kaffi og te.

**Aldurstakmark er 20 ára.**
**Um framtíðarstarf er að ræða**

**Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is fyrir 21. mars nk.**

TE & KAFFI

www.teogkaffi.is

# Sótthreinsitæknir

Handlæknastöðin óskar eftir að ráða sótthreinsitækni eða starfsmann til að sinna þrifum á skurðstofum, sótthreinsun og pökkun áhalda. Um 80% stöðu er að ræða og byrjunartími er 1. ágúst nk. Nám í sótthreinsitækni eða reynsla af þrifum og sótthreinsun lækningaáhalda er æskileg.

**Umsóknarfrestur er til 20. mars.**

Handlæknastöðin hefur starfrækt skurðstofur frá árinu 1984. Við stöðina starfa 39 læknar ásamt 16 manna starfsliði skipað hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og aðstoðarfólki. Árlega eru rúmlega 7.000 skurðaðgerðir framkvæmdar á Handlæknastöðinni.

vinna.is

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW. VINNA.IS



# ERTU ÚTIVERA?

**Cintamani leitar að liðsauka á lagerinn!**

Við óskum eftir kröftugum aðila í fullt starf á lager fyrirtækisins í Austurhrauni Reynsla af lager– og sölustörfum er mikill kostur.

Áhugasamir sendi ferilskrá á **atvinna@cintamani.is**

**CINTAMANI**

**www.cintamani.is** | Bankastræti 7 | Austurhraun 3 | Smáralind | Kringlan



# Forstöðumaður ökutækjatjóna

Tryggingamiðstöðin óskar eftir að ráða forstöðumann ökutækjatjóna í tjónaþjónustu félagsins.

**Starfssvið**

- Stjórnun og mannaforráð
- Ábyrgð á verkferlum og gæðum þjónustu
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini og samstarfsaðila vegna ökutækjatjóna
- Samningagerð
- Gagnaöflun, útreikningar og greiðsla kostnaðar

**Hæfniskröfur**

- Rík þjónustulund og lagni í mannlegum samskiptum
- Háskólamenntun eða önnur haldbær menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Góð tölvuþekking og tölvulæsi ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu
- Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og unnið vel í hópi og undir álagi
- Gerð er krafa um nákvæmni í starfi og markviss og fagleg vinnubrögð

Þekking og reynsla af ökutækjaviðgerðum og Cabas tjónsmatskerfinu er kostur og/eða þekking á lagaumhverfi ökutækjatrygginga, vátryggingarétti og skaðabótarétti.

Einstaklingar sem eru jákvæðir og hafa til að bera frumkvæði, metnað og útsjónarsemi ásamt framúrskarandi samskiptahæfileikum eru hvattir til að sækja um starfið – konur jafnt sem karlar.

Umsóknarfrestur um starfið er til og með **21. mars n.k.** Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið með því að senda ferilskrá og kynningarbréf á netfangið starf@tm.is. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri tjónaþjónustu (kjartanv@tm.is)

Hjá TM er viðskiptavinurinn og hagsmunir hans okkar megin viðfangsefni. Það er markmið okkar að viðskiptavinir upplifi í öllum sínum samskiptum við TM að ekkert tryggingafélag á Íslandi veiti betri vernd gegn áföllum. Í því felst að viðskiptavinurinn sé rétt tryggður á hverjum tíma og fái ávallt framúrskarandi þjónustu við úrlausn sinna mála hvort heldur við kaup á tryggingum, við tjón, í lánaviðskiptum eða greiðsluþjónustu.

TM hefur staðið efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni í fjórtán skipti af sautján og er það íslenska fyrirtæki sem oftast allra hefur hlotið viðurkenninguna.

**Tryggingamiðstöðin** Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is www.tm.is

ÞG-VERK

tgverk.is



## Framúrskarandi smiðir óskast í okkar frábæra starfshóp!

- Allir smiðir í uppmælingu
- Frábær starfsandi og starfsmannafélag
- Fyrsta flokks starfsmannaaðstaða
- Mjög góð verkefnastaða næstu árin

## Hafðu samband við okkur!

Framundan eru spennandi tímar og aukin umsvif hjá fyrirtækinu.
ÞG Verk er leiðandi byggingarfyrirtæki á Íslandi með um 600 nýjar íbúðir í byggingu á höfuðborgarsvæðinu, ásamt því að vera mjög umsvifamikið á útboðsmarkaði.

Áhugasamir sendi inn umsókn á www.tgverk.is - Fyrirtækið - Starfsumsókn

ÞG Verk - Lágmúla 7, 108 Reykjavík - S: 534 8400

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða skólastjóra við Háteigsskóla

### Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Háteigsskóla

Háteigsskóli, áður Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands, er hverfisskóli í Hlíðahverfi, stofnaður árið 1968. Í skólanum eru um 440 nemendur í 1.-10. bekk. Einkunnarorð skólans eru *virðing, samvinna* og *vellíðan* og einkenna þau starfið í skólanum. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og metnaðarfullu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahópnum. Skólinn hefur sérhæft sig í kennslu íslensku sem annars tungumáls og fjölbreytileiki í nemendahópnum er í hávegum hafður. Leiklist er markvisst notuð í kennslu á öllum stigum til að stuðla að sterkari sjálfsmynd nemenda og aukinni félagsfærni. Áhersla er lögð á góða upplýsingagjöf til foreldra og við skólann starfar öflugt foreldrafélag. Gott samstarf er við frístundaheimilið Halastjörnuna og félagsmiðstöðina 105 sem eru í húsnæði skólans.

**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn.**

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s.ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Forystu- og stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.
**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2016. Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2016.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.
Nánari upplýsingar veita Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: gudlaug.sturlaugsdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða skólastjóra við Laugalækjarskóla

### Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Laugalækjarskóla

Laugalækjarskóli er unglingaskóli í Laugarneshverfi, stofnaður árið 1960. Í skólanum eru um 290 nemendur í 7.-10. bekk. Við skólann er starfrækt Tungumálaver á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem sinnir ráðgjöf og kennslu í norsku, pólsku og sænsku. Laugalækjarskóli tekur þátt í Grænum skrefum Reykjavíkurborgar, verkefninu Heilsueflandi skóli og hefur þegið boð um að gerast réttindaskóli UNICEF. Skólinn hefur um árabil verið í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann í Þrándheimi um menntun og þjálfun kennaranema. Gott samstarf er við félagsmiðstöðina Laugó sem staðsett er í húsnæði skólans.
Einkunnarorð skólans eru *virðing, eldmóður* og *gleði* og stefnt er að því að byggja upp ábyrga og sjálfstæða einstaklinga.
Áhersla er lögð á þverfaglega verkefnavinnu, námsmöppur nemenda, markvissa ígrundun þeirra um eigið nám, öfluga stuðningskennslu og leiðandi uppeldi. Í starfsmannahópnum er ríkur umbótavilji og hefð er fyrir lýðræðislegri skólaþróun og samvirkri forystu starfsmanna.

**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, metnaðarfulla skólasýn og einlægan áhuga á menntun og velferð unglinga.**

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s.ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Forystu- og stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.
**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2016. Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2016.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: gudlaug.sturlaugsdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

ALÞINGI

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmanni í mötuneyti í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

## Við leitum að
# GÓÐUM BÓKARA

Á bókhaldssviði Fjárstoðar starfa 7 öflugir bókarar sem annast bókhald fyrirtækja og stofnana af ýmsum stærðum og gerðum. Vegna aukinna verkefna viljum við stækka hópinn og leitum að vönum og góðum bókara.

**Helstu verkefni**
- Alhliða bókhaldsþjónusta fyrir viðskiptavini okkar, þ.m.t. færsla fjárhags-, viðskiptamanna- og lánadrottnabókhalds, afstemmingar og reikningagerð
- Samskipti við viðskiptavini, uppgjörsaðila og endurskoðendur

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af bókhaldi áskilin
- Reynsla af DK æskileg en þekking á öðrum bókhaldskerfum einnig kostur
- Vottun sem viðurkenndur bókari kostur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Þekking á og reynsla af launavinnslu mikill kostur

Umsóknarfrestur er til **23. mars**. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á umsokn@fjarstod.is.

FJÁRSTOÐ

**Fjárstoð ehf.**
**Smáratorgi 3**
**201 Kópavogur**

**Sími 556-6000**
**fjarstod@fjarstod.is**
**www.fjarstod.is**

# Lífland leitar að starfsfólki í eftirfarandi stöður

## Tækni og Þjónustudeild:
Lífland leitar að starfsmanni í sölu og ráðgjöf á tækjabúnaði fyrir landbúnað og ekki skemmir ef viðkomandi hefur þekkingu á landbúnaði og tækjum. Lífland selur heildarlausnir á tækjabúnaði fyrir alifuglabændur og kúabændur.
**Starfssvið:**
- Sala, tilboðsgerð og ráðgjöf til viðskiptavina.
- Vinna að úrlausnum verkefna með viðskiptavinum.
- Aðstoða við uppsetningu tækjabúnaðar.
- Utanum hald á varahlutum.

**Hæfniskröfur:**
- Tæknifræðimenntun kostur.
- Reynsla af sölustörfum.
- Þekking á íslenskum landbúnaði.
- Þarf að vera handlæginn.
- Góð almenn tölvuþekking og þekking á Navision æskileg.
- Þekking á tækniteiknun kostur
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

## Vöruhús:
Lífland leitar að starfsmanni í fullt starf í vöruhúsi Líflands í Brúarvogi
**Starfssvið :**
- Móttaka og frágangur á vörum í vöruhúsi.
- Tínsla og afgreiðsla á pöntunum
- Almenn lagerstörf

**Hæfniskröfur:**
- Réttindi á lyftara er kostur.
- Góð almenn tölvuþekking og þekking á Navision er kostur.
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til og með fimmtudeginum 31. mars 2016.**
**Nánariupplýsingar veitir Arnar Þórisson í síma: 540-1162.**
**Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn og ferilskrá á atvinna@lifland.is**

LÍFLAND

# VIÐ EIGUM LAUS SÆTI

## ERT ÞÚ GÓÐUR FERÐAFÉLAGI? ÞÁ ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR.




### BÍLSTJÓRAR

**Starfssvið**

- Akstur og þjónusta við farþega.
- Umsjón og umhirða bifreiða.
- Vinna eftir umhverfis-, öryggis- og gæðastöðlum fyrirtækisins.

**Menntunar- & hæfniskröfur**

- Aukin ökuréttindi D.
- Reynsla af akstri hópferðabíla er æskileg.
- Hreint sakavottorð.
- Enskukunnátta.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Snyrtimennska og stundvísi.
- Jákvæðni, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð.

### LEIÐSÖGUMENN

**Starfssvið**

- Leiðsögn í skipulögðum ferðum.
- Vinna eftir umhverfis-, öryggis- og gæðastöðlum fyrirtækisins.

**Menntunar- & hæfniskröfur**

- Fagmenntun úr viðurkenndu leiðsögunámi.
- Mjög góð enskukunnátta.
- Önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Fagleg þekking á staðháttum á Íslandi.
- Meirapróf er kostur.
- Rík þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Snyrtimennska og stundvísi.
- Jákvæðni, frumkvæði og drifkraftur.

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Hreiðarsdóttir, mannauðsstjóri á netfanginu johanna@re.is.

Tekið er á móti umsóknum rafrænt á **jobs.re.is** ásamt ferilskrá og mynd. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2016.**

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

Umferðarmiðstöðin BSÍ
101 Reykjavík
☎ 580 5400 • main@re.is
www.re.is • www.flybus.is

Reykjavik Excursions-Kynnisferðir er ört vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki með um 300 starfsmenn. Við erum leiðandi í skipulagningu og rekstri dagsferða með erlenda og innlenda ferðamenn um Ísland.

Hjá okkur starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

ISO 14001 Environmental Management
EMS 582904

---



# Verkstjóri rafdreifikerfis

## Vilt þú leiða öflugan hóp starfsfólks sem færir fólki rafmagn?

Við leitum að úrræðagóðum og samskiptaliprum verkstjóra fjölmenns hóps sem starfar við rafdreifikerfi höfuðborgarsvæðisins. Um er að ræða fjölbreytt starf í tæknilega krefjandi umhverfi.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Að leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Umsjón með daglegum rekstri og skipulagi verka
- Ábyrgð á öryggismálum

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Meistarapróf í rafiðn eða iðnfræðipróf
- Reynsla af verkstjórn
- Þekking á rafdreifikerfum
- Öryggisvitund

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Eingöngu er tekið á móti umsóknum** á ráðningavef Veitna, **starf.or.is/veitur/** þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. **Nánari upplýsingar** veitir Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi, netfang **starf@veitur.is**. **Umsóknarfrestur** er til og með 20. mars 2016.

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.**

Veitur eru fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Veitur leggja áherslu á að stjórnendur séu talsmenn fyrirtækisins, sýni virðingu og ábyrgð í samskiptum og heiðarleika í upplýsingagjöf. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

JAFNRÉTTISRÁÐ

Veitur eru dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur og sér um rekstur hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði fyrirtækisins.

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • 516 6000 • **veitur.is**

VEITUR

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 16-0855

HEILSUGÆSLAN



# Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar í heimahjúkrun - sumarafleysingar

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir eftir hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum til sumarafleysinga fyrir sameinaða heimahjúkrun Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Um tímabundin störf í vaktavinnu er að ræða. Til greina kemur að ráða hjúkrunar- og sjúkraliðanema. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1.júní eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall er 60–80%.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. mars 2016.**

Starfsemi heimahjúkrunar er í örri framþróun þar sem áhersla er lögð á samfellu í hjúkrun, teymisvinnu og náið samráð við aðstandendur. Um er að ræða spennandi starfsvettvang fyrir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem áhuga hafa á þróun heimahjúkrunar í nýrri einingu. Nánari upplýsingar um starfsemi og markmið heimahjúkrunar má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is).

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Starfssvið í heimahjúkrun er að veita víðtæka hjúkrun í heimahúsum m.a. vegna langvinnra sjúkdóma. Starfsemi heimahjúkrunar er ört vaxandi og er starfið mjög fjölbreytt og gefandi.
- Hjúkrunarfræðingur / sjúkraliði tekur þátt í teymisvinnu þar sem hjúkrunarþarfir skjólstæðingahópa eru hafðar að leiðarljósi.
- Viðkomandi mun hafa bifreið til afnota á vinnutíma.

### Hæfnikröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi / sjúkraliðaleyfi
- Reynsla af heimahjúkrun / hjúkrun aldraðra æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Faglegur metnaður
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í starfi
- Gilt ökuleyfi

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Stéttarfélög eru Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Sjúkraliðafélag Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um menntun og staðfest afrit af opinberu starfsleyfi. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (*www.heilsugaeslan.is*), undir laus störf eða á Starfatorgi (*www.starfatorg.is*).

**Nánari upplýsingar veitir Sigríður Aðalheiður Pálmadóttir, yfirhjúkrunarfræðingur - sigridur.a.palmadottir@heilsugaeslan.is - 594-0500**

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

PORT hönnun

BRESLAND
HUMAN RESOURCES & CONSULTING

## Vantar þig starfsfólk

Bresland hefur milligöngu um að finna og aðstoða við ráðningu á starfsfólki frá Póllandi, sjá www.bresland.eu Vinsamlegast sendu okkur fyrirspurn (á ensku) á info@bresland.eu ef þú vilt leita nánari upplýsinga um þessa þjónustu.
Einnig er fyrirspurnum svarað í síma 775 4350.

## Torfan Humarhúsið óskar eftir að ráða starfsmenn í sal

Torfan//Humarhúsið er veitingahús með mikla sögu í miðbæ Reykjavíkur. Við leitum eftir duglegu starfsfólki í sal.
Bæði framtíðar og hlutastarf í boði með sveigjanlegum vöktum.
Um er að ræða fjölbreytt þjónustustarf bæði í hádeginu og á kvöldin.

Viðkomandi þarf að vera eldri en 18 ára, duglegur, snyrtilegur, ábyrgur og með ríka þjónustulund.
Íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl.**

**Umsóknir sendist á info@torfan.is**

TORFAN Humarhúsið

HS
HITASTÝRING hf.
Ármúla 16 108 Reykjavík Sími: 552-2222

*Hitastýring hf. er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu, uppsetningu og þjónustu á hita- og loftræstikerfum, kælikerfum fyrir gagnaver, tölvu og tæknirými, rakakerfum, hússtjórnarkerfum og ýmiskonar iðnaðarsjálfvirkni.*

## Óskum eftir að ráða Rafvirkja

**Starfssvið:**
- Reglubundið eftirlit loftræsti- og kælikerfa
- Uppsetning á loftræsti- og kælikerfum
- Viðhald og þjónusta

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði kælitækni og/eða rafvirkjunar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Almenn tölvukunnátta

**Nánari upplýsingar gefur Helgi Sverrisson sími: 552-2222 netfang: helgi@hitastyring.is**




# SLIPPBARINN

## leitar af öflugum liðsmönnum í eftirfarandi störf:

- Vaktstjórar í sal
- Framreiðslumenn
- Þjónusta í veitingasal
- Starfsfólk í morgunverð

Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingum með brennandi áhuga á þjónustustörfum. Nánari upplýsingar um starfssvið og hæfniskröfur má finna á **www.icelandairhotels.is** en umsóknir skulu jafnframt berast í gegnum heimasíðuna.

Viðkomandi starfsmenn þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
**Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2016.**

**Nánari upplýsingar um starfið veita:**
Birgir Guðmundsson, hótelstjóri: birgirgu@icehotels.is
Hrefna Sif Gunnarsdóttir, verkefnastjóri: hrefnasg@icehotels.is

*Icelandair hótel eru leiðandi keðja gæðahótela á Íslandi og reka nú alls 21 hótel undir fjórum ólíkum vörumerkjum; Icelandair Hotels, Eddu hótelin, Hilton Reykjavík Nordica og Canopy Reykjavík. Hjá félaginu starfa rösklega 700 manns.*

REYKJAVÍK MARINA Icelandair Hotels

*Hjá Icelandair hótelum starfar úrvalshópur með sameiginleg markmið þar sem borin er virðing fyrir gestum og samstarfsmönnum. Icelandair hótelin leggja áherslu á samvinnu, ábyrgð og frumkvæði í starfi ásamt vilja til að takast á við krefjandi verkefni. Nýir starfsmenn fá vandaða kynningu á fyrirtækinu og fara í gegnum markvissa þjálfun til þess að geta tekist á við störf sín af öryggi. Unnið er að stöðugri framþróun og starfsmönnum veitt tækifæri til vaxtar og þroska í starfi.*

Icelandair Hotels

**SKÓGARBÆR**

Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

# Eldhús

**Matartækni/starfsmann vantar í 90% hlutastarf í eldhús/matsal Skógarbæjar.**

Um er að ræða vaktavinnu. Störf í eldhúsi og matsal eru fjölbreytt og krefjast sjálfstæðra vinnubragða.Við leitum eftir einstaklingi sem hefur reynslu af bakstri og eldamennsku. Mikilvægt er að viðkomandi tali íslensku, er heilsuhraustur, hafi góða samskiptahæfileika og þjónustulund. Sýni frumkvæði og öguð vinnubrögð.

Upplýsingar um Hjúkrunarheimilið Skógarbæ eru á heimsíðu, skogar.is.

Ef nánari upplýsinga er óskað þá sendið tölvupóst til olga@skogar.is

**Umsóknir sendist með tölvupósti til olga@skogar.is fyrir 20.02.2016**

**Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn**

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

# Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

## Hagfræðingur á hagfræði- og peningastefnusviði Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða hagfræðing á hagfræði- og peningastefnusviði bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Hagfræði- og peningastefnusvið annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguspár og tekur þátt í mótun stefnunnar í peningamálum. Hagfræði- og peningastefnusvið hefur m.a. umsjón með útgáfu ársfjórðungsritsins *Peningamála* og enskri útgáfu þess *Monetary Bulletin*.

**Helstu verkefni:**
- Að fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður.
- Almennar rannsóknir, einkum á sviði peninga- og þjóðhagfræði.
- Þátttaka í gerð verðbólgu- og þjóðhagsspáa bankans og vinnu í tengslum við greiningu og skrif í *Peningamál*.
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf á ábyrgðarsviðum Seðlabankans.

**Hæfniskröfur:**
- Áskilið er a.m.k. meistarapróf í hagfræði.
- Umsækjandi þarf að hafa gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku, og hæfileika til að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt.
- Umsækjandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika og vera reiðubúinn til hópvinnu af ýmsu tagi.

Upplýsingar um starfið veitir Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur, í síma 569-9600.

**Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, í síðasta lagi þriðjudaginn 29. mars næstkomandi. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**



# Rekstrarstjóri kraftmestu sýningar landsins - Ertu ON?

Orka náttúrunnar leitar að kraftmiklum leiðtoga með ríka þjónustulund í starf rekstrarstjóra jarðhitasýningar ON á Hellisheiði. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptafærni og hafa ástríðu og áhuga á uppbyggingu jarðhitasýningarinnar til framtíðar.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Ábyrgð á daglegum rekstri jarðhitasýningarinnar
- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Gerð og framfylgd rekstraráætlunar
- Samskipti við ferðaþjónustuaðila
- Samskipti við innlenda og erlenda gesti
- Þátttaka í skipulagningu og framþróun jarðhitasýningarinnar

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í samskiptum og rík þjónustulund
- Reynsla af rekstri og starfsmannamálum
- Reynsla af ferðaþjónustu kostur
- Reynsla af sýningarstjórnun kostur

Við hvetjum jafnt konur og menn til að sækja um starfið.

Eingöngu er tekið á móti umsóknum á ráðningarvef Orku náttúrunnar, **starf.on.is**. Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsdóttir, mannauðssérfræðingur gegnum netfangið **starf@on.is**.

Orka náttúrunnar er annað stærsta orkufyrirtæki landsins. Hlutverk ON er að skapa verðmæti úr orkulindum með ábyrgum hætti í þágu viðskiptavina og samfélagsins. Með starfsemi sinni tryggir ON viðskiptavinum sínum áreiðanlegt framboð af umhverfisvænni orku á samkeppnishæfu verði.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur:**
Til og með 21. mars 2016

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is/jardhitasyning

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

2015 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS FRAMTAK ÁRSINS

ORKA NÁTTÚRUNNAR




# EFLA leitar að liðsauka

**Sérfræðingur á sviði öryggismála og öryggiskerfa**

Á EFLU er eitt öflugasta teymi landsins er lítur að öryggishönnun og áhættugreiningum. Teymið hefur komið að öryggishönnun og áhættugreiningum flestra helstu mannvirkja hérlendis. Einnig höfum við mikla reynslu af ráðgjöf og öryggishönnun erlendis.

EFLA óskar eftir að ráða rafmagnstæknifræðing eða rafmagnsverkfræðing sem hefur sérhæft sig á sviði öryggiskerfa. Viðkomandi mun starfa á fagsviði Rafkerfa á Byggingarsviði. Einnig starfa þverfaglega innan EFLU og vinna náið með ráðgjöfum okkar um bruna- og öryggismál auk ráðgjöfum annarra sviða s.s. Iðnaðarsviðs og Samgöngusviðs.

**Hæfniskröfur:**

- Rafmagnsverk- eða rafmagnstæknifræðingur.
- Góð þekking á hönnunar- og teiknihugbúnaði, s.s. Autocad og Revit.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Brennandi áhugi á öryggismálum.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 23. mars næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur**
23. mars 2016

**Nánari upplýsingar**
412 6000 eða job@efla.is

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND • DUBAI

# Erum með starfsfólk í eftirfarandi störf

**Smiðir - rafvirkjar**
**Múrarar - málarar**
**Járnabindingamenn**
**Flísalagningarmenn**
**Almennir verkamenn**
**Bílstjórar með meirapróf**

## Sími:780-1000

- Erum með starfsfólk í jafnt skammtíma sem og langtímastörf.
- Allt okkar starfsfólk er með góð meðmæli sem hafa verið sannreynd.
- Starfsfólk okkar talar ekki Íslensku en talar ágæta til mjög góða ensku ásamt fleiri tungumálum.
- Allt okkar starfsfólk nýtur allra þeirra starfs- og mannréttinda sem eru í gildi á íslandi.

Verkleigan
vinna@verkleigan.is S: 780-1000

# Trésmiðir óskast

**Eykt óskar eftir að ráða mótasmiði eða hóp mótasmiða til starfa í byggingavinnu á Reykjavíkursvæðinu.**

Tekið er við umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu á skrifstofu Eyktar á Stórhöfða 34-40 eða í tölvupósti á eykt@eykt.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur Einarsson í síma 822 4437.

**Eykt byggingarfélag**
**Stórhöfða 34-40 - 110 Reykjavík**
**595 4400 - eykt@eykt.is**

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

# Viðskiptastjóri kaffi & matvöru á fyrirtækjasviði Ölgerðarinnar

**Ölgerðin leitar að metnaðarfullum, duglegum, og jákvæðum starfsmanni með þekkingu og reynslu á kaffi- og matvörumarkaði.**

**Fyrirtækjasvið Ölgerðarinnar annast sölu og þjónustar drykkjar- og matvöru meðal annars til hótela, veitingastaða, bensínstöðva og skyndibitastaða.**

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:**

- Greining tækifæra á markaði
- Stuðningur við söludeildir
- Náið samstarf með vörumerkjastjórum
- Samskipti við birgja
- Tilboðsgerð, úrvinnsla og eftirfylgni

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- Menntun sem nýtist í starfið,
- Þekking á kaffi- og matvörumarkaði
- Reynsla af sölumennsku er skilyrði
- Framúrskarandi þjónustulund, áreiðanleiki, skipulag og jákvæðni

**Umsóknarfrestur er til og með 26. mars nk.**
Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: **umsokn.olgerdin.is**

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

**www.olgerdin.is**






## GÆÐA- OG UMHVERFISSTJÓRI

*Hæfniskröfur:*

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innleiðingu og stýringu gæða- og umhverfismála
- Brennandi áhugi á gæða- og umhverfismálum
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Góð skipulagshæfni, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði á rituðu og töluðu máli

*Helstu verkefni:*

- Þróun og eftirfylgni stefnu í gæða- og umhverfismálum
- Mótun markmiða, þróun og eftirfylgni verkferla í umhverfis- og gæðamálum
- Innleiðing gæðakerfis og ábyrgð á gæðaúttektum
- Stuðningur, ráðgjöf og fræðsla til stjórnenda og starfsmanna varðandi gæða- og umhverfismál

Gæða- og umhverfisstjóri heyrir undir mannauðsstjóra.

Nánari upplýsingar veitir Rakel Heiðmarsdóttir mannauðsstjóri í síma 420-8800.

**Umsóknarfrestur er til 20. mars.**

## STARFSFÓLK Í FRAMLÍNU

Við leitum að metnaðarfullu starfsfólki sem á það sameiginlegt með okkur hinum að hafa óbilandi þörf og metnað til að gleðja gesti okkar og skapa ævilangar minningar.

*Störf í boði:*

- Störf í móttöku
- Störf á veitingasviði
- Störf í verslun
- Þjónustustörf í klefum
- Gæslustörf
- Gleðigjafar
- Framreiðsla á LAVA veitingastað
- Matreiðsla á LAVA veitingastað
- Ræstingar

Um framtíðarstörf er að ræða.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Kolbrún Magnúsdóttir, sérfræðingur á mannauðssviði, í síma 420-8800.

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn í gegnum heimasíðu Blue Lagoon www.bluelagoon.is/atvinna.

BLUE LAGOON
ICELAND

# SÖLUMAÐUR FORD

**Öflugur sölumaður óskast í söludeild Brimborgar fyrir nýja og notaða Ford bíla.**

*Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á www.brimborg.is*

**Umsóknarfrestur er til 20. mars 2016**

brimborg

# Byggingamenn athugið

**Aflmót byggingafélag ehf óskar að ráða járnamenn og smiði vana mótauppslætti. Þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Mikil vinna framundan.**

**Nánari upplýsingar veitir Jóhannes, gsm: 7738877, netfang: johannes@aflmot.is.**

# Olíubílstjóri í sumarstarf

**Skeljungur óskar eftir að ráða olíubílstjóra til starfa á rekstarsviði í Örfirisey.**

Við leitum að dugmiklum einstaklingum til sumarstarfa til að sinna dreifingu og afgreiðslu á eldsneyti til viðskiptamanna og á bensínstöðvar Skeljungs. Um er að ræða skemmtilegt og fjölbreytt starf við dreifingu.

**Starfssvið:**

- Dreifing á eldsneyti og smurolíu
- Móttaka pantana
- Eftirlit með birgðageymum

**Hæfniskröfur:**

- CE Meirapróf
- ADR réttindi kostur en ekki nauðsyn
- Frumkvæði og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Skeljungur greiðir ADR námskeið fyrir þá sem vantar réttindi.

Nánari upplýsingar veitir Pétur Gísli Jónsson í síma 444 3059. Umsóknir skulu berast á pgj@skeljungur.is **fyrir 31. mars.**

Skeljungur

HEILSUGÆSLAN



# Fagstjóri lækninga

## Heilsugæslan Garðabæ

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf fagstjóra lækninga við Heilsugæsluna Garðabæ. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfni og samskiptahæfileika. Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. maí nk. eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. mars 2016.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á. Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum. Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Skipulag, verkstjórn og samhæfing innan fagsviðs með svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóra innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stöðvar
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Hefur umsjón með sérnámslæknum stöðvar, veitir fræðslu til nema, nýliða og starfsmanna fagsviðs í samvinnu við aðra starfsmenn stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða

### *Hæfnikröfur*

- Sérfræðingur í heimilislækningum
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu

### *Frekari upplýsingar um starfið*

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Allar umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjá Landlæknisembættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Jafnframt skal fylla út eyðublaðið „Umsókn um læknisstöðu" og setja það í viðhengi. Umsóknareyðublaðið má nálgast á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) undir útgefið efni.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Nánari upplýsingar veitir** Svava Kristín Þorkelsdóttir, mannauðsstjóri – svava.kristin.thorkelsdottir@heilsugaeslan.is Sími 585-1300

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

PORT hönnun

# KÖFUNARÞJÓNUSTAN EHF

sími 863 5699 • www.kafari.is

## UMSJÓNARMAÐUR VERKSTÆÐIS

Vegna aukinna verkefna óskar Köfunarþjónustan eftir öflugum umsjónarmanni verkstæðis til starfa. Okkar helstu verkefni eru á sviði iðnaðarköfunar og sérstakra verka sem krefjast útsjónarsemi og áræðni á landi. Við rekum einnig tækjaleigu með rafstöðvum, loftpressum, dælum og fleiru. Rekstur verkstæðisins mótast af þessum fjölbreyttu verkefnum og tengist alls konar vinnu, tækjum og verkfærum.

**1. STARFSSVIÐ/ÁBYRGÐ**

- Ábyrgð á rekstri fyrirmyndar verkstæðis
- Umhald tækja og verkfæra fyrirtækisins
- Fjölbreyttar véla/tækjaviðgerðir

**2. HÆFNISKRÖFUR**

- Menntun sem vélvirki, bifvélavirki eða sambærilegt
- Reynsla af fjölbreyttum viðgerðum
- Reynsla af hvers konar járnsmíði
- Kostur að hafa tölvukunnáttu
- Góð enskukunnátta

**3. EIGINLEIKAR**

- Jákvæðni
- Skipulagshæfileikar
- Ákveðni og sjálfstæði
- Frumkvæði og útsjónarsemi
- Sveigjanleiki

Áhugasamir sendi ferilskrá á **hallgrimur@diving.is.**
**Nánari uppl. í s: 893-8303.**
Viðkomandi þarf að geta byrjað fljótlega.
Góð laun í boði

Thrifty Car Rental

Sæktu um í dag

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Í BÍLALEIGU Í REYKJAVÍK

Thrifty Car Rental, bílaleiga Brimborgar, leitar að röskum og jákvæðum starfsmanni í framtíðarstarf þjónustufulltrúa á starfsstöðvar í Reykjavík. Skemmtilegt og krefjandi starf í líflegu umhverfi.

**Stutt lýsing á starfi:**

- Afhending bíla til erlendra sem innlendra viðskiptavina og móttaka við leiguskil
- Upplýsingagjöf og sala þjónustu
- Skráning bókana
- Skutl viðskiptavina til og frá starfstöð

**Hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf og/eða reynsla af sambærilegu starfi
- Hæfni í tölvunotkun
- Gilt bílpróf og vera jafnvíg(ur) á beinskiptan og sjálfskiptan bíl
- Framúrskarandi þjónustulund
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Unnið er á vöktum 07:00-17:00 (2,2,3).

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á www.brimborg.is (laus störf).

**Umsóknarfrestur er til 20. mars 2016**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*



## HÖNNUNARUMSJÓN - HÖNNUNARSTJÓRI

Vegna aukinna umsvifa óskar LNS Saga eftir umsóknum frá öflugum einstaklingum í fjölbreytt störf, sem sjá má á heimasíðu www.lns.is, facebook og Linkedin. Við erum stöðugt að leita að frábæru fólki.

Við óskum eftir greinargóðri ferilskrá með öllum innsendum umsóknum, ásamt kynningarbréfi.

Meðal annars erum við að leita að einstaklingi í nýtt og spennandi starf innan okkar raða;

**HÖNNUNARUMSJÓN/HÖNNUNARSTJÓRI**

Starf Hönnunarstjóra hjá LNS Saga felur m.a. í sér að stjórna og stýra hönnun í nánu samstarfi við viðskiptavini LNS Saga. Viðkomandi þarf að hafa haldgóða þekkingu á hönnun og framkvæmdum.

Markmiðið er að verkkaupi vinni náið með LNS Saga allt frá hugmynd að veruleika.

**Hæfniskröfur eru m.a eftirfarandi:**

- Arkitekt, verk- eða tæknifræði (B.Sc./M.Sc.)
- Töluverð reynsla af mannvirkjagerð
- Hönnunarreynsla og hönnunarumsjón
- Góð hæfni í mannlegum samkiptum
- Lágmark þriggja ára reynsla í verkefnastjórn
- Fjölbreytt reynsla á sviði byggingarframkvæmda er kostur
- Skipulögð, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði, áræðni og metnaður til að ná árangri í starfi

Nánari upplýsingar veitir Ólafur H. Harðarson í gegnum tölvupóst: olafur.hardarson@lns.is
Umsóknarfrestur er til og með **21.03.2016**.

Áhugasamir sendi umsókn í gegnum ráðningarkerfi fyrirtækisins á heimasíðu: www.lns.is (undir starfsumsókn).

Meðhöndlun umsókna er trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað.

LNS Saga ehf. || Hlíðasmári 4 || 201 Kópavogur
Sími +354 511 7040 || www.lns.is

LNS Saga







TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# Málning og rétting

**Vegna aukinna umsvifa leitum við að metnaðarfullum starfsmönnum á eitt fullkomnasta málningar- og réttingaverkstæði landsins.**

## Bifreiðasmiður

**Starfssvið:**

- Almennar bílaréttingar

**Hæfniskröfur:**

- Próf í bifreiðasmíði
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Vinnutími er: mán-fim frá 08:00 – 17:00
og fös 08:00 – 15:30

## Bílamálari

**Starfssvið:**

- Almenn bílamálun

**Hæfniskröfur:**

- Próf í bílamálun
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Vinnutími er: mán-fim frá 08:00 – 17:00
og fös 08:00 – 15:30

**Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá fyrir 21. mars á netfangið atvinna@toyota.is, merkt: viðkomandi starfi. Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfangið fanny@toyota.is**

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**




# Hagstofa Íslands

óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann

## Sérfræðingur á efnahagssviði

**Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í vísitöludeild.**
Deildin sér um útreikning verðvísitalna, úrvinnslu útgjaldarannsóknar og alþjóðlegan verðsamanburð. Starfið felur í sér vinnu við mælingu og útreikning verðvísitalna og annarrar verðtölfræði. Þar má nefna vísitölu byggingarkostnaðar, vísitölu framleiðsluverðs og vísitölu neysluverðs. Starfið felur að auki í sér samskipti við gagnaveitendur, meðhöndlun stórra gagnasafna, þátttöku í þróun aðferða og framleiðsluferla og þjónustu við notendur. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og fela í sér mikil samskipti við innlenda og erlenda aðila.

**HÆFNISKRÖFUR**
- Háskólapróf í verkfræði, stærðfræði eða önnur sambærileg menntun sem veitir sterkan grunn í greiningu og gagnagrunnsvinnslu
- Þekking á vinnslu gagnagrunna (t.d. SQL)
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu
- Forritunarkunnátta er kostur
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 29. mars 2016 og skulu umsóknir berast í pósti á:
Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000.

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.
Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is

MOSFELLSBÆR

# Vilt þú verða skipulagsfulltrúi í Mosfellsbæ?

## STARF SKIPULAGSFULLTRÚA MOSFELLSBÆJAR ER LAUST TIL UMSÓKNAR.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Skipulagsfulltrúi er starfsmaður umhverfissviðs sem starfar með, og undir stjórn, framkvæmdastjóra sviðsins að verkefnum sem snúa að skipulagsmálum í Mosfellsbæ. Skipulagsfulltrúi ber ábyrgð á undirbúningi, boðun og ritun funda skipulagsnefndar Mosfellsbæjar og verkefnum því tengdu. Skipulagsfulltrúi sinnir jafnframt ráðgjöf tengdum skipulags- og byggingarmálum sem og öðrum þeim verkefnum sem til falla innan málaflokksins.

**MENNTUNAR- OG HÆFNIKRÖFUR:**
- Skipulagsfulltrúi skal vera löggiltur skipulagsfræðingur, eða löggiltur arkitekt, landslagsarkitekt, verk-, tækni- eða byggingarfræðingur með sérhæfingu og starfsreynslu á sviði skipulags
- Skipulagsfulltrúi þarf að hafa yfirsýn og þekkingu á lögum og reglugerðum er varða skipulagsmál
- Skipulagsfulltrúi þarf að búa yfir reynslu og þekkingu á verkefnastjórnun og teymisvinnu
- Skipulagsfulltrúi þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum og getu til að tjá sig í töluðu og rituðu máli
- Almenn tölvukunnátta ásamt þekkingu á teikniforritum og öðrum forritum sem notuð eru sérstaklega við skipulagsvinnu er skilyrði
- Færni í erlendum tungumálum er kostur

**Umsóknarfrestur er til 30. mars 2016.**
Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs í síma 525 6700 eða Hanna Guðlaugsdóttir, mannauðsstjóri í síma 841 2222. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

HÖFNIN Restaurant

# Kokk, þjón og aðstoðarfólk

**í sal og eldhús vantar á veitingahúsið Höfnina við Reykjavíkurhöfn.**

Ef þú ert snyrtimenni, reglusamur og með brennandi áhuga á veitingastörfum þá viljum við fá þig í liðið okkar.
Um er að ræða bæði framtíðarstörf strax og sumarstörf.
Áhugasamir vinsamlega sendið umsóknir á logi@hofnin.is eða hringið í 691 9386

MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ

# Bakari óskast

**Tertugallerí Myllunnar óskar að ráða bakara í tertudeild fyrirtæksins.**

Óskum eftir bakara til starfa í Tertugalleríið okkar að Skeifunni 19. Um er að ræða framleiðslu á tertum, skreytingar og frágang með meiru.

**Hæfniskröfur:**
- Áríðandi er að viðkomandi geti unnið sjálfstætt
- Skipulagning og snyrtimennska
- Íslenskukunnátta
- Stundvísi og heiðarleiki
- Bakaramenntun er skilyrði
- Reynsla af sambærilegum störfum

Tertugallerí Myllunnar er nýjasta viðbót Myllunnar sem er leiðandi fyrirtæki á íslenskum matvælamarkaði, sem sérhæfir sig í markaðssetningu og framleiðslu á brauðum, kökum og skyldum vörum fyrir neytendamarkað. Tertugalleríið gerir það einfalt og fljótlegt að panta tertu fyrir hvaða tilefni sem er. Marsipantertur, súkkulaðitertur, kransakökur og margt fleira.

**Umsóknarfrestur er til 23. mars 2016**

**Nánari upplýsingar um starfið gefur Björn Jónsson framkvæmdastjóri markaðssviðs í síma 820 2318**

**Áhugasamir sendi umsóknir ásamt ferilskrá til mannauðsstjóra á netfangið helga@isam.is**

# Vörubílstjóri óskast

**Eykt óskar eftir að ráða vanan vörubílstjóra á kranabíl fyrirtækisins. Um er að ræða VOLVO FM 400 með Hiab krana og krókheysi.**

Tekið er við umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu á skrifstofu Eyktar á Stórhöfða 34-40 eða í tölvupósti á eykt@eykt.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hjörtur Björnsson í síma 822 4400.

**Eykt byggingarfélag**
**Stórhöfða 34-40 - 110 Reykjavík**
**595 4400 - eykt@eykt.is**

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Tæknifræðingur eða húsameistari

Fasteigna og byggingafélag óskar að ráða í hlutastarf byggingatæknifræðing eða húsameistar.

Starfið felst í að hafa umsjón með framkvæmdum, útboðum og útleigu á húsnæði. Góð tölvukunnátta, þekking á Audo-cad og reynsla af byggingastjórn æskileg.

Umsóknir með ferilskrá óskast sendar á santon@mi.is

**Anton ehf. byggingafélag**

## Tanntæknir óskast

Tanntæknir eða aðstoðarmaður tannlæknis óskast á tannlæknastofu í Kópavogi í 75% starf.

Við leitum að manneskju með færni í mannlegum samskiptum og með sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt ríkri þjónustulund

Umsóknir óskast sendar á netfangið:
***Hlidasmari@gmail.com***

## Kranamaður / Vörubílstjóri

ÞINGVANGUR

### Kranamaður

Þingvangur óskar eftir frábærum kranamanni til að vinna á frábærum krana. Um er að ræða öflugasta byggingarkrana landsins. Hjá Þingvangi er rekið virkt starfsmannafélag.

### Vörubílstjóri

Þingvangur óskar eftir öflugum og áreiðanlegum vörubílstjóra vanan vinnu með bílkrana. Hjá Þingvangi er rekið virkt starfsmannafélag.

Upplýsingar veitir Kristján Sveinlaugsson í gegnum netfangið kristjan@thingvangur.is og í síma 698 0088.



# Verkís leitar að öflugum liðsmönnum

Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum sem hafa metnað, sýna frumkvæði í starfi og eiga auðvelt að vinna með öðrum. Mikilvægt er að umsækjendur hafi gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.

### Verkfræðingur/tæknifræðingur á sviði stjórnkerfa

Fjölbreytt verkefni við kerfisathuganir og hönnun sjálfvirkra stjórnkerfa, eftirlit, prófanir og gangsetningar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði stjórnkerfa
- Þekking á gerð stýrirásateikninga er æskileg
- Reynsla í forritun stýrivéla og skjákerfa er æskileg
- Þekking á hönnun fjarskipta- og netkerfa er kostur

### Jarðtækniverkfræðingur

Fjölbreytt verkefni á sviði jarðtækni og stíflugerðar innanlands og erlendis.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Meistarapróf í jarðtækni
- Reynsla í jarðtæknilegri hönnun er æskileg
- Reynsla í hönnun jarðstíflna er kostur
- Reynsla í notkun forrita til jarðtæknilegrar hönnunar er kostur
- Reynsla í notkun teikniforrita, Autocad og Civil 3D er kostur

### Tækniteiknari

Fjölbreytt verkefni á sviði orku og samgangna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Próf í tækniteiknun
- Reynsla í notkun hönnunar- og teikniforrita s.s. Autocad, Civil 3D, Revit og Inventor
- Reynsla í þrívíddarteiknun er æskileg
- Góð kunnátta í Word og Excel er kostur

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Hjá Verkís starfa yfir 300 starfsmenn að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

### Brunahönnuður

Fjölbreytt brunahönnunarverkefni og gerð ýmissa greininga t.d. á áhættu, rýmingartíma og reykútbreiðslu.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Meistarapróf í verkfræði með áherslu á brunahönnun
- Þekking á líkanagerð brunaferla er æskileg
Bræðurnir standa fyrir söfnun vegna útgáfunnar á Karolina Fund þar sem hægt er að styrkja gerð hennar og kaupa eintak fyrirfram. Grafískt listaverk mun fylgja hverju lagi sem þeir hanna saman; Birkir tekur ljósmyndir og Markús vinnur með þær og breytir.

> Við höfum orðið fyrir áhrifum úr mörgum áttum en helstu áhrifin eru samt líklega frá rapphljómsveit sem við stofnuðum þegar við vorum þriggja og fimm ára.
>
> Magnús og Birkir Bjarnasynir

## Góð samvinna

Þeir segjast semja alla tónlist saman. „Annar okkar fær kannski hugmynd og sýnir hinum. Við reynum síðan að vinna með lagið í einhverja átt þangað til við erum báðir sáttir og þannig verður til lag. Það er ótrúlega misjafnt hversu langan tíma tekur að semja eitt lag. Eina hugmynd að lagi getur tekið nokkra mánuði að þróa og klára en önnur hugmynd gæti orðið að lagi á einni eða tveimur hljómsveitaræfingum.“

## Skemmtilegt brass

Auk þeirra koma þrír blásturshljóðfæraleikarar að gerð plötunnar, þau Gríma Katrín Ólafsdóttir og Gunnar Kristinn Óskarsson sem spila á trompet og Pétur Örn Jónsson sem spilar á tenórsaxófón. „Brasslínur koma fram í nokkrum lögum og eru þær annars vegar hugmyndir frá þeim í bland við að vera útsettar af okkur bræðrunum. Þau hafa búið til skemmtilega stemningu og gert lögin enn skemmtilegri.“ Upplýsingar um Omotrack má finna á Facebook og hlýða má á lagið Mono & Bright á Soundcloud.com og horfa á myndband við sama lag á YouTube-rás þeirra Omotrack Music.



„Eina hugmynd að lagi getur tekið nokkra mánuði að þróa og klára en önnur hugmynd gæti orðið að lagi á einni eða tveimur hljómsveitaræfingum,“ segja bræðurnir Markús Bjarnason (t.v.) og Birkir Bjarnason, meðlimir Omotrack. MYND/ERNIR


**HEIMILI OG SKÓLI**
ÓSKA EFTIR TILNEFNINGUM TIL
**FORELDRAVERÐLAUNA 2016**

**Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra** verða afhent **miðvikudaginn 11. maí 2016, kl. 13:30** við hátíðlega athöfn í **Safnahúsinu við Hverfisgötu 15.**

Tilnefningar sendist með því að fylla út rafrænt eyðublað á heimiliogskoli.is. Hægt er að tilnefna til Foreldraverðlauna en einnig má tilnefna dugnaðarfork Heimilis og skóla. Síðasti skiladagur tilnefninga er **27. apríl 2016**.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

SUÐURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS


# EFTIRMIÐDAGSNASL VIÐ SKRIFBORÐIÐ

Margir finna fyrir löngun í eitthvert nasl á eftirmiðdögum í vinnunni. Þá lækkar blóðsykurinn og líkaminn kallar á orku. Sumir sækja í eitthvað sætt en aðrir vilja hollustu. Svo eru enn aðrir sem vita ekkert hvað þeir ættu að fá sér. Ef ætlunin er að fá sér eitthvað við skrifborðið ætti að velja eitthvað mjúkt og hljóðlátt. Opin vinnurými henta illa fyrir mikinn hávaða eða skruðning. Til dæmis ætti ekki að borða harðar hnetur við borðið. Frekar að velja valhnetur sem eru mýkri en til dæmis chili-hnetur.

Mjög góður eftirmiðdagsbiti er harðsoðið egg. Það er mettandi, gefur orku og er prótínríkt og vítamínríkt. Egg er ríkt af D-vítamíni sem flestir þurfa á að halda. Aldrei ætti að taka með sér nesti sem gefur frá sér lykt. Ágætt er að hafa með sér gríska jógúrt, ferska eða þurrkaða ávexti eða bita af dökku súkkulaði. Þá er einnig sniðugt að hafa með sér múslístykki, best að hafa það heimabakað því þá er hægt að ráða innihaldinu.

### Múslístykki

Þetta er mjög gott múslístykki sem reddar deginum þegar blóðsykurinn lækkar. Auk þess er þægilegt að taka það með sér hvert sem maður fer. Í þessari uppskrift er góð blanda af hollustu.

**300 g apríkósur, eða aðrir þurrkaðir ávextir og hnetur**
**100 g hörfræ, eða aðrar gerðir fræja eftir smekk**
**50 g kínóamjöl**
**150 g hafragrjón**
**Salt**
**1 tsk. kanill**
**50 g kínóa**
**1 dl epladjús**
**1 dl hindber**
**4 msk. fljótandi hunang**



Blandið öllum þurrefnum saman. Þurrkaðir ávextir og hnetur er skorið niður í litla bita. Búið til blöndu úr hindberjum, hunangi og eplasafa í blandara. Hún er síðan sett saman við önnur innihaldsefni. Látið standa í 20-30 mínútur.

Klæðið eldfast mót, 20x30 cm, með bökunarpappír og setjið blönduna þar í. Jafnið blöndunni vel í formið. Notið pítsuskera til að móta sneiðarnar.

Bakið í 190°C heitum ofni í 20 mínútur. Takið úr forminu, slökkvið á ofninum og setjið múslíkökuna aftur inn. Hún á að „þurrkast“ í ofninum í 15 mínútur.

Kælið síðan á rist. Pakkið síðan bitunum inn í bökunarpappír og geymið í ísskáp. Einnig má frysta bitana en þeir geymast vel í ísskáp í viku.

# Holtsvegur 41

210 Garðabær

Nýjar íbúðir með einstöku útsýni

RE/MAX Senter

## Opið hús mánudaginn 14. mars 16:00 - 17:00



**RE/MAX SENTER KYNNIR**

Nýjar og vel skipulagðar íbúðir á einstökum útsýnisstað í Garðabæ. Tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir á frábæru verði til afhendingar nýjum eigendum í lok apríl nk.

Notið tækifærið á opnu húsi að Holtsvegi 41 á mánudaginn.

## Aðeins 5 íbúðir eftir af 10

- 1x 2 herbergja - **32.900.000** - 80fm$^2$
- 2x 3 herbergja - **48.900.000** - 122fm$^2$
- 2x 4 herbergja - **69.000.000** - 180fm$^2$

**Allar nánari upplýsingar um eignirnar veita:**

**Ástþór Reynir í síma 899 6753**
**arg@remax.is**

**Gunnar Sverrir í síma 862 2001**
**gunnar@remax.is.**




**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 414 4700 - www.remax.is**

---

## Litlabæjarvör 2

225 Garðabær

Frábær staðsetning

**Stærð: 251,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1983**
**Fasteignamat: 58.100.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Fjörður

Opið Hús



**Sunnudaginn 13 mars á milli 15:00 og 15:30** — **Verð: 69.900.000**





REMAX Fjörður kynnir: Sérlega vel staðsett einbýlishús á einni hæð með óskertu sjávarútsýni. Eignin er skráð 251,4 fm, þar af bílskúr 41,8 fm.Einstök staðsetning í rólegu og fallegu umhverfi.Arkitekt hússins er Ingimundur Sveinsson. Komið er inn í flísalagt anddyri. Gestabaðherbergi með upphengdu wc og handlaug. Úr anddyri er komið inn í parketlagða forstofu(sjónvarpsstofa)Inn af henni er komið inn í opið rými með borðstofu,mikil og góð lofthæð. Stofurnar eru tvær, gengið er niður tvær tröppur niður í fallega arinstofu með einstöku útsýni,útgengt í garð úr stofu. Stofan á efri palli er rúmgóð og björt.Í eldhúsi er mikið skápapláss, flísar á gólfi. Á svefnherbergisgangi eru þrjú svefnherbergi. Svefnherbergi með parketi á gólfi og fataskáp, sér baðherbergi með upphengdu wc og sturtu. Hjónaherbergið er sérlega glæsilegt, parket á gólfi. Sér baðherbergi með upphengdu wc og fallegri baðinnréttingu og baðkari.(nýuppgert). Annað minna barnaherbergi með parketi á gólfi. Rúmgott þvottahús með flísum á gólfi og innréttingu með skolvaski.Bílaplanið er hellulagt með hitalögn. Páll Guðmundsson lögg,fasteignasali í síma 861-9300

Páll Guðmunds
Lögg. fasteignasali
**861-9300**
pallb@remax.is

---

## Lækjargata 34D

220 Hafnarfjörður

Góð staðsetning

**Stærð: 92,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1990**
**Fasteignamat: 24.850.000**

RE/MAX Fjörður

Opið Hús







**Sunnudaginn 13 mars 15:00 til 15:30** — **Verð: 29.900.000**

Remax Fjörður kynnir: Góða 3ja herbergja íbúð skráð 92,1 fm á efstu hæð við lækinn í Hafnarfirði.komið inn í anddyri með parketi á gólfi. Rúmgott hjónaherbergi með parketi á gólfi . Rúmgott baðherbergi, innrétting og baðkar og tengi fyrir þvottavél og þurrkara. Rúmgóð og björt stofa með parketi á gólfi,útgengi á svalir úr stofu. Eldhúsið er bjart og með góðu skápaplássi. Herbergi í risi sem er skráð um 12 fm sem gæti verið annað svefniherbergi.Uppls gefur Páll lögg,fasteignasali í síma 861-9300

Páll Guðmunds
Lögg. fasteignasali
**861-9300**
pallb@remax.is

---

## Sóleyjarimi 3

112 Reykjavík

Falleg eign fyrir 50 ára og eldri

**Stærð: 66,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 2005**
**Fasteignamat: 21.050.000**

RE/MAX Senter

Opið Hús







**Þriðjudaginn 15.mars kl.17:30-18:00** — **Verð: 24.900.000**

Laus við kaupsamning. Glæsileg 2ja herb. íbúð á 1 hæð í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Sérinngangur og pallur með skjólveggjum. Þvottahús innan íbúðar. Stutt í ýmsa verslun og þjónustu í Spönginni.

RE/MAX Senter
Sölufulltrúi
**698-9470**
johanna@remax.is

Vigdís Rós.
Lögg. fasteignasali
**414 4700**
vigdis@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

---

## Vallakór 2c

203 Kópavogur

Vel skipulögð 3ja herb. íbúð!!

**Stærð: 123,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2014**
**Fasteignamat: 37.500.000**

RE/MAX Senter

Opið Hús







**Opið hús á mán.14/3 kl.17.30-18.00** — **Verð: 41.500.000**

Rúmgóð íbúð við Vallakór 2. Um er að ræða fallega og rúmgóða 3ja herbergja íbúð með stórum svölum (ca.24fm). Eigninni fylgir stæði í opinni læstri bílgeymslu. Eignin skiptist í stofu, eldhús, borðstofa, hjónaherbergi, fataherbergi, baðherbergi, barnaherbergi, anddyri, þvottahúsi og geymslu. Allar innréttingar og innihurðir eru sérsmíðaðar. Parketi á gólfum nema á baðherbergjum, þvottahúsi og forstofu, þar eru flísar á gólfum. Granít er í borðplötum í eldhúsi og baðherbergi.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

---

## Vallakór 2d

203 Kópavogur

Flott íbúð á 5 hæð, mikið útsýni!!

**Stærð: 135,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2014**
**Fasteignamat: 37.650.000**

RE/MAX Senter

Opið Hús







**Opið hús á mán.14/3 kl.18.30-19.00** — **Verð: 45.500.000**

Glæsilega íbúð á vinsælum stað í Kópavogi, íbúðin er með tveimur stórum svölum. Mikið útsýni er úr íbúðinni. Um er að ræða fallega og rúmgóða 3ja herbergja íbúð. Íbúðin er á 5. hæð, með eigninni fylgir stæði í opinni en læstri bílgeymslu. Eignin skiptist í stofu, eldhús, borðstofa, eldhús, hjónaherbergi, baðherbergi, barnaherbergi, anddyri, þvottahúsi og geymslu. Allar innréttingar og innihurðir eru sérsmíðaðar frá Brúnás. Á gólfunum er vandað harðparket. Í votrýmum eru flísar á gólfum.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

**MASALA EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald. Erum farnir að taka niður tímapantanir f. sólpallasmíði f. sumarið 2016.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi og 663 3955 Ragnar**

ÞAK.IS

Eru þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka ? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s.6996980

Viðhalds Verk ehf

**HÚSAVIÐGERÐIR - NÝBYGGINGAR**
Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 618 7712 verk@vidhaldsverk.is




k2 LOFTSTOKKAHREINSUN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Ýmiskonar húsaviðhald S: 8478704. manninn@hotmail.com

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

Múrarameistari og málarameistari geta bætt við sig verkefnum. Uppl í s: 8966614

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Stjörnuljós- Heilun og Spá. Símaspá og tímapantanir í s. 844 1596

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

# KEYPT & SELT

## Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



5 stk 3 1/2 mánaða og 7 stk 2 mánaða fallegir kettlingar gefins, vel uppaldir og kassavanir, uppl í símum 4671625/8674954

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU, AÐEINS KR. 1250 KR FM!**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
**STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3ja herb. íbúð til leigu. Íbúð á góðum kjörum með garði eða sólríkum svölum. Framtíðarleiga vantar frá júní/júlí. Uppl. í s. 663 7569

Óska eftir 3-4 herb. íbúð á sv. Kóp eða 109,110,111. Skilvísum greiðslum heitið og góð meðmæli. Uppl. í s. 664 1158

## Sumarbústaðir



Til sölu sumarhús - ferðaþjónustuhús - gesthús - hóteleiningar, gerum tilboð í aðrar teikningar. Upplýsingar á halliparket@gmail.com & 894 0048 Gagnheiði 5, Selfossi.



**STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!**
12 manns. Verð 40.000 þús kr. nóttin virka daga og 45 þús kr. nóttin um helgar til 15. maí, lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 & ktsumarhus@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

HEILBRIGÐ HÚS EHF

**HÚSASMIÐUR ÓSKAST !**
Óska eftir vönum húsasmið til starfa hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig í viðhaldi og viðgerðum inná heimilum og vinnustöðum.

Verkefnin eru mjög fjölbreytt og krefjandi.

Umsækjandi þarf að hafa sveinspróf í húsasmíði, vera sjálfstæður í vinnubrögðum, metnaðarfullur og með áhuga á að auka við þekkingu sína.
**Umsókn, ferilskrá og aðrar upplýsingar sendist á atvinnaumsokn@gmail.com**

**DEVITOS PIZZA**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Dagvinna, næturvinna og um helgar.
**Uppl. í s. 697 8434**

**LEITUM AÐ DUGMIKLUM STARFSKRÖFTUM Á HJÓLBARÐASTÖÐVAR DEKKJAHALLARINNAR Í REYKJAVÍK.**
18 ára aldurstakmark og íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð í Skeifunni 5, á www.dekkjahollin.is eða með tölvupósti á thorgeir@dekkjahollin.is

**VILTU SKEMMTILEGA OG KREFJANDI VINNU Í GÓÐUM OG SAMSTILLTUM HÓP ?**
Við leitum eftir manneskju sem er stundvís, skipulögð, sjálfstæð, snyrtileg, heiðarleg, með bílpróf og talar ensku. Góð almenn tölvukunnátta. Stúdentspróf er kostur. Starfið felst m.a. í afgreiðslu, símsvörun og tilfallandi skrifstofustörfum.
**Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilsskrá á oskar@procar.is**

**ERTU HÖRKUTÓL ?**
Við leitum eftir duglegum einstaklingum í bílaþrif og önnur tilfallandi verkefni. Stundvísi og heiðarleiki eru kostir sem við kunnum að meta. Þú þarft að vera með bílpróf og hafa góða almenna tölvukunnáttu.
**Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilsskrá á oskar@procar.is**

**MÖTUNEYTI 365 ÓSKAR EFTIR STARFSKRAFTI**
Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Við leitum eftir :
-Brosmildi
-Jákvæðni
-Góðri þjónustulund
-Reynsla af veitingastörfum er kostur.

Vinnutími 2-2-3 vaktir
**Uppl. sendist á oley@365.is merkt "mötuneyti"**

Óskum eftir vönum málurum í vinnu. Reynsla af almennri málningarvinnu, ásamt sandspörslun æskileg. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 779 1070 Gísli og gisli@gaedamalverk.is

Atvinnutækifæri. Til sölu lítið trésmiðaverkstæði, er í rekstri. Uppl. s:8454096

Óska eftir manni á gröfu og í hellulagnir. Uppl. í s. 893-0173.

Óska eftir vönum mönnum í málningavinnu. Uppl. í s. 820 3439

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel með skóla eða annarri vinnu. Föst laun og bónusar í boði. Uppl og fyrirspurnir sendist á umsoknir@tmi.is eða í 770-2277

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**FRAMTÍÐARKYNNI MEÐ STOFNUN FJÖLSKYLDU Í HUGA.**
Ég er rúmlega 35 ára gamall, barnlaus, vel menntaður maður í góðu starfi og góðum efnum, reglusamur, heiðarlegur, traustur og barngóður. Ég er rólegur að eðlisfari og heimakær. Áhugamál eru t.d. ferðalög, göngur í fallegri náttúru og fl. Ég hef áhuga á að komast í kynni við barnlausa, góða konu 25 til 35 ára góðan sálufélaga og traustan vin með stofnun fjölskyldu í huga.
**Vinsamlegast sendið upplýsingar, símanúmer og helst mynd í lokuðu umslagi á afgreiðslu Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 RVK eða á netfangið thjonusta@365.is Merkt "100% trúnaður"**

**908 5500 - SÍMASEX**
Opið allan sólarhringinn. Algjör trúnaður.

**HRINGIÐ Í STÍNU!**
Hún er alltaf til í heitt spjall. Sími 905-2100 Geymið auglýsinguna.

## til sölu

**Til sölu lítil en ört vaxandi bílaleiga**

Tvær heimasíður – tvöfaldur sýnileiki. Léttur og þægilegur rekstur. Tilvalinn stökkpallur inn á vaxandi markað. Gott tækifæri, auðveld kaup.

Upplýsingar í S: 776-6001

## skemmtanir




**Cafe Catalina**
**Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is**
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar**

**Laugardaginn 12. mars**
**12:35 Norwich City - Man.City**
**17:20 Everton - Chelsea**

**Sunnudaginn 13. mars**
**15:50 Man.United - W.H.United**




**Þórður Braga, Siggi Grétars, Bjarki Hall og Árni Hjalta spila um helgina.**

**Allir velkomnir**

http://www.facebook.com/cafecatalina

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**

# BORG
FASTEIGNASALA


Borg fasteignasala
Síðumúla 23
108 Reykjavík
www.fastborg.is

519 5500
















**Þóra Birgisdóttir** Löggiltur fasteignasali 777 2882

**Brandur Gunnarsson** Löggiltur fasteignasali 897 1401

**Gunnlaugur Þráinsson** Aðstoðarmaður fasteignasala 844 6447

**Héðinn Birnir Ásbjörnsson** Löggiltur fasteignasali 848 4806

**Sigurður Fannar Guðmundsson** Aðstoðarmaður fasteignasala 897 5930

**Ingimar Ingimarsson** Hrl. 519 5501

**Vilborg G. Hansen** Löggiltur fasteignasali 853 7030

**Stefán Páll Jónsson** Aðstoðarmaður fasteignasala 781 5151

**Úlfar Þór Davíðsson** Löggiltur fasteignasali 897 9030

**Stefán Jóhann Ólafsson** Löggiltur fasteignasali 864 8808

**Gísli Elí Guðnason** Aðstoðarmaður fasteignasala 698 5222

**María Mjöll Guðmundsdóttir** Ritari 519 5500




## Einbýlishúsalóð – Fróðaþing, 203 Kópavogur

884fm einbýlishúsalóð í Þingahverfi Kópavogs, innst í botnlanga. Hámarksgrunnflötur húss má vera 140 fm m/bílageymslu, en hámarksflatarmál húss 270 fm. Lóð fyrir eins eða tveggja hæða einbýlishús.

**Héðinn Birnir** Fasteignasali 848 4806
**Vilborg** Fasteignasali 853 7030

**Verð: 17.000.000**




## Skólavörðustígur - 101 Reykjavík

Laus við kaupsamning! Rúmgóð 113.2 fm 3ja herb íbúð á tveimur hæðum í miðbæ Reykjavíkur. Gengið inn í stigagang frá 2.hæð beint af bílastæðahúsi.

**Vilborg** Fasteignasali 853 7030

**Verð: 54.900.000**




## 17 júnítorg – Sjálandshverfi Garðabæ

Falleg 2ja herbergja 84.1 fm íbúð á 1.hæð með verönd í viðhaldsléttu fjölbýlishúsi með lyftu fyrir 50.ára og eldri. Þjónustumiðstöð aldraðra og bakarí er í næsta húsi.

**Vilborg** Fasteignasali 853 7030

**Verð: 29.900.000**




Opið hús mánudaginn 14. mars 17.00-17.30

## Laufás 6

Laufás 6, Garðabæ 166 fermetra neðri sérhæð í tvíbýlishúsi við Laufás í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, samliggjandi sjónvarpshol, stofu og borðstofu, eldhús, þvottahús, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi inn af og baðherbergi. Bílskúr er samligjandi húsi.

**Brandur** Fasteignasali 897 1401




Opið hús þriðjudaginn 15. mars kl 17.00-17.30

## Lindargata 39 - bjalla merkt 804

8. Hæð til sölu glæsilega 90,2 fermetra 3ja herbergja útsýnisíbúð á 8. hæð ásamt stæði í lokuðu bílskýli í Skuggahverfinu. Laus strax. 3ja herb. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús.

**Brandur** Fasteignasali 897 1401

**Verð: 68.900.000**




## Sóltún 30

108,4 fermetra 5 herbergja íbúð á þriðjuhæð við Sóltún í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú barnaherbergi, hjónaherbergi, stofu og eldhús, baðherbergi og sérgeymslu í sameign. Sameiginlegt þvottahús er á hæðinni. Stutt er í skóla og Laugardalurinn í göngufæri.

**Brandur** Fasteignasali 897 1401

**Verð: 45.000.000**




Opið hús sunnudaginn 13. mars kl. 16.00-16.30

## Lækjasmári 2

Um er að ræða góða 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi með frábæru útsýni. Íbúðin er vel skipulögð með þvottahúsi innan íbúðar. Húsið er kætt viðhaldslítilli klæðningu og sameign mjög snyrtileg.

**Þóra** Fasteignasali 777 2882

**Verð: 38.500.000**




Opið hús þriðjudadginn 15. mars kl. 17.30-18.00

## Þórðarsveigur 16 – íbúð 0103

Frábær íbúð á jarðhæð með sérinngangi, stórum palli í suður og stæði í upphitaðri bílageymslu. Um er að ræða einstaklega vel skipulagða enda íbúð á 1. hæð með 3 svefnherbergjum, eldhúsi, stofu, baðherbergi og þvottahúsi innan íbúðarinnar.

**Þóra** Fasteignasali 777 2882

**Verð: 35.800.000**




## Hringbraut 119 - 107 Reykjavík

Til leigu verslunar og þjónustuhúsnæði á góðum stað við Hringbraut í vesturbæ Reykjavíkur. Góð lofthæð. Húsnæðið stendur við fjölfarna stofnbraut á neðstu hæð við "JL húsið". Næg bílastæði. Húsnæðið er laust STRAX. Tilboð óskast.

**Siggi Fannar** Aðst.fasteignasala 897 5930
**Úlfar Þór** Fasteignasali 897 9030

**Tilboð óskast**




## Víðigrund 45 - 200 Kópavogur

Glæsilegt einbýlishús að Víðigrund 45, á mótum Kópavogs og Fossvogsdals, á einum veðursælasta stað höfuðborgarsvæðisins. Húsið er 320,7 fermetrar á tveimur hæðum og tvöfaldur sérstæður bílskúr.

**Gunnlaugur** Aðst.fasteignasala 844 6447
**Úlfar Þór** Fasteignasali 897 9030

**Verð: 89.900.000**




Opið hús þriðjudaginn 15. mars kl 17:30 – 18:00

## Þrastarlundur 15 - 210 Garðabær

Bjart 234 fm raðhús (tengihús) á tveimur hæðum við Þrastarlund í Garðabæ. Aðalhæðin er 130 fm, kjallari er 73 fm og bílskúr 31 fm. Húsin tengjast við bílskúra. Búið að útbúa íbúð í kjallara sem er í útleigu. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi.

**Úlfar Þór** Fasteignasali 897 9030

**Verð: 59.900.000**



## Lautasmári 22 - 201 Kópavogur

Fallega og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi við Lautasmára í Kópavogi. Birtir fm eru 115,8 fm auk stæði í bílageymslu. Þrjú svefnherbergi. Þvottahús innan íbúðar.

**Úlfar Þór** Fasteignasali 897 9030

**Verð: 39.900.000**




Úr uppfærslu Borgarleikhússins á leikgerð Þorleifs Arnar Arnarssonar og Mikaels Torfasonar á Njálu.

LJÓSMYND/GRÍMUR BJARNASON

# Þegar Ibsen tók Hallgerði í gíslingu

**Jón Karl Helgason** prófessor í íslensku- og menningardeild HÍ leiðir líkur að því að Hedda Gabler eftir Ibsen eigi andlega ætt sína að rekja til Hallgerðar langbrókar enda var norska stórskáldið mikill unnandi Íslendingasagna og sótti sitthvað í þann sagnabrunn.

## Hugrás

**VEFRIT HUGVÍSINDASVIÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS**

**Fræðandi samstarf Fréttablaðsins og Hugrásar**

Fréttablaðið birtir aðra hverja helgi grein á vegum Hugrásar eftir fræðimenn og -konur. Greinarnar birtast einnig á vefnum og stundum í lengri og ítarlegri útgáfu.
**Heimildaskrá** visir.is og hugras.is

Já, við erum að hefna okkar fyrir það að þeir reyndu að ræna Snorra Sturlusyni. Við tökum Ibsen í gíslingu,“ segir Þorleifur Örn Arnarsson leikstjóri í nýlegu blaðaviðtali. Þar kemur fram að þeir Mikael Torfason rithöfundur hyggjast halda áfram því samstarfi sem nýlega bar ávöxt í umtalaðri uppfærslu á Njálu í Borgarleikhúsinu. Nýja verkefnið snýst um að flétta saman tveimur af þekktari leikritum Henriks Ibsen, Villiöndinni og Fjandmanni fólksins, og setja afraksturinn á svið 2017 á árlegri Ibsen-hátíð í norska þjóðleikhúsinu.

Sú aðferð að blanda saman tveimur eða fleiri verkum í einni leiksýningu kann að virðast bæði einkennileg og óvenjuleg en svo merkilega vill til að Ibsen er meðal þeirra leikritahöfunda sem hafa lagt þetta fyrir sig. Það gerði hann um miðja nítjándu öld í leikritinu Víkingarnir á Hálogalandi (Hærmendene på Helgeland) en það er um leið eitt elsta dæmi þess að Njáls saga hafi ratað á borgaralegt leiksvið.

### Sígildur ástarþríhyrningur

Snemma árs 1857 fullyrti Ibsen í fyrirlestri að Íslendingasögurnar væru ekki heppilegur efniviður fyrir þá sem fengjust við nútímaleikritun. Samt liðu bara nokkrar vikur þar til hann hófst handa við að skrifa Víkingana. Fullskrifað kom verkið út vorið 1858 og var frumsýnt um haustið undir leikstjórn höfundarins. Þetta var áttunda leikrit Ibsens og líkt og í sumum eldri verka hans voru hin dramatísku átök byggð í kringum ástarþríhyrning: Kvenhetjan er fangi í dauflegu hjónabandi en dreymir um að eyða lífinu með öðrum manni sem hún getur bæði litið upp til og elskað. Leikritið hlaut afar góðar undirtektir þegar það var frumsýnt og hefur verið sett upp víða um heim allar götur síðan. Það var sýnt í Reykjavík árið 1892 og kom jafnhliða út á bók í þýðingu Indriða Einarssonar og Eggerts Ó. Brím en fékk köflótta dóma hérlendis.

Víkingarnir segir frá ástum og örlögum norskra fóstbræðra, Sigurðar og Gunnars, sem uppi eru á tíundu öld. Forsaga atburðanna á sviðinu er sú að þeir sigla til Íslands í leit að ævintýrum. Þar hitta þeir landnámsmanninn Örnólf úr Fjörðum sem flúið hefur ofríki Haraldar hárfagra í Noregi. Á hann sjö syni og dótturina Dagnýju. Með honum elst einnig upp kvenskörungurinn Hjördís sem hefur svarið að eiga þann mann sem drepur hvítabjörn sem hún á. Sigurður vinnur þá dáð í skjóli nætur en lætur líta út fyrir að Gunnar hafi drepið björninn. Í kjölfarið nema þeir fóstbræður konurnar á brott. Gengur Hjördís að eiga Gunnar og flytja þau til Hálogalands í Norður-Noregi þar sem hann verður hersir. Sigurður kvænist hins vegar Dagnýju og leggjast þau í víking en vinátta þeirra fóstbræðra kólnar í kjölfarið.

### Vel hæft, Hjördís!

Þegar fyrsti þáttur verksins hefst hefur Örnólfur komið siglandi til Hálogalands ásamt sonum sínum til að endurheimta konurnar úr höndum þeirra fóstbræðra. Á sama tíma tekur Sigurður þarna land ásamt Dagnýju og mönnum sínum, án þess að vita að Gunnar og Hjördís séu búsett á þessum slóðum. Leikritið lýsir samskiptum þessara þriggja hópa næstu daga. Smám saman kemur í ljós að Hjördís og Sigurður líta hvort annað girndaraugum en þyrftu að ryðja mökum sínum úr vegi til að láta rómantíska drauma sína rætast. Hjördís ýtir undir óvild milli þeirra fóstbræðra og um tíma er útlit fyrir að þeir berjist en verkinu lýkur fremur óvænt á því að hún spennir boga sinn og skýtur Sigurð í brjóstið. Hún hyggst síðan svipta sig lífi svo að þau tvö geti orðið samferða til Heljar. „Vel hæft, Hjördís!“ stynur Sigurður um leið og hann fellur en bætir við að hann hafi á víkingaferðum sínum tekið kristni, þannig að honum sé ætlaður annar áfangastaður en henni. „Jeg trúi á Hvítakrist; Aðalsteinn konungur hefir kennt mér að þekkja hann; og upp til hans fer jeg nú.“



Norska leikskáldið Henrik Ibsen.

> Í AÐDRAGANDA LEIKRITASKRIFA SINNA LAS IBSEN ÍSLENDINGASÖGURNAR Í DÖNSKUM ÞÝÐINGUM.

Til mótvægis við þessi dramatísku sögulok fléttar Ibsen inn í verkið fáfengilegum deilum Gunnars við bóndann Kára sem enda á því að sá síðarnefndi fer með ófriði að bæ þeirra Hjördísar. Kára grunar að hún beri ábyrgð á þessum ófriði. Það er ekki staðfest í verkinu en kemur heim og saman við persónulýsingu Hjördísar að öðru leyti. Uppvöxtur stúlkunnar á heimili banamanns föður síns hefur hert skap hennar og henni gremst ítrekað að Gunnar skuli ekki sýna af sér meiri garpskap en raun ber vitni.

Í aðdraganda leikritaskrifa sinna las Ibsen Íslendingasögurnar í dönskum þýðingum. Svo virðist sem að hann hafi orðið fyrir mestum áhrifum af Eglu, Laxdælu og Njálu en að auki studdist hann við ýmis atriði úr Völsunga sögu. Í rannsókn frá árinu 1909 gerir norski fræðimaðurinn Ferdinand G. Lynner markvissa grein fyrir flestum hliðstæðunum milli leikritsins og fornsagnanna. Leggur hann áherslu á efnið úr Völsunga sögu enda er samband þeirra Sigurðar Fáfnisbana og Gunnars Gjúkasonar við Brynhildi Buðladóttur þar augljós fyrirmynd að lýsingu Ibsens á sambandi Sigurðar víkings og Gunnars hersis við Hjördísi. Mig langar hins vegar að beina sjónum að þeim dráttum í persónulýsingu Hjördísar sem rekja má til aðsópsmestu kvenpersónu Njálu, Hallgerðar langbrókar.

### Hvað sýslir þú þar?

Eitt magnaðasta atriði Njálu eru orðaskipti Hallgerðar og eiginmanns hennar, Gunnars Hámundarsonar, skömmu áður en hann er drepinn. Hópur vopnaðra manna situr um bæinn en Gunnar er þar einn til varnar. Nokkra menn fellir hann með boga sínum en það syrtir í álinn þegar óvinirnir hafa undið þakið af húsinu og einum þeirra tekist að höggva í sundur bogastreng hetjunnar. Gunnar mælir þá til Hallgerðar:

„Fá mér leppa tvo úr hári þínu og snúið þið móðir mín saman til bogastrengs mér.“ „Liggur þér nokkuð við?“ segir hún. „Líf mitt liggur við,“ segir hann, „því að þeir munu mig aldrei fá sóttan meðan eg kem boganum við.“ „Þá skal eg nú,“ segir hún, „muna þér kinnhestinn og hirði eg aldrei hvort þú verð þig lengur eða skemur.“ „Hefir hver til síns ágætis nokkuð,“ segir Gunnar, „og skal þig þessa eigi lengi biðja.“

Augljóst er að Ibsen hefur hrifist af þessari senu. Til hennar vísar hann meðal annars í upphafi þriðja þáttar leikritsins þar sem Hjördís situr heima á bæ þeirra Gunnars hersis og snýr bogastreng en á borðinu fyrir framan hana liggja bogi og örvar. Eiginmaður hennar kemur þá inn.

**Gunnar:** Hvað sýslir þú þar?

**Hjördís** (lítur ekki upp): Sný bogastreng; sýnist þjer ekki svo?

**Gunnar:** Bogastreng – úr hári sjálfrar þín!

**Hjördís** (brosandi): Mjög taka þau nú að tíðkast, þrekvirkin; þú hefir vegið son fóstra míns, og jeg hefi snúið streng þennan síðan um apturelding.

Hér slær reyndar saman áhrifum úr Njálu og Laxdælu. Seinni setning Hjördísar, sem vísar til dráps Gunnars hersis á einum sona Örnólfs, bergmálar fleyg orð Guðrúnar Ósvífursdóttur í síðarnefndu sögunni. Hún segir við Bolla, eiginmann sinn, eftir að hann hefur drepið fóstbróður sinn: „Misjöfn verða morgunverkin. Eg hefi spunnið tólf alna garn en þú hefir vegið Kjartan.“

### Tak lepp úr hári þínu Hjördís

Síðar í þriðja þætti leikritsins, þegar Hjördís og Sigurður eru ein á sviðinu, berst talið aftur að bogastrengnum sem hún hefur verið að flétta. Sigurður hefur á orði að hún geri góð vopn handa manni sínum. Hjördís svarar því svo: „Eigi handa Gunnari, heldur gegn þér.“ Hún bætir svo við að í dagdraumum sínum hafi hún séð Sigurð koma siglandi til Hálogalands í þeim tilgangi að brenna þau Gunnar inni.

„... við stöndum ein uppi; þeir kveikja í þekjunni úti. Eitt skot af boga mínum,“ segir Gunnar; „eitt einasta skot gæti frelsað okkur;“ þá brestur bogastrengur hans –„tak lepp úr hári þínu Hjördís, og snú streng á boga minn; líf mitt liggur við!“ En jeg rek upp hlátur –„Brenni þeir, brenni þeir! – lífið met jeg eigi svo dýrt sem lepp úr hári!“

Leikskáldið nýtir sér hér efniviðinn úr Njálu með afar frjálslegum hætti. Dæmið varpar skýru ljósi á vinnubrögð Ibsens en þeim má líkja við klippimyndatækni í myndlist eða endurhljóðblöndun (remix) í tónlist. Þess má geta að Þorleifur Örn Arnarsson og Mikael Torfason beittu á köflum áþekkri aðferð í sinni úrvinnslu á Njálu.

### Hallgerður og Hedda

Margir sem fjallað hafa um víkingaleikrit Ibsens í seinni tíð telja að verkið hafi aðeins bókmenntasögulegt gildi fyrir þá sem vilja kanna þróun hans sem leikritaskálds. Lýsandi eru ummæli eins af ævisagnariturum hans, Michaels Mayer: „Víkingarnir á Hálogalandi er kostuleg bókmenntaleg eftiröpun sem felur í sér [...] kjarna þess sem átti, þrjátíu árum síðar [...], eftir að verða eitt af snjöllustu leikritum Ibsens.“ Verkið sem Mayer vísar til er Hedda Gabler.

Mayer bendir á hliðstæður milli persóna og samtala í Heddu Gabler og Víkingunum sem eru álíka augljósar og hliðstæðurnar milli síðarnefnda verksins og Njálu. Rétt eins og Hjördís er Hedda gift manni sem hún fyrirlítur. Báðar láta sig dreyma um ástríðufullt líf með fyrrum félaga eiginmannsins en enda á því að senda þann mann í dauðann og taka eigið líf. Unnt er að líta svo á að Hedda sé af þriðju eða fjórðu kynslóð eftirminnilegra kvenskörunga í norrænum bókmenntum en meðal formæðra hennar eru þær Hjördís og Hallgerður langbrók.

# nettó

markhönnun ehf



-20%

DANSKAR SVÍNALUNDIR
1.358
ÁÐUR 1.698 KR/KG




-40%

GRÍSABÓGUR HRINGSKORINN
599
ÁÐUR 998 KR/KG




LAMBABÓGUR KYLFA, 2 STK
848
ÁÐUR 998 KR/KG



-50%

BAYONNESTEIK
998
ÁÐUR 1.996 KR/KG



-20%

NETTÓ KJÚKLINGUR HEILL
679
ÁÐUR 849 KR/KG




-25%

- TORTILLAS, 20 CM - 8 STK
- TORTILLAS, 25 CM - 6 STK
- TACO SHELLS - 135 G
- TACO SAUCE, MILD - 230 G
- TACO SAUCE, MED - 230 G
- TACO SAUCE, HOT - 230 G
- JALAPENO - 220 G
- GUACAMOLE DIP - 300 G
- CHUNKY SALSA, MED - 300 G
- CHUNKY SALSA, HOT - 300 G



-50%

MELÓNA GRÆN
179
ÁÐUR 358 KR/KG




IRONMAXX HELLFIRE FATBURNER DRINK 500 ML
199 KR/STK




-23%

BA FATBURNER DRINK EXOTIC 0,5LL
299
ÁÐUR 389 KR/STK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 10. – 13. mars 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Glerártorg · Hrísalundur · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Helmingur mannkyns verður með nærsýni árið 2050

Af hverju erum við að verða nærsýn? Mögulega er tölvunni um að kenna, en svo gæti verið að maðurinn sé einfaldlega að aðlagast nýjum veruleika. Samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar mun nærsýni aukast mikið.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is





Þýski stjörnufræðingurinn Jóhannes Kepler varði ævi sinni í bóklestur og aðra nákvæmnisvinnu. Heill áratugur hvarf ofan í ítarlega gagnaskrá Týchó Brahe um ferðir Mars. Kepler ályktaði árið 1609 að braut reikistjörnunnar væri ekki hringur, heldur sporbraut. En þessi mikla gjöf Keplers var ekki án fórna. „Þeir sem stunda mikla nærvinnu verða nærsýnir,“ ritaði Kepler árið 1611 í bókinni Dioptrics. Segja má að Kepler, sem lést sjóndapur, hafi óafvitandi fórnað sjón sinni svo við hin gætum gætum séð heiminn betur. Hann var sannfærður um að nærsýni væri afleiðing nærvinnu og fjórum öldum síðar eru vísindamenn enn að deila um orsök hennar.

Tíðni nærsýni hefur aukist gríðarlega á síðustu árum. Sumir ganga svo langt að tala um heimsfaraldur nærsýni. Erfiðlega hefur gengið að henda reiður á umfangi vandans, enda er tíðni nærsýni afar breytileg milli landsvæða og kynstofna. Vísindamenn á vegum Brien Holden-sjónsetursins í Sydney freistuðu þess á dögunum að varpa ljósi á þetta umfang og áætla tíðni nærsýni til ársins 2050. Niðurstöðurnar voru birtar í vísindatímaritinu Ophthalmology en þar eru teknar saman niðurstöður 4.288 greina um nærsýni og ljósbrotsgalla.

**Heimur í nærmynd**

Vísindamennirnir áætla að árið 2020 verði rúmlega 2,6 milljarðar manna með nærsýni, samanborið við 1,4 milljarða um aldamót. Aukningin heldur áfram næstu áratugi, þangað til árið 2050 þegar vel yfir 4,7 milljarðar manna verða með nærsýni. Fólksfjöldaspá Sameinuðu þjóðanna gerir ráð fyrir því að fólksfjöldi verði rúmlega 9,7 milljarðar árið 2050. Þetta þýðir að tæplega helmingur mannkyns verður með nærsýni um miðja öld (49,8%).

Vísindamennirnir skoðuðu einnig tíðni nærsýni á háu stigi. Mikilli nærsýni geta fylgt alvarlegir fylgikvillar. Aukin hætta á sjónhimnulosi og skemmdum á augnbotnum, gláka o.fl. Alvarleg nærsýni getur valdið sjónskerðingu og í versta falli blindu. Árið 2000 voru 163 milljónir með nærsýni á háu stigi (-5). Það mun fjölga jafnt og þétt í þessum hópi þangað til árið 2050 þegar tæpur milljarður manna glímir við alvarlega nærsýni.

„Af þeim rannsóknum sem til eru þá er nærsýni að aukast eiginlega um allan heim, en þó mishratt,“ segir Einar Stefánsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og forstöðumaður fræðasviðs í augnlæknisfræði. „Helst er aukningin hröðust í Austur-Asíu. Kína og Asíulöndin skera sig úr þar sem tíðnin er gríðarlega há.“

**Í fangelsi nærsýni**

Í raun gera vísindamennirnir ráð fyrir að aukningin í Austur-Asíu verði svo mikil að árið 2050 verði 65,3 prósent fólks þar með nærsýni. Á öðrum landsvæðum verður aukningin svipuð. 58,4 prósent í Norður-Ameríku og 56,2 prósent í Vestur-Evrópu, svo dæmi séu tekin. Kostnaðurinn sem fylgir þessu er síðan verulegur. Þjóðir heims verja sem stendur 202 milljörðum Bandaríkjadala á ári í meðferð við ómeðhöndluðum ljósbrotsgalla (helsta orsök hans er nærsýni). Einar bendir á að mesti kostnaðurinn felist einmitt í ómeðhöndluðum fylgikvillum. Þannig er þetta sérstaklega alvarlegt vandamál í fátækari löndum þar sem þjónusta augnlækna er af skornum skammti.

Einar rifjar upp þegar öldruð kona frá Kambódíu leitaði til hans þegar hann starfaði í Bandaríkjunum. Þetta var skömmu eftir Víetnamstríðið og hún kom til Bandaríkjanna sem flóttamaður. Hún hafði verið blind alla sína ævi. Einar og samstarfsfólk hans komust að því að konan var ekki blind, heldur gríðarlega nærsýn. „Við mældum hana og þar með sá hún í fyrsta sinn á ævinni,“ segir Einar. „Þetta er ekkert einsdæmi í fátækum löndum. Þar er verulega nærsýnt fólk. Þau fá ekki hjálpartæki og eru blind í framkvæmd. Þetta er dýrasti þátturinn.“

**„Farið út að leika ykkur!“**

Hjá mönnum stjórnast allt af erfðum og umhverfi en erfðir útskýra ekki þessi miklu aukningu. „Það hlýtur að vera umhverfið,“ segir Einar. „Það er ýmislegt sem bendir til að mikil nærvinna eins og lestur og að nota tölvu eða síma, stuðli að nærsýni. [...] Þetta er athyglisvert, því það er hægt að líta á þetta að vissu leyti sem aðlögun. Því ef maður er nærsýnn, þá sér maður auðvitað betur það sem er nær sér. En það er ekkert niðurneglt í þessu.“

Það mun reynast erfitt að stemma stigu við aukinni tíðni nærsýni. Einar bendir á að þrátt fyrir tilraunir með skurðaðgerðir og lyf er engin fyrirbyggjandi aðferð til. „Það eru vísindamenn um allan heim að rannsaka nærsýni. Menn horfa á þessar ógnvekjandi tölur og segja: „Hvernig komum við í veg fyrir þessa þróun“?

Nokkrar rannsóknir gefa til kynna að svarið sé nokkuð einfalt. Ungt fólk þarf einfaldlega að leggja niður bókina, tölvuna eða símann og fara út. Ein slík rannsókn sýndi fram á að ungmenni þurfa að vera utandyra í þrjár klukkustundir á dag og í birtu sem nemur 10.000 lux, sem er venjulegur bjartur dagur. Birta í sæmilega lýstri kennslustofu er 500 lux. Þessi litla rannsókn mun ekki leysa vandamálið. Kepler fann lausnina í gleraugum sem hann þróaði fyrir nærsýni. Snillingar eins og Kepler eru þó ekki á hverju strái, það liggur í augum uppi.

## Mikil fjölgun nærsýnna

Fjöldi nærsýnna og áætluð fjölgun þeirra samkvæmt rannsókninni.




HEIMILD/AAO

## Fjölgun fólks með nærsýni á háu stigi

Mikil fjölgun þeirra sem verða með nærsýni á háu stigi vekur sérstaka athygli en talið er að sú þróun verði áberandi í fátækari löndum.




HEIMILD/AAO

**49,8%**

VERÐA NÆRSÝN ÁRIÐ 2050 SAMKVÆMT NIÐURSTÖÐUM RANNSÓKNARINNAR.

» AF ÞEIM RANNSÓKNUM SEM TIL ERU ÞÁ ER NÆRSÝNI AÐ AUKAST EIGINLEGA UM ALLAN HEIM.



Einar Stefánsson prófessor.

„ ÞAÐ ER ÝMISLEGT SEM BENDIR TIL AÐ MIKIL NÆRVINNA EINS OG LESTUR OG AÐ NOTA TÖLVU EÐA SÍMA, STUÐLI AÐ NÆRSÝNI.




1590.-




990.-




1490.-







Strumpapakki 10 stk.
2990.-




990.-




499.-




20 kort og umslög
990.-




799.-




1990.-




490.-




990.-

**Saga til næsta bæjar**



Stefán Pálsson skrifar um umdeilt mannvirki.




# Stigaþrep forsmánarinnar

Jónas Jónsson frá Hriflu er mögulega áhugaverðasti einstaklingur íslenskrar stjórnmálasögu tuttugustu aldar. Hann varð einna fyrstur til að átta sig á því að eftir því sem lok sjálfstæðisbaráttunnar færðust nær, yrði flokkakerfi sem byggðist á gömlum væringum í sambandsmálum Íslands og Danmerkur úrelt. Þess í stað hlyti að verða til nýtt flokkakerfi sem byggði á stéttastjórnmálum og hefðbundnum hægri/vinstri víglínum.

Hriflu-Jónas átti því stóran þátt í að stofna bæði Framsóknarflokkinn og Alþýðuflokkinn. Hann var meðal þeirra fyrstu til að kynna málstað jafnaðarstefnunnar hér á landi, en gerðist síðar á ferli sínum einn hatrammasti andstæðingur sósíalisma og reyndi að hrekja yfirlýsta sósíalista úr opinberum stöðum. Á sama hátt var hann lengi einn áhrifamesti forystumaður Framsóknarflokksins, en endaði stjórnmálasögu sína einangraður í hálfgerðri stjórnarandstöðu í sínum eigin flokki.

Óhætt er að segja að Jónas hafi verið maður mótsagna og hvergi birtust þær betur en í afstöðu hans til Reykjavíkur. Andstæðingar hans á mölinni héldu mjög á lofti þeirri hugmynd að Jónas vildi veg Reykjavíkur sem minnstan og væri jafnvel hatursmaður höfuðstaðarins. Og vissulega lá þingmaður Suður-Þingeyinga ekki á þeirri skoðun sinni að óæskilegt væri að Reykjavík yxi um of, enda væri mannlífið til sveita heilbrigðara og þjóðhollara en í sollinum á mölinni.

En á hitt ber að líta að fáir stjórnmálamenn ef nokkrir létu sig útlit og bæjarbrag Reykjavíkur jafn miklu varða. Jónas hafði metnað fyrir hönd Reykjavíkur sem höfuðborgar og vildi auka veg þeirra stofnana sem heima ættu í slíkri borg. Hallgrímskirkja, Þjóðleikhúsið og Sundhöllin voru meðal þeirra mannvirkja sem Jónas beitti sér fyrir og honum var sömuleiðis mikið í mun að koma skrifstofum stjórnarráðsins, Hæstarétti og Alþingi í nýtt og betra húsnæði. Þannig komst hann að þeirri niðurstöðu þegar á árum seinni heimsstyrjaldarinnar að þinghúsið við Austurvöll væri orðið of lítið og rétt væri að byggja nýtt, helst með íbúðum fyrir þingmenn landsbyggðarinnar.

### Aðþrengdur háskóli

Húsnæðismál Háskóla Íslands voru Jónasi sömuleiðis hugleikin, þótt samband hans við stofnunina væri alla tíð stormasamt. Þannig beitti Jónas sér fyrir setningu laga sem heimiluðu að ráðist yrði í háskólabyggingu, þótt þau lög hefðu í fyrstu verið orðin tóm þar sem engin fjárveiting fylgdi.

Háskóli Íslands var stofnaður árið 1911 með sameiningu þriggja embættismannaskóla: Lagaskólans, Læknaskólans og Prestaskólans. Þótti sumum hæpið að stofnunin stæði undir háskólanafninu, enda nemendur jafnt sem kennarar fáir og starfsemin að mestu bundin við fáein laus herbergi í Alþingishúsinu þar sem þrengslin voru slík að hluti stúdenta varð að standa í kennslustundum.

Stjórnendur háskólans vildu vitaskuld fá úrbætur í húsnæðismálum, en sýndu þó að margra mati óþarflega mikið langlundargeð gagnvart fjárveitingarvaldinu. Hafa ber þó í huga að á þessum árum þótti ekki viðeigandi að opinberir embættismenn stæðu í harðri baráttu fyrir framlögum til stofnana sinna. Að lokum komst þó skriður á málin þegar Alþingi samþykkti að veita Háskólanum einkaleyfi til að reka peningahappdrætti til að standa straum af byggingu skólahúsnæðis vestur á Melum. Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, teiknaði háskólabygginguna sem tekin var í notkun á árinu 1940 og átti að fullnægja allri húsnæðisþörf skólans til margra áratuga, þótt annað ætti síðar eftir að koma á daginn.

Á fimmtíu ára afmæli háskólans árið 1961, kom út saga stofnunarinnar eftir sagnfræðiprófessorinn Guðna Jónsson. Í verkinu var að finna mjög skýra söguskoðun, sem stjórnendum skólans féll vel í geð. Samkvæmt henni hafði háskólinn frá fyrsta degi notið forystu ódeigra baráttumanna sem sífellt unnu að vexti hans og eflingu, þótt ytri aðstæður og misvitrir stjórnmálamenn hafi oft gert þá baráttu erfiða. Í frásögn Guðna er mest gert úr þætti Alexanders Jóhannessonar rektors í húsbyggingarmálinu og honum eignuð sú hugmynd að fjármagna framkvæmdirnar með happdrættisfé.

### Hljóð úr horni

Hriflu-Jónasi var ekki skemmt. Hann settist niður og ritaði tíu greina bálk og birti í Mánudagsblaðinu, sem um þær mundir var orðið hálfgert einkamálgagn hans. Í greinaflokknum fór Jónas um víðan völl og skaut föstum skotum á nafngreinda háskólamenn fyrir ýmsar sakir – þar á meðal þá menn sem hann taldi hafa staðið að „Stórubombunni“, þegar reynt var að lýsa Jónas geðveikan og því óhæfan í embætti dómsmálaráðherra.

Megintilgangur þessara löngu ritgerða var þó að árétta túlkun Jónasar sjálfs á byggingarsögu Háskólans. Samkvæmt henni tilheyrðu flestir háskólaprófessorar hinni íhaldssömu yfirstétt sem skorti bæði stórhug og metnað til framkvæmda. Þess í stað einbeittu stjórnendur skólans sér fremur að því að finna leiðir til sparnaðar og niðurskurðar í samvinnu við ríkisstjórnir íhaldsmanna með fjöldatakmörkunum og niðurlagningu námsbrauta.

> **... GÆTU ÞÚSUNDIR MANNA RIÐLAST ÞAR UM ÚFIÐ OG SVIPLJÓTT HRAUNGRÝTI.**

Einungis framfarasinnaðir samvinnumenn höfðu kjarkinn til að kalla eftir almennilegum úrbótum, þannig hafi Jónas sjálfur fengið lögin um háskólabygginguna samþykkt og húsameistarinn Guðjón Samúelsson látið sér detta í hug að stofna til happdrættis. Í báðum tilvikum hafi hreinlega þurft að dekstra íhaldssama stjórnendur háskólans til að styðja málefnið. Er greinaflokkur þessi sem birtist veturinn 1961-62 hið skemmtilegasta lesefni, þótt höfundurinn gangi langt í túlkunum sér í vil.

### Fádæma smekkleysi

Nokkrum árum síðar tók Jónas þráðinn upp að nýju í Mánudagsblaðinu. Þar hjó hann í sama knérunn með að bygging Háskólans væri einkum Guðjóni Samúelssyni og í minna mæli honum sjálfum að þakka, en að háskólaprófessorar hafi fremur þvælst fyrir málinu en hitt. En nú hafði umkvörtunarefnunum fjölgað.

Í fyrsta lagi húðskammaði Jónas borgaryfirvöld í Reykjavík fyrir þá smekkleysu að heimila byggingu Bændahallarinnar við Melatorg, sem gnæfði yfir háskólabygginguna og spillti ásýnd hennar. Fengu skólastjórnendur sinn skerf af skömmum fyrir að hafa ekki náð að afstýra þessu slysi.

Sýnu verri þótti Jónasi þó frágangur skólalóðarinnar og þá sérstaklega „stigaþrep forsmánarinnar“ fyrir framan innganginn að skólanum. Þar hafi Guðjón Samúelsson hugsað sér að risi „... mikill Ásbyrgishvammur. Skeifulaga hamar, klæddur hrafntinnu. Í miðri sléttunni gosbrunnur, Geysir í hvítri skál eins og íslensk náttúra skapar víða dásemdir hér á landi. Létt stigaþrep skyldu liggja lítt sýnileg frá hlaði háskólans niður að gosbrunninum.“

Þessi lýsing er í samræmi við útlitsteikningar Guðjóns að háskólanum, þar sem gert var ráð fyrir þverhníptum og hrafnsvörtum vegg umhverfis skeifuna. Hefði hann óneitanlega orðið tignarlegt mannvirki. Gosbrunnur var einnig fyrirhugaður og munu hafa verið gerðar fyrir hann undirstöður, áður en ákveðið var að koma þar fyrir styttunni af Sæmundi á selnum eftir Ásmund Sveinsson.

Frágangur skeifunnar var ekki talið forgangsmál og sat á hakanum á meðan Háskólinn reisti sér íþróttahús. Þá voru vangaveltur um hvort nýta mætti svæðið fyrir grasagarð, sem nýtast myndi Reykvíkingum til útivistar en náttúrufræðinemum til rannsókna. Var möguleikinn á þeirri staðsetningu kannaður alvarlega áður en Reykjavíkurbær ákvað að velja Laugardalinn í staðinn.

### Styttuherdeildin

Þegar loks var komið að framkvæmdum höfðu sjónarmið breyst í háskólanum. Alexander Jóhannesson sá fyrir sér voldugar tröppur frá dyrum skólabyggingarinnar niður í Skeifuna. Jónas, stóryrtur að vanda, taldi breytinguna siðabrot af þeirri stærðargráðu að fágætt væri í sögu menntaðra þjóða.

Í stað tignarlegs hamraveggs væri komin grasbrekka „... sem líktist moðbing með sætum sem engir nota og hin ferlegu stigaþrep framan við háskólafordyrnar. Í þessum fáránlega óskapnaði eru faldir tólf fótstallar fyrir styttur frægra Reykjavíkurprófessora. Stigaþrepin eru hjákátleg. Þar eru engir mannavegir. Vegna stærðarinnar gætu þúsundir manna riðlast þar um úfið og svipljótt hraungrýti. Þrepin eru vita gagnslaus og svo ólistræn að þau eiga hvergi sinn líka.“ Háskólaþrepin voru, að mati Jónasar, óafmáanleg forsmán fyrir Háskólann, höfuðborgina og alla þjóðina uns þau yrðu rifin!

Að sönnu eru Háskólaþrepin skringileg, þótt þau séu kannski ekki þjóðarhneyksli. Einkum eru það hinir skringilegu stallar, tólf talsins, sem gefa þeim undarlegt yfirbragð. Stallarnir eru þó ekki útbúnir svona út í bláinn, því það var rétt hjá Jónasi að þar var ætlunin að koma fyrir styttum af menntaforkólfum úr Íslandssögunni. Það náði svo langt að efnt var til samkeppni meðal listamanna, en undirtektir reyndust dræmar. Skopmyndateiknarar Spegilsins drápu loks hugmyndina endanlega með því að teikna kunna háskólaprófessora í styttuformi í tröppunum. Sem er nú eiginlega synd, því það er eitthvað skemmtilega sturlað við hugmyndina um að ganga í gegnum myndastyttuherdeild á leiðinni í nemendaskrá HÍ.


vodafone
HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR
NÝR TÍMI
SUNNUDAGA KL.19:35
ÍSLAND GOT TALENT
Ellert Kárason
900 9006
SPINKICK
900 9005
Baldur Dýrfjörð
900 9001
Jóhanna Ruth
900 9007
Stefán Þór
900 9003
Twice as Nice
900 9002
Dorthea
900 9004
stod_2
★ BEIN ★
ÚTSENDING
KL.19:35
SUNNUDAG
UNDANÚRSLIT ÍSLAND GOT TALENT
#igt3
BEIN ÚTSENDING
SÍMALEIKUR
Glæsilegur vinningur frá
ÚRVAL ÚTSÝN
Spennan magnast í Ísland Got Talent.
Nú getur þú kosið þitt uppáhaldsatriði í símakosningu og átt möguleika á því að vinna fimm stjörnu sumarfrí til Kanarí. Ekki missa af fjörinu á sunnudagskvöld á Stöð 2.
MIÐASALAN
ER HAFIN Á MIDI.IS
365.is | Sími 1817
365

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**298** kr. 1 l
**Almond Dream**
Möndlumjólk, 1 l

**86 kr** verðlækkun

**395** kr. 500 ml
**MS Rjómi,** 500 ml
Verð áður 481 kr.

**70 kr** verðlækkun

**325** kr. 500 g
**Smjör,** 500 g
Verð áður 395 kr.

**498** kr. 3x250 ml
**Hámark Próteindrykkur**
3x250 ml

**RISAEGG**

**1 kg**

**2.598** kr. 1 kg
**Bónus Risaegg,** 1 kg

**198** kr. pk.
**Cadbury Mini Eggs**
90 g

**900 g**

**1.359** kr. 900 g
**Macintosh Konfekt**, 900 g

**1,5L**

**198** kr. 1,5 l
**Coca Cola**, 1,5 l

**698** kr. stk.
**Nóa Páskaegg**
Nr. 3, 150 g

**200 kr.** verðlækkun

**1.298** kr. ks.
**Prince Polo,** 32x35 g í kassa
Verð áður 1.498 kr.

**LÁGT VERÐ ALLA DAGA**

**90** töflur

**1.598** kr. 90 stk.
**Finish Uppþvottavélatöflur**
90 stk.

Aðeins **21 kr** hver þvottur

**4.998** kr. pk.
**Ariel Colour Þvottaefni**
Allt að 245 þvottar

**4320** blöð

**798** kr. 18 rl.
**Designer Salernispappír**
18 rúllur

Verð gilda til og með **13. mars** eða meðan birgðir endast - *Sjá dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 317/2015 frá 21. janúar 2016

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNUS

## skilar til viðskiptavina

**ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kjúklingakvóta til innflutnings á kjúklingakjöti***

TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTI SKAMMTUR
55.000 POKAR




**1.279** kr. 900 g

**270 kr. verðlækkun**

**Euro Shopper Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g - Verð áður 1549 kr.

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS

**100% íslenskt ungnautahakk**

**200 kr verðlækkun pr. kg**




**1.698** kr. kg

**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Verð áður 1898 kr. kg

FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU




**798** kr. kg

**Bónus Grísahakk**
Ferskt




**1.198** kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Ferskar

**100% íslenskt ungnautahakk**




**549** kr. 2x120 g

**579** kr. 2x140 g

**Íslandsnaut Ungnautaborgarar**
2x120 g eða 2x140 g




**598** kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur

REYKTUR GRÍSABÓGUR




**998** kr. kg

**Kjarnafæði Grísabógur**
Reyktur, úrbeinaður

## Sama verð 25% Meira magn




**419** kr. 225 g

**Stjörnugrís Pepperoni**
225 g - Magn áður 180 g




**459** kr. 275 g

**Stjörnugrís Skinka 80%**
275 g - Magn áður 220 g




**669** kr. 275 g

**Stjörnugrís Skinka 98%**
275 g - Magn áður 220 g




**1.398** kr. 500 g

**Bláber**, fersk, 500 g




**398** kr. 4 stk.

**Pink Lady Epli**
700 g, 4 stk. í pakka

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



Ástkær móðir mín,
tengdamóðir og amma,

**Jónína J. Melsteð**
Torfufelli 25, Reykjavík,

andaðist þriðjudaginn 8. mars
á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útför
hennar verður gerð frá Fella- og Hólakirkju
fimmtudaginn 17. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast
hennar er bent á hjúkrunarheimilið Skógarbæ.

**Guðrún Jóna Melsteð** **Viðar Vilhjálmsson**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðrún Nielsen**
íþróttakennari,
Lerkihlíð 2, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 10. mars
á Landspítalanum. Hún verður jarðsungin
frá Háteigskirkju mánudaginn 21. mars kl. 13.00.

**Karl Gunnarsson**
**Bergrún Helga Gunnarsdóttir** **Gunnar Pálsson**
**Vaka Gunnarsdóttir** **Guðmundur Vestmann**
**Halla Gunnarsdóttir**
**Kría Guðmundsdóttir**












Steinunn hefur haldið allri sinni hönnun vel til haga síðastliðin fimmtán ár og lítur nú yfir farinn veg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Árin fimmtán flugu hjá

**Fyrirtækið Steinunn fagnar fimmtán ára afmæli og segir eigandinn, fatahönnuðurinn Steinunn Sigurðardóttir, að sér þyki enn gaman að fara í vinnunna á hverjum morgni.**

Ég er búin að vera hérna í fimm ár og þegar ég kom hingað fyrst gat ég valið um húsnæði en það er ekki svoleiðis hér núna. Það er alveg virkilega gaman að vera þátttakandi í breytingunum," segir fathönnuðurinn Steinunn Sigurðardóttir en fyrirtækið hennar, STEiNUNN, fagnar í ár fimmtán ára afmæli og er eigandinn að vonum ánægður með áfangann. Fyrirtækið er staðsett úti á Granda þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað á síðustu árum.

Steinunn hefur haldið til haga öllu því sem hún hefur hannað í gegnum árin. „Ég á hverja einustu flík sem ég hef hannað og gert prótótýpur af. Ég geymi þetta að sjálfsögðu á góðum stað," segir Steinunn leyndardómsfull. Geymslan var við það að sprengja utan af sér og nýtti Steinunn tilefnið til þess að líta yfir farinn veg. „Ég fór í skjalasafnið mitt og náði í það sem stóð upp úr og vann mig í gegnum það, ég skoðaði líka flíkur sem mér fannst ljótar á sínum tíma. Það er alltaf gott að horfa á sitt eigið „vanity" og líta yfir farinn veg, sigra og erfiða tíma."

Í tilefni af afmælinu horfir hún til baka og setur upp sýningu í húsakynnum fyrirtækisins með innsetningu þar sem er blandað saman nokkrum tjáningarformum, textíl, tísku, list og ljósmyndum og auk þess gaf eigandinn fyrirtækinu sérstaka gjöf í tilefni af tímamótunum. „Ég gaf fyrirtækinu í afmælisgjöf svokallað Home Collection sem stendur saman af púðum og teppum. Þetta er stærsta lína sem ég hef gert hingað til og það var bara af því að ég átti afmæli," segir hún glöð og er fljót að svara játandi þegar hún er spurð að því hvort síðastliðin fimmtán ár hafi liðið hratt. „Þau hafa flogið hjá, það er einhvern veginn alltaf komið nýtt ár og nýtt collection. Þetta er bæði búið að vera ánægjulegt og taka á en kannski það sem ég stend uppi með þegar ég vakna á morgnana er það að mér finnst enn gaman að fara í vinnuna."

Steinunn segist hafa fundið fyrir því að meðvitund fólks gagnvart hönnun hafi breyst á undanförnum árum. „Fólk er meðvitaðra um hönnun. Hvað hún stendur fyrir og hvað hún þýðir." Og hún er fljót til svars þegar hún er innt eftir því hvort hún muni halda áfram ótrauð á sviði fatahönnunar um ókomin ár. „Ég er búin að benda formanni Fatahönnunarfélags Íslands á að ég mun ganga áttræð niður Laugaveginn með staf og benda ungum hönnuðum á hvað þeir eru að gera rangt," segir hún og skellihlær.

Og þegar hún horfir fram í tímann er framtíð fatahönnunar nokkuð björt. „Fatahönnun er framsækið fag. við höfum gert mistök í gegnum tíðina og við höfum lært af þeim og nú getum við haldið ótrauð áfram, 15 ár sannar það."

Opið verður í verslun Steinunnar alla helgina, frá klukkan 13.00-17.00 báða dagana, í tilefni af HönnunarMars.

**gydaloa@frettabladid.is**



Eiginmaður minn og besti vinur,
faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur,
bróðir og fósturbróðir,

**Jörundur Traustason**
Suðurbyggð 14, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 5. mars.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju
14. mars kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim
sem vilja minnast hins látna er bent á Heimahlynningu
Akureyrar og lyfjadeild Sjúkrahússins á Akureyri.

**Ingveldur Jóhannesdóttir**
**Harpa Jörundardóttir**
**Trausti Jörundarson** **Fanney Kristinsdóttir**
**Sigríður Jörundardóttir**
**Ásdís Ólafsdóttir**
**barnabörn, systkini og fóstursystir.**



Ástkær sambýlismaður minn, faðir
okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Páll Guðmundsson**
skipstjóri,
Lækjasmára 6, Kópavogi,

lést mánudaginn 7. mars. Útför hans fer
fram í Digraneskirkju miðvikudaginn 16.
mars kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

**Svana Svanþórsdóttir**
**Sigríður Pálsdóttir** **Helgi Þórisson**
**Einar Pálsson** **Linda Friðriksdóttir**
**Kristbjörn Rafnsson**
**Guðmundur Pétur Pálsson** **Ingibjörg Bernhöft**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



ÖLL VÖFFLUJÁRN
20% - 40%
FISSLER POTTASETT
20% - 35%
Fyrir kaffi-unnendur
33%
AeroPress
KAFFIPRESSA
VERÐ ÁÐUR... 8.995
TILBOÐ ......... 5.995
PHILIPS
PowerLife Eco Range
RYKSUGA
23%
VERÐ ÁÐUR... 16.995
TILBOÐ ......... 12.995
KRINGLUKAST
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
50%
Babyliss
HÁRBLÁSARI
Expert 2100W
VERÐ ÁÐUR... 7.995
TILBOÐ ......... 3.995
KENWOOD
MATVINNSLUVÉL
Sú vinsælasta
20%
VERÐ ÁÐUR... 19.995
TILBOÐ ......... 15.995
PRINCESS
DJÚPSTEIKINGARPOTTUR
TURBO
20%
VERÐ ÁÐUR... 15.995
TILBOÐ ......... 12.795
ALDREI VERIÐ LÉTTARA AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM
GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD
30%
VERÐ ÁÐUR..... 9.995
TILBOÐ ........... 6.995
illy
20%
VEGLEGUR KAUPAUKI AÐ ANDVIRÐI 9.990
Francis Francis X7.1
KAFFIVÉL FYRIR HYLKI
FULLT VERÐ ... 36.995
TILBOÐ ......... 29.595
DANTAX
ÖRBYLGJU
OFN
28%
VERÐ ÁÐUR... 13.995
TILBOÐ ........... 9.995
20%
Eva Solo
SÓSUPOTTUR
1,1 LITER
VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOÐ ......... 11.995
Senseo
PHILIPS
Senseo Up KAFFIVÉL
50%
VERÐ ÁÐUR... 19.995
TILBOÐ ........... 9.995
iRobot
HREIN SNILLD!
RYKSUGUVÉLMENNI
ÞÚ SPARAR 15.000
Roomba 631
VERÐ ÁÐUR... 69.995
TILBOÐ ......... 54.995
ÞÚ SPARAR 20.000
Braava 772
VERÐ ÁÐUR... 94.995
TILBOÐ ......... 74.995
Kai PureKomachi2
HNÍFAR
20%
TILBOÐSVERÐ
FRÁ 2.395 3.595
Rosenthal
30%
Öll Rosenthal matar- og kaffistell á 30% afslætti

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Hjartans þakkir fyrir samúð, vináttu, hlýjar kveðjur og þá virðingu sem þið sýnduð vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Lilju Sveinsdóttur**

kennara, frá Vestmannaeyjum, búsettri í Neðri Hundadal, Dalabyggð.

Sendum þakkir til Silfurtúns fyrir góða umönnun.

Guð blessi ykkur öll.

**Sigríður Hjartardóttir** **Helgi Reynisson**
**Sigursteinn Hjartarson** **María G. Líndal**
**Kristín Lára Hjartardóttir** **Jóhann Hreggviðsson**
**Signý Harpa Hjartardóttir** **Axel Hafsteinn Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Ellert Svavarsson**

Tjarnabakka 12, Reykjanesbæ,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 2. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum veittan stuðning og hlýhug.

**Ólafía G. Guðmundsdóttir (Stella)**
**Anna Bára Gunnarsdóttir** **Guðbjörn Hafsteinsson**
**Svavar Guðni Gunnarsson** **Lísa Bryndís Matthews**
**Rakel Linda Gunnarsdóttir** **Viðar Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Thorarensen**

áður Klöpp, Sandgerði, Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ,

lést 3. mars sl. á heimili sínu. Útförin mun fara fram í kyrrþey.

**Einar Valgeir Arason**
**Lína María Aradóttir** **Ólafur Eyfjörð Pálsson**
**Ari Haukur Arason** **Anna María Hilmarsdóttir**
**Jón Örvar Arason**
**Viðar Arason** **Unnur Sveindís Óskarsdóttir**
**Hrannar Þór Arason** **María Elfa Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Yndislegur eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

**Páll Helgason,**

tónlistarmaður, Reykjavegi 59, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 5. mars. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 15. mars kl. 13.00.

**Bjarney Einarsdóttir**
**Helgi Pálsson** **Guðrún Þórarinsdóttir**
**Einar Pálsson**
**Anita Pálsdóttir** **Róbert Axel Axelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir og systir,

**Lilja Kúld**

Huldubraut 5, Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 8. mars. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 18. mars kl. 13.00.

**Jóhann Hafnfjörð Rafnsson**
**Kristína Aðalsteinsdóttir**
**Björn Halldór Helgason**
**Guðrún Lilja Skúladóttir**
**Guðný Kúld**
**Þorsteinn Kúld**



„Rammíslenskt, vel skrifað og fallegt en ekkert barnaverk að spila," segir Guðný um æskuverkin hans Jóns. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þessi gulnuðu nótnablöð

**Tvö nýfundin verk frá 1943 eftir hinn níræða Jón Nordal tónskáld eru á efnisskrá strengjasveitarinnar TónaList, undir stjórn Guðnýjar Guðmundsdóttur, í Seltjarnarneskirkju í dag.**

Hann Jón Nordal nýtur þess í dag að hlýða á nýfundna tónlist sem hann samdi á 17. ári. Strengjasveit undir stjórn Guðnýjar Guðmundsdóttur flytur hana og fleiri meistaraverk í Seltjarnarneskirkju. Tónleikarnir hefjast klukkan 17.

„Ég var beðin að hafa strengjasveit við Listaháskólann í haust og fannst upplagt að flytja eitthvað eftir Jón Nordal tónskáld af því hann er níræður um þessar mundir," segir Guðný og lýsir því hvernig hún komst í tæri við tvö æskuverk Jóns.

„Ég rakst á Jón á förnum vegi og spurði hann hvort hann ætti eitthvað bara fyrir strengi. Þá kom svolítið skemmtilegur svipur á hann og hann svaraði: „Þegar ég var unglingur skrifaði ég einhver verk fyrir strengi en þau eru löngu týnd." Ég þráaðist við og spurði: „Helduðu þú getir ekki fundið þau?" „Ég veit það ekki," svaraði hann. „Þau eru örugglega ekki nógu góð." En ég lét hann ekki í friði og það var svo milli jóla og nýárs sem Jón hringdi í mig og sagðist hafa fundið nóturnar svo ég mætti til meistarans upp úr áramótum og þar voru þá þessi gulnuðu nótnablöð sem maður þorði varla að koma við. Við fundum þar tvö heilleg verk sem hann samdi 1943. Mér tókst að koma handritunum heim án þess að þau hryndu í sundur, ljósritaði þau og fékk tónsmíðanema í Listaháskólanum til að tölvusetja nóturnar. Verkin eru byggð á íslenskum þjóðlögum, annað á laginu Svíalín og hrafninn og hitt er í sama ryþma og Hani krummi hundur svín. Rammíslenskt, vel skrifað og fallegt en ekkert barnaverk að spila."

> **Mér tókst að koma handritunum heim án þess að þau hryndu í sundur, ljósritaði þau og fékk tónsmíðanema í Listaháskólanum til að tölvusetja nóturnar.**

Fleira er á dagskrá TónaListar. „Það má segja að við séum með Jón Nordal, Bartok og björtustu vonina," segir Guðný glaðlega. „Við ætlum að flytja hina frægu Chaconnu eftir Bach sem var skrifuð fyrir einleiksfiðlu en Bjarni Frímann Bjarnason, sem var valinn bjartasta vonin nýlega, vippaði yfir í verk fyrir fiðlur og víólur. Svo erum við með Divertimento eftir Bartók og tvo áheyrilega þætti úr Serenöðu fyrir strengi eftir austurríska tónskáldið Fuchs."

Guðný kveðst upp með sér af því að eiga þátt í að finna verkin hans Jóns. „Í hljómsveitinni okkar er fólk á svipuðum aldri og hann var þegar hann samdi verkin. Meira að segja eitt barnabarn hans." **gun@frettabladid.is**

Systir mín,

**Guðný Kristín Helgadóttir**

Sóltúni 13, Reykjavík,

er látin. Útför hennar hefur farið fram.

**Hanna Þyri Helgadóttir**



Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts hetjunnar okkar, elskandi eiginmanns, sonar, bróður, dóttursonar og tengdasonar,

**Kára Arnar Hinrikssonar**

blaðamanns, Hjallahlið 25, Mosfellsbæ.

Við þökkum ykkur öllum sem hafið tekið þátt í sorg okkar, sýnt stuðning í verki og heiðrað minningu Kára Arnar.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð ljóssins í lífi hans, 0549-14-401696, kt. 220991-2539.

**Júlíana Haraldsdóttir**
**Erna Arnardóttir** **Hinrik Gylfason**
**Halla Margrét Hinriksdóttir**
**Halla Mjöll Hallgrímsdóttir** **Örn Harðarson**
**Ingibjörg Einarsdóttir** **Haraldur Júlíusson**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**Lilju Júlíusdóttur**

Fagrabæ 6.

**Sveinbjörn Runólfsson**
**Sigrún Sveinbjörnsdóttir** **S. Rúnar Bragason**
**Runólfur Sveinbjörnsson** **Soffía Gunnarsdóttir**
**Heiða Rún, Arnar Máni, Lilja Rún og Sveinbjörn**



Hjartans þakkir sendum við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför okkar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ásdísar Kristjánsdóttur**

**(Haddý)**

**Ólafur Haukur Ólafsson** **Sigurbjörg H. Gröndal**
**Kristján Már Ólafsson**
**Ásdís Katrín Ólafsdóttir** **Pál O. Borgen**
**Sigríður Edda Ólafsdóttir** **Magnús Jón Sigurðsson**
**barnabörn og fjölskyldur.**


NÝTT ÚTLIT
SUGARFREE GUM
WRIGLEY'S
Extra
WHITE
x25
SWEET MINT
Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi
Borða
Drekka
tyggja
WRIGLEY'S
Extra®

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1** Koma birgðaverði í öruggt skjól (15)
**11** Skyldi þessi við hlið mér komast í höfn? (6)
**12** Undirstöðugrind kafar ekki djúpt (9)
**13** Leita ruglaðra skírara herraþjóðarinnar (7)
**14** Biskupi fylgir garður og dvöl í gúlaginu (9)
**15** Roðnar er nær dregur pólnum (6)
**16** Reykur í uppdiktuðum umsvifum (7)
**17** Þetta flan er ekki héðan, mig grunar utanbæjarmann (9)
**18** Stefna á tindinn sem þeir telja öðrum hærri (6)
**20** Kimum síðast í mark þrátt fyrir strit afa (8)
**21** Fullkominn blóminn gerir hann rjóðan frá hvirfli til ilja (8)
**25** Nei, við höfum aldrei fjallað um svo gamalt fólk (6)
**28** Nonni miðar á nafn Nonna krumlu (9)
**32** Fiðurfé úr loðnu ber með sér óværu (8)
**34** Steik af löngu dauðum bola (5)
**35** Staða flóðalabba hentar þeim sem hirða lítt um að hirða sig (9)
**36** Meðgangan tengir rafrásirnar (8)
**37** Bind barnungan hundeiganda vegna jólakökuskuldar (3)
**38** Ég vil pening fyrir blómunum á eyrinni (11)
**39** Röltum snemma með 5. og 6. bekk (8)
**40** Brottnám ævintýrakvendis við götu í Kópavogi (12)
**44** Hunsa feita drjóla og stóra fyrir litla vafninga og mjóa (9)
**45** Klár gaur segir þær hafa verið flokkaðar sem einn maður (12)
**46** Að hafa engar miðjur nema þá sem ekki er í miðjunni? (9)
**47** Aurmunnurinn riðlar blómfögrum búskinum (12)

**LÓÐRÉTT**

**1** Yndisfríður mun veina af uppgerðarlofi (9)
**2** Bar á mýrarblómin loðnu, bleiku (9)
**3** Frá því sem þau afþökkuðu er stutt í það sem þau könnuðust ekki við (9)
**4** En ef ég snæddi Þistilfirðinga og körfukál? (9)
**5** Mála nótur fyrir augað (8)
**6** Sé meindýr í brúnum á hljómsveitarmeðlimum (10)
**7** Grútarsálin sýnir aðgæslu þar sem bjargbrúnin tekur við (10)
**8** Fara út til að hindra útbreiðslu sullaveiki (10)
**9** Harmdaggarbraut er eina rétta leiðin að hjarta mannsins (7)
**10** Áfýsa áhlaup urptar í mótmælaskyni (9)
**19** Sumarleyiskojurnar eru ókeypis eins og plássið á milli þeirra (8)
**22** Gaula eitthvað á meðan þau þvo sér (5)
**23** Skellir bógsteikinni í bakpokann og ber á brott (12)
**24** Leynifréttafantar ræða ljósfælna gagnasöfnun (9)
**26** Hin óðu segja að þessi réttur dæmi menn misheiðarlega (8)
**27** Stafarugl er flatari hindrun en margar aðrar (7)
**29** Tilskrif skjalfesta skepnuskap (7)
**30** Karlinn Grýlu geiflar sig og fer svo í hlýtt kotið (11)
**31** Árla morguns dæstum við öðru hvoru út af fágætu og óþörfu essi í hlutum hans (11)
**33** Klíkan kemst hvorki lönd né strönd ef verðið er niðurnjörvað (10)
**36** Vopnsár eftir harðan nagla (8)
**41** Græjar það sem lekur (5)
**42** Tau ku vera eina ruglið sem passar hér, bættu nú ekki á samviskubit gátuhöfundar! (5)
**43** Þar sem eru peningar, þar eru glæpir (5)





Lausnarorð síðustu viku var
**VORFIRÐINGUR**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Meira blóð eftir Jo Nesbø** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Arthur Bogason, Reykjavík**




**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist ljómandi útvörður Íslands. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 17. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „12. mars“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.




# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## Doblið virkaði illa

Íslandsmótið í tvímenningi var æsispennandi og í lokin var munurinn lítill á efstu tveimur sætunum. Aðalsteinn Jörgensen og Birkir Jónsson hömpuðu titlinum með 55,4% skor og 1.396,8 stig. Hrannar Erlingsson og Sverrir G. Kristinsson, sem þurftu að sætta sig við annað sætið, fengu sama prósentuskor en 1395,8 stig. Þegar munurinn er svona lítill er auðvelt að finna spil sem hefðu mátt fara betur fyrir Hrannar og Sverrir og tryggt þeim efsta sætið. Eitt þeirra er þetta úr fjórðu síðustu umferð, austur gjafari og allir á hættu:

**Norður**
♠ G42
♥ ÁKDG
♦ 754
♣ 1082

**Vestur**
♠ Á93
♥ 10952
♦ G3
♣ ÁD75

**Austur**
♠ KD107
♥ 4
♦ ÁKD96
♣ K96

**Suður**
♠ 865
♥ 8763
♦ 1082
♣ G43

Austur opnaði á einum ♦, vestur sagði 1♥ og austur sagði 2♠ til að sýna sterka hönd („reverse“). Vestur sagði 3♣ til að krefja í geim og austur sagði 3 grönd. Sverrir átti útspil í suður og Hrannar doblaði í norður til að fá hjartaútspil (dobl biður um fyrsta sagða lit) og bjóst hálfpartinn við að andstaðan myndi flýja úr gröndum vegna þess að hjartastopp vantaði. En honum varð ekki kápan úr því klæðinu, vestur brást við með því að redobla og 3 grönd redobluð spiluð. Vörnin tók 4 fyrstu á hjartað en sóknin átti afganginn af slögunum. Að fá 1.000 fyrir 3 grönd redobluð gaf AV 17 stig af 20 mögulegum.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Hjörvar Steinn Grétarsson (2.572) vann góðan sigur á Tibor Kende Antal (2.406). Hann átti afar skemmtilegan leik.

Hjörvar lék **39. He8+** og vann örugglega nokkru síðar Fallegasti leikurinn er hins vegar **39. Re5!** sem vinnur strax þar sem svartur verður mát eftir **39. ... Kxe5 40. He8**. Sjötta umferð GAMMA Reykjavíkurskákmótsins hefst kl. 12.
**www.skak.is:** Allt um Reykjavíkurskákmótið

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 2 | | | | 5 |
| | 8 | | | | | 3 | | |
| | | 2 | | 9 | 6 | | 4 | 1 |
| 2 | 1 | 7 | | | 4 | | 6 | |
| | 3 | | | 7 | | 9 | | |
| 4 | | 5 | | | | 7 | 2 | 3 |
| 7 | | | 8 | | 2 | | | 6 |
| 3 | | 4 | 5 | | | | | |
| | | 8 | 7 | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | 6 | | 4 | | 1 | 5 |
| | | | | 9 | 5 | | | 7 |
| 2 | 4 | | 1 | | | | | |
| 7 | | | | | | 4 | | 8 |
| | | 9 | | 7 | | | | |
| 3 | 2 | | | | | | 9 | |
| 4 | | | 8 | | | 9 | | |
| | | | | 1 | | 8 | | |
| 8 | 3 | | | | 6 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | | | | | | | 5 |
| | 7 | | 5 | | 3 | | | |
| 2 | | 5 | | 8 | | 3 | | |
| 4 | | | | | | 2 | | |
| 5 | | 2 | | 9 | 6 | | | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 6 | | | 3 | 2 | 5 | 1 | |
| | | | | 4 | | 6 | | 8 |
| | | 4 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 4 | 1 | 9 | 3 | 2 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 9 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 8 | 4 | 9 |
| 1 | 3 | 6 | 8 | 7 | 9 | 5 | 2 | 4 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 1 | 5 | 9 | 8 | 3 |
| 5 | 9 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 | 1 | 7 |
| 8 | 1 | 7 | 5 | 3 | 6 | 4 | 9 | 2 |
| 6 | 2 | 5 | 9 | 4 | 1 | 7 | 3 | 8 |
| 9 | 4 | 3 | 7 | 8 | 2 | 1 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 |
| 1 | 2 | 8 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 3 | 4 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 8 | 9 |
| 7 | 6 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 |
| 2 | 8 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 4 | 7 |
| 5 | 3 | 9 | 4 | 7 | 6 | 8 | 1 | 2 |
| 4 | 7 | 2 | 5 | 8 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 3 | 1 | 2 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 8 | 6 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 5 | 1 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 5 | 9 | 2 | 7 |
| 3 | 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 1 | 4 | 8 |
| 7 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 3 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 6 | 3 | 9 | 1 | 8 | 7 | 4 |
| 8 | 7 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 2 |




## Miðlungsbrennt malað kaffi

úr 100% Arabica baunum

Rautt Merrild er miðlungsbrennt sígillt kaffi, fullkomið og bragðmikið. Miðlungs-brennsla þýðir að baunir eru ristaðar þar til þær fá ljósbrúnana lit, ljúfan og jafnan keim og notalegan ilm.

---

**HÆG UPPÁHELLING BÝR TIL GÓÐAR STUNDIR** – *svona gerirðu betra kaffi*

1  Settu kaffipoka í trektina.

2  Mældu sléttfulla matskeið í pokann fyrir hvern bolla eða 6-7 g á 1,5 dl. Örlítið meira ef þú vilt hafa kaffið sterkt.

3  Bíddu augnablik eftir að vatnið er búið að sjóða – best er að hitastigið sé u.þ.b. 93°C. Helltu dálitlu vatni yfir kaffið, rétt til að bleyta upp í því.

4  Haltu áfram að hella vatninu smám saman þar til kaffið er tilbúið.

## Konráð og félagar á ferð og flugi 190

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta," sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana," bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi," sagði hann. „Til er ég." Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin," sagði hún. „Allt í lagi," sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár," sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 8 | | 3 | | | 7 |
| 7 | | 5 | | 4 | 2 | | 8 | |
| 8 | 4 | | | 7 | | | 6 | 2 |
| 3 | | 2 | 5 | | 8 | | 9 | 6 |
| | 8 | | | | | 7 | | |
| 9 | 1 | | 7 | 3 | 6 | 2 | | 8 |
| | 3 | 8 | 1 | | 9 | 6 | | |
| 1 | | 7 | | 8 | | 3 | 2 | 9 |
| | | 9 | | 6 | | | 1 | |



## Brandarar

**Björg:** Hundurinn minn er rosalega klár í stærðfræði.
**Kennari:** Nú?
**Björg:** Já, ég spurði hann hvað 16 mínus 16 væru og hann sagði ekki neitt.

**Mamma:** Hvað er að sjá þig?
**Ásta:** Ég datt í drullupoll.
**Mamma:** Í þessum fínu fötum?
**Ásta:** Já, ég hafði ekki tíma til að fara úr þeim.

**Kári:** Veistu hvað er með fjórutíu fætur og syngur?
**Stebbi:** Nei.
**Kári:** Tuttugu manna kór.

Doddi var í ferðalagi með mömmu sinni og pabba í Þýskalandi þegar þau óku fram hjá kastala.
Sjáðu, Doddi minn, þarna búa kóngurinn og drottningin, sagði pabbi.
Já, en hvar býr gosinn? Spurði Doddi.




# Er að safna pening fyrir trommusetti

**Íshildi Rún Hönnu Haraldsdóttur** bregður fyrir á sviði í leikritinu Old Bessastaðir. Svo er hún trommari í stelpuhljómsveitinni Meisturunum. Henni finnst gaman að baka og spila fótbolta.

Íshildur Rún er að verða 11 ára núna í apríl. Hún hefur verið að leika lítið hlutverk undanfarið í leikriti sem heitir heitir Old Bessastaðir og er sýnt í Tjarnarbíói. Mitt hlutverk er að leika eina persónu í leikritinu þegar hún var lítil en hver áhorfandi getur eiginlega samt ákveðið fyrir sig hvað ég á að tákna.

**Er skemmtilegt að vera í svona leikriti?** Já, mjög og líka gaman að vera í svona félagsskap og kynnast skemmtilegu fólki.

**Færðu eitthvað greitt fyrir að koma fram?** Já, ég fæ ágætis laun.

**Hvað ætlar þú að gera við peningana?** Ég hef verið að safna mér fyrir trommusetti og hugsa að ég setji peninginn í þann sjóð.

**Ertu langt komin að safna?** Eftir þetta verkefni er ég nokkuð langt komin held ég. Svo á ég bráðum afmæli þá er aldrei að vita hvað gerist.

**Af hverju trommur?** Ég er í stelpuhljómsveitinni Meisturunum í Þingeyjarsveit og þar spila ég á trommur og finnst það gaman.

**Ertu stundum fyrir norðan?** Já, ég var í Þingeyjarskóla í fyrravetur. Þá spiluðum við á litlu jólunum og þorrablóti skólans.

**Hvernig finnst þér skemmtilegast að leika þér?** Mér finnst mjög gaman að spila fótbolta og vera með vinkonum mínum og baka eða spila eða eitthvað þannig.



**Íslhildur komin með kjuðana. Nú er bara eftir að útvega settið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Í hvaða skóla ertu núna og hvert er uppáhaldsfagið þitt þar?** Vesturbæjarskóla og íþróttir eru uppáhaldsfagið mitt.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Mig langar að verða leikkona, ljósmyndari, læknir, sundþjálfari og kennari.

## Listaverkið




**Ásdís Júlíusdóttir, fimm ára,** sendi okkur mynd af hvítri kisu í rauðu herbergi.




## COSTA DE ALMERÍA

ALLAR BROTTFARIR NEMA 13. JÚNÍ, ALLIR GISTISTAÐIR.

Beint morgunflug í allt sumar

10 & 11 nátta ferðir



### Arena Center

**Frá kr. 69.900**
**m/ekkert fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
2. júní í 7 nætur.



### Hotel Playacapricho

**Frá kr. 83.045**
**m/hálft fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 83.045 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 120.695 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
2. júní í 7 nætur.



### Hotel Zoraida Beach Resort

**Frá kr. 106.910**
**m/allt innifalið**
Netverð á mann frá kr. 106.910 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 143.915 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
2. júní í 7 nætur.

## MALLORCA

ALLAR BROTTFARIR NEMA 2. ÁGÚST, ALLIR GISTISTAÐIR.

Beint morgunflug vikulega í allt sumar



### Hotel Sorrento / Portofino

**Frá kr. 59.995**
**m/ekkert fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 59.995 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 91.395 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
14. júní í 7 nætur.



### Eix Lagotel Apartments

**Frá kr. 85.295**
**m/allt innifalið**
Netverð á mann frá kr. 85.295 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 115.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
14. júní í 7 nætur.



### Hotel Barcelo Pueblo Park

**Frá kr. 107.195**
**m/hálft fæði innifalið**
Netverð á mann frá kr. 107.195 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 132.795 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
14. júní í 7 nætur.

**Heimsferðir kynna nýja bókunarsíðu. Veldu áfangastað, lengd og dagsetningu ferðar ásamt fjölda farþega í bókunarvélinni efst á síðunni og smelltu á Leita.**

Heimsferðir | Frá — Til: KEF COSTA DE ALMERÍA | Lengd og dags.: 10-14 NÆT... 2 JÚN | Farþegar | Verð fá mann frá 99.900 kr. | LEITA

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM74223

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Gengur í suðvestan storm eða rok með éljagangi í dag, jafnvel ofsaveðri á annesjum norðvestan til. Hiti nálægt frostmarki.

### Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 4° | Oslo 4° | Stokkhólmur 5° | Gautaborg 5° | Helsinki 2° | Þórshöfn 9° | Nuuk -15° |
| London 7° | Amsterdam 7° | Paris 9° | Berlin 5° | Madrid 9° | Brussel 6° | Róm 18° |
| Boston 2° | New York 4° | Orlando 18° | Moskva 2° | Singapúr 27° | Tókýó 5° | Sydney 23° |

### Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| 08.41 | 02.30 |
| 4,39m | 0,02m |
| 21.03 | 14.53 |
| 4,29m | 0,09m |
| **Akureyri** | |
| 00.44 | 06.48 |
| 1,61m | 0,17m |
| 13.01 | 19.06 |
| 1,55m | 0,14m |
| **Ísafjörður** | |
| 10.37 | 04.36 |
| 2,24m | -0,08m |
| 22.58 | 17.02 |
| 2,15m | -0,08m |

### Tunglstaða

Vaxandi
11%

Sólarupprás:
07.54

Sólarlag:
19.20

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↑20 | 3° ↗5 | 5° ↗12 | 0° →8 | 1° ↖6 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↑21 | -0° ↗10 | 2° ↑17 | -3° →8 | -0° ↗11 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↑16 | 2° ↑1 | 3° ↑28 | -4° →9 | -3° ↗9 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↑19 | 6° ↑14 | 5° ↑22 | -1° ↗7 | -4° ↑4 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° ↑12 | 4° ↙3 | 5° ↑9 | 1° →5 | -0° ↙3 |





Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU


## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



1916 ASÍ 2016

# ASÍ 100 ára

Í tilefni aldarafmælis Alþýðusambands Íslands óskum við launafólki um land allt innilega til hamingju með daginn.






Launafólk með ASÍ í fylkingarbrjósti hefur verið leiðandi í uppbyggingu samfélagsins eins og við þekkjum það. Fyrir það ber að þakka.

Við róum í sömu átt.

BRIM

DORMA
Láttu drauminn rætast
Fyrir þínar bestu stundir
Páskar 2016
Nature's Bedding
Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.
Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu
Aukahlutur á mynd: Helsinki höfuðgafl.
NATURE'S COMFORT heilsurúm með classic botni og löppum
25% AFSLÁTTUR

| Stærð cm. | M/ Classic botni | Tilboðs-verð |
|---|---|---|
| 80x200 | 86.900 | 65.175 |
| 90x200 | 92.900 | 69.675 |
| 100x200 | 99.900 | 74.925 |
| 120x200 | 119.900 | 89.925 |
| 140x200 | 138.900 | 104.175 |
| 160x200 | 149.900 | 112.425 |
| 180x200 | 164.900 | 123.675 |

Nature's Comfort:
• Svæðaskipt pokagormakerfi
• Burstaðir stálfætur
• Sterkur botn
• 320 gormar pr fm²
• Steyptar kantstyrkingar
PÁSKATILBOÐ
FERMINGAR TVENNA
DÚNMJÚKT TVENNUTILBOÐ
O&D dúnsæng - Stóri björn
· 50% dúnn og 50% smáfiður
Fullt verð: 19.900 kr.
+ Dúnkoddi - Stóri björn
Fullt verð: 5.900 kr.
Fullt verð samtals: 25.800 kr.
19.800 kr.
QUILTS OF DENMARK
Þú finnur nýja Páskabæklinginn okkar á www.dorma.is
Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörður
Afgreiðslutími Rvk.
Mán. til fös. kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–16
www.dorma.is
DORMA
Láttu drauminn rætast

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT



„Formaðurinn segir öllum sem hann hittir að koma á tónleikana,“ segir Magnús kórstjóri og vonar líka að sem fæstir missi af þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tryggvi nær að magna upp þessa sögu með tónlist sinni

## Heimsljós – íslensk sálumessa mun hljóma í Langholtskirkju annað kvöld í flutningi Söngsveitarinnar Fílharmóníu, með hljómsveit og einsöngvara. Magnús Ragnarsson stjórnar.

Það er með hálfum huga sem ég hringi í Magnús Ragnarsson á miðjum degi til að forvitnast um tónverkið Heimsljós eftir Tryggva M. Baldvinsson sem Fílharmónía ætlar að syngja annað kvöld klukkan 20. Auk þess að leiða þá sveit er hann nefnilega stjórnandi kammerkórs Áskirkju og organisti. En hann kveðst hafa nægan tíma í viðtal. „Oft er rólegt í organistastarfinu í kringum stóra tónleika hjá kórunum mínum. Það er eins og einver æðri máttur hlífi mér,“ útskýrir hann og kveðst einmitt hafa verið að lesa trúarlega texta í Heimsljósi Halldórs Kiljan. „Ólafur Kárason verður fyrir trúarlegri upplifun sem barn, hann leggst í grasið og finnur kraftbirtingarhljóm guðdómsins – mér skilst að Halldór hafi upplifað slíkt sjálfur sem krakki, hann var auðvitað skáldhneigður, fannst fegurðin mikilvæg og skynjaði náttúruna sterkt. Þegar ég rifja upp þessa sögu kemst ég við og Tryggvi Baldvins nær að magna hana með tónlistinni. Hann byggir tónverkið upp sem sálumessu þar sem lokakaflinn er um frið og paradís – eins og í sögunni þegar Ólafur gengur á jökulinn þar sem fegurðin mun ríkja ein.“

Söngsveitin Fílharmónía er sjötíu manna kór, auk hennar kemur fram 28 manna hljómsveit og einsöngvararnir Ingibjörg Guðjónsdóttir sópran og Snorri Wium tenór. „Tryggvi hafði þessa tvo söngvara í huga þegar hann samdi verkið og það kom ekkert annað til greina en að hóa í þá aftur,“ segir Magnús.

> ÉG ER EINS OG STOLTUR KÓRPABBI. EN ÉG Á EFTIR AÐ ÞURFA AÐ HALDA AFTUR AF TÁRUNUM ÞEGAR ÉG FER AÐ STJÓRNA ÞVÍ ÉG VERÐ FYRIR SVO MIKLUM HUGHRIFUM.

Heimsljós var áður flutt af Fílharmóníu undir stjórn Magnúsar árið 2010 og hann segir tilfinningarnar sérstakar gagnvart verkinu. „Ég man svo vel þegar ég hringdi í Tryggva í maí 2008, tveimur árum áður en kórinn varð fimmtíu ára, og spurði hann hvort hann væri til í að semja verk fyrir kór og hljómsveit. Það er ekki á hverjum degi sem tónskáld fá svoleiðis símtöl og við vorum báðir kátir með þessa hugmynd. Tryggvi hafði alveg frjálsar hendur og ákvað á endanum að nota kafla úr Heimsljósi sem hann las þegar hann var 18 ára og varð snortinn af.

Við í Fílharmóníu fengum verkið í bútum eftir áramót 2010 og kórfélagarnir urðu strax hrifnir af því og töluðu mikið um það. Þeir sem ekki höfðu lesið bókina drifu í því. Síðan hefur orðið mikil endurnýjun í kórnum en allir hafa heyrt um flutning Heimsljóss og eru ótrúlega spenntir að taka þátt í honum núna. Mér finnst svo gaman að upplifa svona mikla ánægju og gleði hjá kórfélögunum og er eins og stoltur kórpabbi. En ég á eftir að þurfa að halda aftur af tárunum þegar ég fer að stjórna því ég verð fyrir svo miklum hughrifum.“

Magnús segir hafa staðið til að flytja Heimsljós aftur, alveg frá 2010, nú sé komið að því. Hann kveðst vona að sem flestir verði vitni að þeim viðburði. „Formaðurinn okkar segir öllum sem hann hittir að koma á tónleikana og einn spurði: „Er þetta svona nútímaverk sem er gaman að flytja en ekki eins gaman að hlusta á?“ En þegar honum var leyft að heyra bút úr verkinu áttaði hann sig á hvað það er fallegt, dramtískt og flott.“

gun@frettabladid.is

### Frá höfundi:

Ég hef sennilega verið 18 ára þegar ég las Heimsljós í fyrsta sinn. Ég man vel hve mikil áhrif bókin hafði á mig. Ég hafði aldrei fyrr lesið texta sem hreif mig jafn sterkt, aldrei séð íslenskri tungu verið beitt jafn listilega og þar. Bókin var fyrir mér sannkölluð hugljómun.

Hinum trúarlega tóni sem svífur yfir vötnum í sögunni um Ólaf Kárason fannst mér best komið til leiðar í formi sálumessu, því að efnistök bókarinnar ríma vel við hina þrjá meginþætti sálumessunnar: ákall, uppgjör og friðþægingu.

Með þessu verki er ég alls ekki að reyna að rekja sögu Ólafs Kárasonar, enda er textinn í tónverkinu tekinn héðan og þaðan og myndar engan efnislegan söguþráð. Mín athygli er á textanum sjálfum og þeim töfrum sem þar felast.

„Undirgefni er bók sem skiptir máli og á erindi við vestrænt samfélag samtímans ... **Algjörlega mögnuð bók** sem tekur á viðkvæmustu málefnum líðandi stundar.“

MAGNÚS GUÐMUNDSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

„ENGINN SAMTÍMAHÖFUNDUR Á BRÝNNA ERINDI.“

EVENING STANDARD

**Metsölubók um allan heim**




„**Óskaplega merkileg og flott bók** og skemmtileg. Ég las hana algjörlega eins og reyfara...“

ÞORGEIR TRYGGVASON
KILJAN

„GRÁTBROSLEG OG ÖGRANDI SAGA UM VIÐKVÆMUSTU EN MIKILVÆGUSTU MÁL SAMTÍMANS.“

LIBÉRATION

„Merkilega margbrotin ... **stórmerkileg bók.**“

EGILL HELGASON
KILJAN

„... bók sem maður **vill lesa aftur.**“

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR
KILJAN

„... EF TIL VILL MIKILVÆGASTA BÓK ÁRSINS.“

TIME

„Undirgefni er merkileg saga og mikilvæg fyrir umræðuna ... bók sem fólk á að lesa, hugsa um og ræða. Því eins og hér er sýnt fram á þá getur allt gerst.“

EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*



TIL HAMINGJU MEÐ HEIÐURSVERÐLAUN DV 2015

Umsögn dómnefndar: „Þorsteinn frá Hamri hefur í áratugi auðgað og dýpkað íslenska ljóðagerð. Stílgáfa hans er einstök og hugsunin ætíð hnitmiðuð og öguð. Í verkum hans, ljóðum jafnt sem prósaverkum, endurspeglast ást og virðing fyrir náttúru landsins, sögunni og hinum þjóðlega menningararfi. Tilgerð, prjál og raup hafa aldrei verið fylginautar þessa hógværa skálds sem þekkir mátt orðanna og hefur alltaf nýtt þau til gagns. Íslenskir ljóðaunnendur standa í þakkarskuld við Þorstein frá Hamri sem hefur af örlæti, og án háreysti, miðlað snilligáfu sinni og séð þannig til þess að ljóðið rati til sinna.“

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39



# Leitin að þeim rétta

LEIKHÚS

**Hleyptu þeim rétta inn**

★★★☆☆

**Þjóðleikhúsið**

**Leikgerð eftir Jack Thorne**
**Byggð á sænskri skáldsögu og kvikmyndahandriti eftir John Ajvide Lindqvist**
**Leikstjórn:** Selma Björnsdóttir
**Leikarar:** Sigurður Þór Óskarsson, Lára Jóhanna Jónsdóttir, Oddur Júlíusson, Hallgrímur Ólafsson, Þröstur Leó Gunnarsson, Snorri Engilbertsson, Stefán Hallur Stefánsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Pálmi Gestsson, Baldur Trausti Hreinsson, Svava Björg Örlygsdóttir
**Leikmynd:** Halla Gunnarsdóttir
**Búningar:** María Th. Ólafsdóttir
**Tónlist:** Högni Egilsson
**Hljóðmynd:** Högni Egilsson og Elvar Geir Sævarsson
**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson
**Myndbandshönnun:** Rimas Sakalauskas
**Dramatúrg:** Símon Birgisson
**Þýðing:** Magnea J. Matthíasdóttir



**Atriðið úr leiksýningunni Hleyptu þeim rétta inn sem Þjóðleikhúsið frumsýndi á fimmtudagskvöldið.**

Þjóðleikhúsið frumsýndi síðustu sýningu hússins á leikárinu síðastliðinn föstudag eftir dramatískt æfingarferli. Tveimur dögum fyrir áætlaða frumsýningu á Hleyptu þeim rétta inn slasaðist aðalleikkonan alvarlega og tveimur vikum seinna hefur staðgengill tekið hennar stað.

Í Hleyptu þeim rétta inn er áhorfendum boðið inn í kuldalegt samfélag þar sem íbúarnir eru litlu skárri en veðrið. Miðpunktur verksins er Óskar, óhamingjusamur drengur í leit að stöðugleika. Foreldrar hans eru fjarverandi, ýmist í anda eða bókstaflega, hann er lagður í einelti af samnemendum og þroskaþrepin eru erfið. Sigurður Þór Óskarsson fer fallega með þessa litlu sál en stundum er kómíska nálgunin tekin of langt. Ógjörningur er að fjalla um frammistöðu Láru Jóhönnu Jónsdóttur án þess að nefna þann ótrúlega stutta æfingatíma sem hún hafði til að koma hinni dularfullu Elí á svið. Hún á heiður skilið fyrir þetta afrek. Samleikur hennar og Sigurðar Þórs er hugljúfur en spennuna skortir. Elí er fjarlæg og framandi en má ekki vera flöt í framsetningu. Orka Láru virðist alltaf vera á sama spennustiginu.

Þröstur Leó Gunnarsson leikur Hákon, fylgisvein Elí, en þeirra samband er flóknara en virðist í fyrstu. Þröstur Leó hefur þann einstaka hæfileika að vekja upp samúð áhorfenda, jafnvel með fyrirlitlegum persónum. Í hans höndum er Hákon ekki ófreskja heldur maður í leit að ást. Oddur Júlíusson leikur hrottann Jonna sem gerir Óskari lífið leitt. Stutt er í klisjuna en ný hlið birtist í leik Odds þegar eldri bróðir Jonna bætist í spilið. Stefán Hallur Stefánsson sýnir bæði spaugilegar hliðar og ógnvænlegar. Hallgrímur Ólafsson leikur hinn umkomulausa Mikka af næmni.

Pálmi Gestsson gerir ágætlega í hlutverki sínu sem lögreglumaðurinn Hólmberg en hann hefur ekki úr miklu að moða. Svipaða sögu má segja um Baldur Trausta Hreinsson, Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur og reyndar Snorra Engilbertsson líka. Þó finnur Baldur kærleika í vandræðalega leikfimikennaranum og Katla Margrét húmorinn í drykkjusömu mömmunni.

Erfitt er að benda á hvaðan gallarnir í handritinu eiga sér upptök en margar útgáfur eru til af sögunni um Óskar og Elí. Jack Thorne virðist hafa unnið leikgerðina að mestu upp úr höfundarverki John Ajvide Lindqvist, skáldsögunni og kvikmyndahandritinu. Of oft eru gjörðir persóna útskýrðar með orðum frekar en atferli, sumar persónur hreinlega uppfyllinefni og heildartónn verksins er óskýr.

Vandinn liggur líka í leikstjórninni en áherslurnar eru á skjön frá byrjun. Í stað þess að gefa áhorfendum tíma til að tengja við kaldranalegt umhverfi og einangrun Óskars er framvindan keyrð af stað. Selma Björnsdóttir sér um leikstjórnina og hún er einkar lunkin við að skapa eftirminnileg sjónræn augnablik á sviðinu. En vigtina skortir í hljóðlátari atriðin og of mikill tími fer í að tengja atriði saman frekar en að leyfa þeim lifa. Hvorki slagsmálaatriðin né hið alblóðuga uppgjör sýningarinnar er nægilega sannfærandi. Kannski smá skrifa eitthvað á snarpan æfingartíma en úrvinnslunni er líka ábótavant.

Umgjörðin er að mestu til fyrirmyndar. Leikmyndina hannar Halla Gunnarsdóttir og tekst einstaklega vel til. Ólafur Ágúst Stefánsson skyggir þessi köldu skúmaskot með störfínni lýsingu sem gefur leikmyndinni ógnandi blæ. Myndbandshönnun Rimas Sakalauskas er sömuleiðis tilkomumikil og hefði jafnvel mátt nýta betur. Þess væri þó óskandi að búningar Maríu Th. Ólafsdóttur skildu meira eftir sig. Högni Egilsson semur tónlist sýningarinnar en hún var alls ekki nægilega afgerandi né áhrifamikil. Hann getur miklu betur eins og heyrist á hljóðmynd hans og Elvars Geirs Sævarssonar sem er þrumandi fín. Bergmál, beinbrot og næturbrölt fylla þessa köldu veröld.

Hleyptu þeim rétta inn er þroskasaga ungs drengs þar sem skuggi vampírunnar lúrir ávallt nærri, hryllingurinn felst ekki í blóðbaðinu heldur kulda samfélagsins. Selma nær því miður ekki að halda sýningunni á gullna meðalveginum þó að sviðsetningin sé áferðarfögur. Óskar finnur ekki bara björg í utangarðsmanneskjunni Elí heldur finnur hann sjálfan sig.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Myndrík en átakalítil sýning.

# Ég heiti Sibelius og ég er alkóhólisti

TÓNLIST

**Sinfóníutónleikar**

★★★☆☆

**Verk eftir Sibelius, Rakmaninoff og Beethoven**
**Einleikari:** Alexander Romanovsky
**Stjórnandi:** Dima Slobodeniouk
**Fimmtudaginn 10. mars**
**Eldborg, Hörpu**

Það fór illa fyrir finnska tónskáldinu Sibeliusi. Hann samdi mögnuð tónverk lengi framan af, en svo tók alkóhólisminn völdin. Síðustu 35 árum ævi sinnar eyddi hann meira og minna fullur. Þá samdi hann lítið sem ekkert. Miðað við hve mikið hann drakk, þá er eiginlega alveg furðulegt að hann hafi orðið 91 árs. Hann hefur greinilega haft sterka lifur.

Ein af síðustu tónsmíðunum hans áður en hann gaf sig Bakkusi endanlega á vald var leikhústónlist, samansafn stuttra þátta fyrir Óveðrið eftir Shakespeare. Tónlistin var opnunaratriðið á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Þetta er hrífandi músík, full af myndrænni stemningu. Maður nánast sá leikritið ljóslifandi fyrir sér. Hljómsveitin spilaði af nostursemi undir vandaðri stjórn Dima Slobodeniouk. Strengjahljómurinn var hnausþykkur og munúðarfullur. Smæstu smáatriði voru fagurlega útfærð. Hver einasta hending sagði sögu.

Næst á dagskránni var æskuverk eftir Rakmaninoff. Þetta var fyrsti píanókonsertinn hans. Það leið allnokkur tími þar til einleikarinn gekk á sviðið. Kona meðal áheyrenda fékk aðsvif og kalla þurfti eftir sjúkrabíl. Kannski hafði það eitthvað að segja að óvanalega heitt var í salnum. Ég þurfti að nota tónleikaskrána sem blævæng. Vonandi líður konunni betur núna.

Þegar sjúkrabíllinn var farinn gekk einleikarinn Alexander Romanovsky ásamt stjórnandanum fram fyrir tónleikagesti og konsertinn byrjaði. Eins og áður kom fram er þetta æskutónsmíð og ekki sú besta eftir Rakmaninoff. Vissulega eru frábærir sprettir, líkt og forkunnarfögur byrjunin á öðrum kaflanum. Það versta er hins vegar óvæntur milliparturinn í síðasta kaflanum, ákaflega væmið og kjánalegt stef.

Romanovsky spilaði af miklum látum og hristi erfiðustu tónahlaup fram úr erminni. Þó vantaði nokkuð upp á uppbygginguna í túlkuninni. Best heppnaði þáttur konsertsins, annar kaflinn, fékk ekki að fæðast eðlilega, einleikarinn lagði öll spilin á borðið strax í upphafi. Fyrir bragðið var ekki nægilegt flæði í músíkinni. Það sem á eftir kom virkaði ekki eins og eðlilegt framhald. Tónlistin hefði átt að rísa smám saman, en í staðinn spratt hún á fætur fyrirvaralaust í byrjun. Tæknilega séð var píanóleikurinn ágæga flottur, en maður vill meira, skáldskapurinn þarf að vera til staðar líka.

Lokastykkið á dagskránni var skemmtilegra, fyrsta sinfónía Beethovens sem er í C-dúr en var sögð í D-dúr í tónleikaskránni. Hún er tiltölulega formföst, mun stífari en seinni verk tónskáldsins. Engu að síður má finna byltingarkenndar hugmyndir, eins og óvæntar tóntegundabreytingarnar í byrjun. Þær eru langt á undan sinni samtíð.

